VERA SÖLVADÓTTIR
*Varð sér úti um lopapeysu nágranna síns*
• tíska • heilsa • heimili
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




VELJUM ÍSLENSKT
*Hönnun, uppgerð húsgögn og hljóðfærasmíði*
Sérblaðið Veljum íslenskt
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
16. október 2008 — 283. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

**FIMMTUDAGUR**

### Sérviskulegt áhugamál



Oddur Sigurðsson jarðfræðingur hefur tekið saman bók með öllum heitum íslenskra jökla.

TÍMAMÓT 22

### Saklausir vegfarendur

Sljóleiki Seðlabankans olli því, að gjaldeyrisforðinn var ekki byggður upp í tæka tíð þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir um árabil, segir Þorvaldur Gylfason.

UMRÆÐAN 20

### Bankar til bjargar



Þorsteinn Stephensen leitar á náðir Landsbanka og Seðlabankans til að geta greitt erlendum listamönnum á Airwaves.

FÓLK 42

### Sterkir Valsarar



Íslandsmeistarar Hauka voru kjöldregnir af sterkum Valsmönnum í Vodafone-höllinni í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING** Í dag verður sunnan strekkingur á vesturhluta landsins, annars hægari. Rigning sunnan til og vestan en úrkomulítið annars staðar lengst af í dag. Hiti 3-10 stig, mildast suðvestan til.

VEÐUR 4

# Helmingurinn eftir í sjóðum bankanna

**Helmingur 260 milljarða króna sem fólk setti í peningamarkaðssjóði hefur gufað upp. Dæmi eru um að lausafé hafi verið skipt út fyrir hlutabréf í sjóðunum.**

**EFNAHAGSMÁL** Ætla má að hátt í helmingur sparnaðarins, sem landsmenn geymdu í peningasjóðum bankanna, sé enn til.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst voru um 260 milljarðar króna í heild í þessum sjóðum, innlendur sparnaður og ævisparnaður fólks í sumum tilvikum. Um 120 milljarðar munu enn vera í sjóðunum.

Sjóðirnir voru settir saman með ýmsum hætti, meðal annars með lausafé. En oft voru þar verðbréf. Í sumum tilvikum var að mestu leyti um að ræða ríkistryggð skuldabréf. Einnig skuldabréf fyrirtækja sem enn starfa, skuldabréf banka, en einnig hlutabréf, innlend sem erlend, og ekki síst hlutabréf í Kaupþingi, Landsbanka og Glitni, sem nú eru með öllu verðlaus.

Mjög er misjafnt hvernig sjóðirnir voru samsettir. Til að mynda voru um 60 prósent í einum sjóði Landsbankans byggð á hlutabréfum í bönkum. Þessi sextíu prósent eru horfin. Þá má minnast sjóðs níu hjá Glitni, en uppistaðan í honum var bréf útgefin af Stoðum, sem fóru í greiðslustöðvun, samfara eiginlegri þjóðnýtingu Glitnis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja stjórnvöld að borið hafi á því í einhverjum tilvikum að vegna lausafjárþurrðar sem Landsbankinn glímdi við, hafi hann sett hlutabréf í stað lausafjár sem þar var. Þetta sé bundið við Landsbankann.

Óvíst er hvernig farið verður með sjóðina. Heimildir Fréttablaðsins herma að vilji sé fyrir því hjá stjórnvöldum að upphæðir sem enn finnast í þessum sjóðum verði bundnar í einhvern tiltekinn tíma. Það verði þó ekki lengi.

Búist er við því að í dag verði tilkynnt um hvernig málefni sjóðanna standa og til hvaða ráðstafana ríkisstjórnin hyggst grípa.

**- ikh, kóp**



**FÖGNUÐUR** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari í knattspyrnu fagnar hér 1-0 sigri á Makedóníumönnum á Laugardalsvelli í gær. Þetta var fyrsti sigur Ólafs og lærisveina í undankeppni heimsmeistaramótsins. **Sjá síðu 36 og 37.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bókaútgefendur uggandi vegna slælegra skila smásala:

# Ræða um stofnun bóksölu

**VIÐSKIPTI** Bókaútgefendur eru farnir að kasta á milli sín hugmyndum um að stofna eigin bóksölu. Um óformlegar hugmyndir er að ræða en illa hefur gengið að fá greitt frá smásölum.

„Þetta er nú bara eitthvað sem hefur flogið fyrir og menn hafa kastað á milli sín án allrar ábyrgðar," segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda. Hann segir allsendis óvíst hvort menn ræði hugmyndina nokkuð frekar, hvað þá hvort eitthvað verði úr henni.

„Menn eru bara almennt uggandi vegna efnahagsástandsins eins og allir aðrir. Bókaútgefendur hafa átt í erfiðleikum með að fá greitt frá smásölum, en hafa verið að leysa það hver í sínu horni, án aðkomu félagsins. Þessi hugmynd er bara ein af mörgum sem menn kasta fram yfir kaffibolla þegar ástandið er rætt."

Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að menn séu uggandi yfir jólabóksölunni, fyrst illa gengur að fá greitt frá smásölum. Komi til þess að Félag íslenskra bóksala stofni bóksölu má gera ráð fyrir því að samkeppnisyfirvöld þurfi að taka málið til meðferðar.

**- kóp**



Forsætisráðherra Geir H. Haarde gerði athugasemdir við framferði Breta á vettvangi Natós. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Deilan við Breta:

## Klaga til Nató

**EFNAHAGSMÁL** Íslendingar hafa gert athugasemdir við framferði Breta og beitingu þeirra á hryðjuverkalögum, á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Þetta kom fram á blaðamannafundi Geirs H. Haarde forsætisráðherra í gær.

Þar upplýsti Geir að hann og Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Nató, hefðu talað saman í síma. „Nató er ekki efnahagsbandalag, það er rétt. Það var komið á framfæri í morgun [gærmorgun] athugasemdum af okkar hálfu í Natóráðinu um það að Bretar skyldu hafa beitt hryðjuverkalöggjöf gegn okkur," sagði Geir.

Hann sagði ekkert um hvort viðræður Íslendinga um stórt lán frá Rússum hefðu komið til umræðu.

**- ikh**

Bók orkumeistara selst vel:

## Gúrú Jóns róar íslenska þjóð

**FÓLK** Ferðalag að kjarna sjálfsins eftir orkumeistarann Maxine Gaudio er mest selda bókin á Íslandi í dag samkvæmt metsölulista Pennans. Jón Ólafsson, vatnsframleiðandi, hefur verið lærisveinn Gaudio í rúm tvö ár. „Það er ekki oft sem maður fær góð tíðindi þessa dagana," segir Jón og bætir við að boðskapur bókarinnar eigi afskaplega vel við íslensku þjóðina.



JÓN ÓLAFSSON

**- fgg/sjá 42**









**SPURNING DAGSINS**



*Þröstur, ætlarðu að senda Japönum tóninn?*

„Nei, en ég vildi gjarnan spila fyrir þá fagra hljómkviðu.“

Illt orðspor Íslands í fjármálakreppunni varð til þess að Sinfóníuhljómsveit Íslands þurfti að aflýsa tónleikaferð til Japans. Þröstur Ólafsson er framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar.

Efnahagsráðgjafi forsætisráðherra hættir fyrr en áætlað var:

# Tryggvi Þór hverfur á braut

**EFNAHAGSMÁL** „Við sömdum um starfslokin í mesta bróðerni og ég ber engan kala í brjósti,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson. Hann lét af störfum sem efnahagsráðgjafi forsætisráðherra í gær.

Tryggvi staðfestir að ákveðinn atburður hafi orðið til þess að hann fór fyrr en áætlað var, en hann var ráðinn til áramóta. „Já eitthvað varð til þess að ég fór, en ég hef ákveðið að tjá mig ekki um það í bili. En ég ætlaði náttúrlega að vera lengur.“

Tryggvi Þór segir að sagan verði að dæma hvort réttar ákvarðanir hafi verið teknar í þeim darraðardansi sem þjóðin hefur stigið.



**HÆTTUR** Tryggvi Þór hefur látið af störfum sem efnahagsráðgjafi forsætisráðherra.

Þegar gagnrýni hagfræðinga, eins og Ólafs Ísleifssonar, um að þjóðnýting Glitnis hafi verið þúfan sem velti hlassinu af stað er borin undir Tryggva segir hann: „Það er alveg sanngjörn spurning, en eðli málsins samkvæmt get ég ekki úttalað mig sérstaklega um það.“

Geir H. Haarde sagði á blaðamannafundi í gær að samstarfið hefði ekki gengið upp. „Við komum okkur saman um það, við Tryggvi Þór, í dag [gær] að samstarf okkar hefði því miður ekki gengið sem skyldi að því leyti til að við teldum eðlilegt að halda því áfram. Við komum okkar því saman um að eðlilegt væri að hann hætti og ég vil þakka honum góð störf bæði fyrir mína hönd og ráðuneytisins.“ **- kóp**

Rússar um íslenska ríkið:

# Þekkt fyrir aga í fjármálum

**EFNAHAGSMÁL „Alexey Kudrin fjármálaráðherra og samstarfsaðilar hans gera sér grein fyrir því að Ísland er vel þekkt fyrir mikinn aga í ríkisfjármálum. Ef lánið verður veitt mun Rússland hjálpa NATO-ríki fjárhagslega, sem þeirra helstu bandamenn hafa ekki viljað aðstoða,“ segir í frétt á vef rússneska ríkissjónvarpsins í gær í tilefni ferðar samninganefndar Íslands til Rússlands.**

**Í fréttinni er rætt um slæma fjárhagsstöðu Íslands. Um íslensku Kauphöllina og að Íslendingar neyðist til að hamstra matvæli.** **- kg**

Nýi Landsbankinn:

# Enn ósamið við starfsmennina

**ATVINNUMÁL** Enn hefur ekki verið gengið frá ráðningarkjörum um 1.100 starfsmanna sem boðið hefur verið starf í Nýja Landsbankanum. Aðeins launakjör yfirstjórnenda bankans eru frágengin.



**ELÍN SIGFÚSDÓTTIR**

„Fólki verða boðnir nýir ráðningarsamningar. Við erum komin í allt annað umhverfi og semjum um laun á þeim forsendum sem rekstrargrundvöllur þessa nýja fyrirtækis segir til um. Það er fullt af fólki sem heldur sínum kjörum en svo eru aðrir sem geta tekið breytingum,“ segir Atli Atlason starfsmannastjóri. Hann segir að bankinn hafi tíma til mánaðamóta til að ganga frá ráðningarmálunum. Um 300 starfsmönnum Landsbankans hér á Íslandi var ekki boðið starf í nýja bankanum. **- gar**

Belgar óttast um sparifé sitt:

# Belgar bjóðast til að aðstoða

**EFNAHAGSMÁL Þúsundir Belga óttast um sparnað sinn í Kaupþingi. Forsætisráðherra Belgíu, Yves Leterme, hyggst koma hingað til lands á föstudag til að ræða við Geir Haarde forsætisráðherra um hvernig Belgar geti orðið Íslendingum að liði.**

**Samkvæmt Guardian mun Didier Reynders fjármálaráðherra hafa greint blaðamönnum í Brussel frá því að ríkisstjórn Belgíu sé reiðubúin að koma Kaupþingi til aðstoðar svo tryggja megi innstæður belgískra viðskiptavina að fullu. Ríkisstjórnin í Belgíu hefur þegar komið tveimur þarlendum bönkum til aðstoðar.** **- kdk**

# Spornað við bölmóð með frísvæðum

**Umræða um efnahagshremmingarnar getur aukið á kvíða og áhyggjur. Verslanir takast á við þetta með því að stofna til sérstakra efnahagsumræðufrísvæða. Tvær bókabúðir hafa tekið upp þetta skipulag með góðum árangri.**

**MANNLÍF** Nokkrir vinnustaðir á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið upp það skipulag að banna umræður um efnahagsmál á vissum svæðum. Verslunarfyrirtækið Penninn hefur tekið upp þetta fyrirkomulag á skrifstofum sínum í Glæsibæ og einnig í öllum verslunum.

„Þegar þessar efnahagshremmingar skullu á urðu allir hræddir og áhyggjufullir,“ segir Guðríður Sigurðardóttir starfsmannastjóri. „Og vissulega var mikið rætt um þetta enda höfðu menn varla við að taka á móti nýjum tíðindum á netmiðlunum. Svo þegar fólk kemur heim þá hljómar þetta í útvarpi og sjónvarpi svo það er varla nokkur undankomuleið. Og ég fann það hvernig áhyggjurnar stigmögnuðust hér á vinnustaðnum eftir því sem á leið. En þegar við byrjuðum á þessu fannst mér eins og fólki væri nokkuð létt. Kannski ekki endilega vegna frísvæðanna sjálfra heldur vegna þess að því finnst þægilegt að vita að við erum að glíma við þetta með þeim eftir bestu getu.“

Hún segir markmiðið ekki að fá fólk síður til að leita sér upplýsinga um ástandið en hún mælir með því að fólk geri það í minni skömmtum. „Þótt einhver taki púlsinn á stöðunni tvisvar á dag, einu sinni snemma dags og svo að kvöldi, þá ættu menn að geta verið ágætlega upplýstir,“ útskýrir hún.

Það var Kristján Freyr Halldórsson vefverslunarstjóri sem kom með hugmyndina eftir að hafa heyrt af þessu í útvarpinu.

Í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi, sem Penninn rekur, eru slík efnahagsumræðufrísvæði, eins og þau eru kölluð. Elsa María Ólafsdóttir verslunarstjóri segir þau hafa reynst afar vel. „Og þegar kreppan er afstaðin væri ekki úr vegi að hafa svona svæði áfram þar sem bannað er að brydda upp á einhverju sem niðurdrepandi er að tala um,“ segir hún og hlær. Þó að kaffistofan sé orðin að efnahagsumræðufríu svæði hefur ekki þurft að víkja neinum þaðan út en þó hafa nokkrir fengið áminningu,“ segir hún kankvís.

**jse@frettabladid.is**



**Á EFNAHAGSUMRÆÐUFRÍSVÆÐI Í SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI PENNANS** Lára Aðalsteinsdóttir, Jóhann Gunnarsson, Guðríður Sigurðardóttir, Berglind Guðjónsdóttir og Kristján Freyr Halldórsson með Fríðu dóttur sína í fanginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þótt einhver taki púlsinn á stöðunni tvisvar á dag, einu sinni snemma dags og svo að kvöldi, þá ættu menn að vera ágætlega upplýstir.
>
> **GUÐRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
> VERSLUNARSTJÓRI



**Á KAFFISTOFUNNI** Mikael Lind og Elsa María Ólafsdóttir eru ekki að ræða efnahagsmálin því slíkt er ekki heimilt á kaffistofunni þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svört skýrsla um bankana:

# Krefst svara um leyniskýrsluna

**EFNAHAGSMÁL** „Ég vil fá svör um hvort það sé rétt og ef svo er þá hvers vegna ekki var brugðist við upplýsingunum,“ segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Á Alþingi í gær kallaði hún eftir upplýsingum um skýrslu tveggja breskra hagfræðinga um íslenska bankakerfið sem skrifuð var fyrir Landsbankann snemma á þessu ári. Í henni var varað mjög við varasömu viðskiptaumhverfi. Annar hagfræðinganna, Willem H. Buiter, prófessor við London School of Economics, fullyrðir á bloggi sínu að niðurstöður skýrslunnar hafi meðal annars verið kynntar fulltrúum fjármálaráðuneytisins og háskólanna í sumar. Katrín segist munu kalla eftir frekari svörum um málið á Alþingi. **- kdk**

Lífeyrissjóðir og Kaupþing:

# Óska formlega eftir viðræðum

**VIÐSKIPTI Fimm lífeyrissjóðir hafa óskað eftir formlegum viðræðum við stjórnvöld um kaup á innlendri starfsemi Kaupþings, og hugsanlega hluta annarrar starfsemi.**

**Fjármálaeftirlitið staðfestir að borist hafi formleg ósk, en segir ekkert annað. Talið er brýnt að „Nýja“ Kaupþing verði til í síðasta lagi á föstudag eða mánudag. Því sé skammur tími til stefnu að ljúka viðræðum við sjóðina.**

**Lífeyrissjóðirnir hafa rætt um að eiga 51 prósents hlut og eiga bankann í samstarfi við fjárfesta, sem ekki hafa verið nefndir.** **- ikh**




Viðskiptaráðherra segir nauðsynlegt að semja við Breta og Hollendinga:

# Pólitískur veruleiki Icesave

**VIÐSKIPTI** „Við gætum alveg farið þá leið og tekið einhver misseri og ár til að reka málið fyrir dómstólum,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um Icesave-reikninga Landsbankans í Hollandi og Bretlandi, á blaðamannafundi í gær.

Fram hefur komið að stjórnvöld hafa samið við Hollendinga og ræða við Breta vegna málsins.

Stefán Már Stefánsson lagaprófessor og Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður, skrifuðu í Morgunblaðið í gær að stjórnvöld ættu að kanna allan lagagrundvöll áður en gengið verði frá samningum um hugsanlegar hundruða milljarða króna greiðslur.

Björgvin sagðist ekki hafa rekist á neitt rangt í greininni.

„En í svona samningaviðræðum hljótum við að þurfa að gera okkur ansi hratt grein fyrir því hverjar hinar þjóðréttarlegu skuldbindingar eru og setja þetta í samhengi við hinn pólitíska veruleika sem við erum í núna.“ Einhvern veginn þurfi að ná sátt um málið „til að geta haldið áfram að byggja Ísland upp í samstarfi við alþjóðasamfélagið en ekki í köldu stríði þar sem er búið að frysta okkur úti“.



Viðskiptaráðherra Björgvin G. Sigurðsson segir að dómstólaleiðin gæti tekið nokkur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Stefán og Lárus halda því enn fremur fram að Tryggingasjóður innistæðueigenda eigi ekki að ábyrgjast meira en sem nemur eign sjóðsins hverju sinni. Nú eru 19 milljarðar króna í sjóðnum. Samkvæmt lögum um sjóðinn á hann að ábyrgjast að lágmarki 20.887 evrur hjá hverjum innistæðueiganda.

Hafi hver eigandi Icesave verið með slíka upphæð á reikningi sínum má ætla að heildarupphæðin fari yfir 1.000 milljarða króna.

Viðskiptaráðherra hefur sagt að stjórnvöld kynnu að þurfa að ábyrgjast 600 milljarða. Eigur Landsbankans í Bretlandi gætu dugað fyrir því að mestu. **- ikh**



Græn skref í Reykjavík
BURT MEÐ NAGLANA
GOTT FÓLK
TOYO HARÐSKELJADEKK
MEIRA GRIP ÁN NAGLA
UMHVERFISVÆN, ENDINGARGÓÐ, HLJÓÐLÁT
Toyo harðskeljadekk fást í Bílabúð Benna (Vagnhöfða 23 S: 590 2000)
Nesdekk (Fiskislóð 30 S: 561 4110) og öllum betri dekkjaverkstæðum.
www.toyo.is
TOYO TIRES
Bílabúð Benna
561 4110
NESDEKK
FISKISLÓÐ 30

## GENGIÐ 15.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 109,42 | 109,94 |
| Sterlingspund | 192,55 | 193,49 |
| Evra | 149,58 | 150,42 |
| Dönsk króna | 20,066 | 20,184 |
| Norsk króna | 17,411 | 17,513 |
| Sænsk króna | 15,25 | 15,34 |
| Japanskt jen | 1,0785 | 1,0849 |
| SDR | 167,65 | 168,65 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 199,2305

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarflokkar ósammála um hvort Evrópusambandsaðild skuli rædd:

# Ólík afstaða til stjórnarsáttmála

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sagði á Alþingi á gær, að endurmeta ætti allt í samningum milli stjórnarflokkanna.

„Vissulega var ekki samið um þetta á milli stjórnarflokkanna, en nú er allt breytt. Þjóðfélagið er annað í dag en það var í gær. Allt á að vera undir; aðild að Evrópusambandinu, upptaka evru og nýting náttúruauðlindanna þar sem umhverfisstefna verður þó í forgrunni. Ekkert á að vera tabú. Allt á að skoða og endurmeta hjá stjórnarflokkunum,“ sagði Jóhanna. Fleiri Samfylkingarmenn tóku í sama streng.



**GEIR H. HAARDE** Sagði það misskilning hjá Jóhönnu að aðild að Evrópusambandinu væri á borðinu þrátt fyrir að stjórnarsáttmáli segi annað. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Geir H. Haarde var spurður út í þessi orð Jóhönnu á blaðamannafundi í Iðnó í gær. Hann sagði lítið um málið en nefndi það þó „misskilning“ hjá Jóhönnu.

Steingrímur J. Sigfússon gagnrýndi Samfylkinguna mjög. „Annar stjórnarflokkurinn hefur efni á því við þessar aðstæður að þjóna eingöngu lund sinni. Samfylkingin hegðar sér eins og stjórnarandstöðuflokkur, reynir að troða sínum hugðarefnum, eins og inngöngu í ESB inn í umræðuna nú,“ sagði Steingrímur á þingi í gær.

„ESB-veiki sumra Samfylkingarmanna skaðar okkur öll,“ sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, við sama tækifæri. - kóp

Sautján ára dæmdur:

# Skallaði pilt og nefbraut

**DÓMSMÁL** Sautján ára piltur hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að skalla annan pilt sem nefbrotnaði.

Atvikið átti sér stað á Valhúsahæð á Seltjarnarnesi. Piltarnir voru nálægt miðnætti aðfaranótt 21. júlí 2007 staddir á ofangreindum stað, þar sem safnast hafði saman hópur unglinga.

Dómurinn leit til þess að sá sem skallaði hafði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Árásin hafi verið nokkuð alvarleg og án mikils tilefnis. Á móti komi að hann hafi skýlaust játað brotið og hann sé ungur að árum. - jss

Jóhanna Sigurðardóttir:

# Verðtryggð lán einnig bætt

**EFNAHAGSMÁL Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sagði á þingi í gær að komið yrði til móts við þá sem eiga verðtryggð húsnæðislán. Áður hafði ríkisstjórnin fryst myntkörfulán.**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

**Ekki er ljóst hvernig stuðningnum verður háttað. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði á blaðamannafundi að verið væri að vinna að málinu og tillagna væri að vænta á næstunni.**

**Þá vill Jóhanna endurskoða lög sem heimila innheimtumönnum ríkisins að innheimta 75 prósent af launum þeirra sem skulda hinu opinbera.** - kóp

Björgvin G. Sigurðsson:

# Auðmenn flytji eignir heim

**EFNAHAGSMÁL** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra biðlar til siðferðiskenndar auðmanna sem eiga eignir erlendis. Hann segir þá verða að taka þátt í endurreisn og flytja eignir heim.

„Ég held að það væri mjög verðugt verkefni að setjast niður með þessum mönnum og ræða þetta sérstaklega. Þeim ber siðferðileg skylda til að koma að uppbyggingu íslenskss samfélags.“

Björgvin sagði að ef þjóðarbúið sæti uppi með eitthvað af skuldum innistæðureikninga bæri auðmönnum siðferðileg skylda til að flytja eignir heim „og ég skora á þá að gera það“. - kóp

# Rannsaka á hvort lögbrot voru framin

**Ríkissaksóknari mun kanna meint lögbrot bankanna og rannsóknarnefnd mun vinna hvítbók um málið. Þingmenn fagna rannsókn. Stjórnvöld hafa leitað til breskra lögmanna um mögulega málsókn á hendur þarlendum stjórnvöldum.**

**STJÓRNMÁL** Ríkissaksóknari mun hafa forystu um að gerð verði skýrsla um bankana og hvort þar hafi farið fram refsivert athæfi Björn Bjarnason dómsmálaráðherra mun mæla fyrir lögum um skipan sérstaks embættis sem sjái um rannsóknina og saksókn ef þörf krefur. Björn hefur óskað eftir því að skattrannsóknarstjóri, Fjármálaeftirlitið og Ríkisendurskoðun tilnefni fulltrúa í rannsóknina.

Þetta kom fram í umræðum um stöðu bankanna á Alþingi í gær. Geir H. Haarde forsætisráðherra boðar að unnin verði hvítbók um ástandið og sérstök rannsóknarnefnd skipuð. Þar er vísað til hvítbókar sáttanefndar Suður-Afríku, en þar var ríkisstjórnarferill aðskilnaðarsinna gerður upp.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði rannsókn og uppgjör við ástandið vera nauðsynlegan undanfara endurreisnar. Alþingi myndi koma að því uppgjöri.

Stjórnarandstæðingar fögnuðu fyrirhugaðri rannsókn. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, minnti á að Vinstri græn hefðu árið 2005 lagt fram frumvarp um að Fjármálaeftirlitið hugaði að áhættuþáttum í bankakerfinu, en það hefði ekki fengið hljómgrunn þá. Hann sagði að stjórnmálamenn gætu ekki skorast undan ábyrgð á ástandinu og kallaði eftir kosningum þegar um hægist.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, tók ekki undir kröfu um kosningar. Hann sagði græðgina verða að víkja úr samfélaginu og spurði hvert ástandið væri í fjármálastofnunum nú. „Er hætta á því að í hinu fallna bankakerfi séu að störfum menn sem nú standi við pappírstætarana og eyði upplýsingum? Ég spyr.“



**ALÞINGI** Umræður fóru fram á Alþingi um stöðu bankanna í gær. Rannsakað verður hvort lögbrot fóru fram í undanfara hrunsins. Hvítbók verður unnin um ástandið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagði ríkisstjórnina og stjórnkerfið hafa brugðist í heild sinni. Hann sagði fjöldamörgum spurningum ósvarað og kallaði eftir heildaryfirliti yfir eignir og skuldir bankanna.

Ljóst er að þingmenn allra flokka eru Bretum mjög reiðir fyrir framgöngu þeirra og kallað var eftir málsókn og mótmælum í alþjóðlegum stofnunum. Geir H. Haarde upplýsti að lögmannsstofa hefði verið fengin til þess að leita réttar Íslendinga vegna Kaupþings í Bretlandi. Bótakröfur kynnu að nema milljörðum punda, hundruðum milljarða króna.

kolbeinn@frettabladid.is

Hasssmygið í fólksbílnum:

# Úr gæsluvarðhaldi í farbann

**DÓMSMÁL Þýskur karlmaður á þrítugsaldri hefur verið úrskurðaður í farbann til 26. nóvember, að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.**

**Maðurinn, sem er búsettur hérlendis og sat um tíma í gæsluvarðhaldi, er grunaður um aðild að fíkniefnamáli sem kom upp á Seyðisfirði í byrjun síðasta mánaðar. Þá fannst verulegt magn fíkniefna í bíl annars Þjóðverja, um tuttugu kíló af hassi og 1,7 kíló af amfetamíni. Síðarnefndi maðurinn, sem er á sjötugsaldri, var í síðustu viku úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 18. nóvember, að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.** - jss

Þrjár vikur til kosninga í BNA:

# Forskot Obama aldrei meira

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama mældist með 53 prósenta fylgi í gær en John McCain var aðeins með 39 prósent, rétt áður en síðustu sjónvarpskappræður þeirra voru haldnar.



**BARACK OBAMA**

Dagblaðið New York Times og sjónvarpsstöðin CBS gerðu þessa skoðanakönnun. Aðrar skoðanakannanir hafa einnig sýnt ótvíræða yfirburði Obama, þótt munurinn hafi ekki verið jafnmikill.

Minna en þrjár vikur eru til forsetakosninganna 4. nóvember. Almennt var talið að kappræðurnar í nótt hefðu verið síðasta tækifæri McCains til að snúa stöðunni sér í vil. - gb






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**VÍÐA VÆTUSAMT Í KVÖLD**

Framan af degi verður rigningin bundin við sunnan- og vestanvert landið en smám saman mjakast hún til austurs og í kvöld má búast við vætu nokkuð víða á landinu. Á morgun horfir svo til skúraveðurs á landinu sunnan- og vestanverðu annars verður þurrt og bjart með köflum.




**Á MORGUN** 3-10 m/s, hvassast SA-til

**LAUGARDAGUR** 5-13 m/s hvassast NA-til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Billund | 12° |
| Ósló | 11° |
| Stokkhólmur | 11° |
| Gautaborg | 13° |
| London | 14° |
| París | 14° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Berlín | 13° |
| Alicante | 25° |
| Mallorca | 24° |
| Basel | 16° |
| Eindhoven | 13° |
| Las Palmas | 25° |
| New York | 21° |
| Orlando | 31° |
| San Francisco | 24° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Áskorun til ríkisstjórnar Íslands

**Í ljósi alvarlegra atburða** í íslensku efnahagslífi er nú afar brýnt að snúa vörn í sókn og byggja upp öfluga, trausta og arðbæra atvinnustarfsemi á Íslandi.

**Við breyttar aðstæður** er nú enn brýnna en áður að nýta auðlindir landsins og þau tækifæri sem okkur bjóðast til þess að skjóta sterkum stoðum undir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

**Bygging álvers á Bakka** við Húsavík myndi skapa þjóðarbúinu mikilvægar gjaldeyristekjur úr endurnýjanlegum orkuauðlindum Íslands og tryggja atvinnu og búsetu á Norðausturlandi til framtíðar.

**Við skorum á ríkisstjórn Íslands** að taka af skarið og gera allt sem í hennar valdi stendur til að hægt sé að taka ákvörðun um byggingu álvers á Bakka sem allra fyrst og stuðla þannig að framförum íslensku þjóðinni til heilla.

**16. október 2008**

Fyrir hönd Norðurþings
Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri

Fyrir hönd Akureyrar
Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri

Fyrir hönd Langanesbyggðar
Björn Ingimarsson sveitarstjóri

Fyrir hönd Skútustaðahrepps
Guðrún María Valgeirsdóttir sveitarstjóri

Fyrir hönd Þingeyjarsveitar
Tryggvi Harðarson sveitarstjóri

Fyrir hönd Framsóknarfélags Þingeyinga
Hjálmar Bogi Hafliðason formaður

Fyrir hönd Samfylkingarinnar í Suður Þingeyjarsýslu og Norðurþingi
Ingólfur Freysson formaður

Fyrir hönd Sjálfstæðisfélags Húsavíkur og nágrennis
Hannes Höskuldsson formaður

Fyrir hönd Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga
Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri

Fyrir hönd Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar
Magnús Þór Ásgeirsson framkvæmdastjóri

Fyrir hönd Einingar – Iðju
Björn Snæbjörnsson formaður

Fyrir hönd Framsýnar – Stéttarfélags
Aðalsteinn Baldursson formaður

Fyrir hönd Orku-Þings
Helgi Kristjánsson formaður

KJÖRKASSINN



*Telur þú líklegt að gjaldeyrisviðskipti komist í lag fljótlega?*

| | |
|---|---|
| Já | 53,3% |
| Nei | 46,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu bitur út í bresk stjórnvöld vegna ummæla þeirra um Ísland?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Félagsmálaráðherra hefur rýmkað heimildir Íbúðalánasjóðs:

# Mildar innheimtuaðgerðirnar

**VELFERÐARMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur rýmkað heimildir Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við lántakendur í greiðsluvanda. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu.

Íbúðalánasjóður hefur jafnframt mildað innheimtuaðgerðir stofnunarinnar. Frestur frá gjalddaga til sendingar greiðsluáskorunar verður fjórir til fjórir og hálfur mánuður frá elsta ógreidda gjalddaga í stað tveggja til tveggja og hálfs mánaðar áður.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Heimilt er að afturkalla nauðungarsölu gegn greiðslu þriðjungs vanskila í stað helmings vanskila áður og rýmingarferli uppboðsíbúða hefur verið lengt úr einum mánuði í þrjá. Þá hafa heimildir til greiðslufrestunar vegna sölutregðu verið rýmkaðar. Lántakendur eiga nú val um að greiða eingöngu vexti og verðbætur í tiltekinn tíma. Nýju heimildirnar koma til viðbótar eldri úrræðum, skuldbreytingum vanskila, lengingu lána og frystingu afborgana um allt að þrjú ár.

Úrræði Íbúðalánasjóðs vegna greiðsluvanda eiga við svo fremi sem lánin heyri undir Íbúðalánasjóð.

Jóhanna ætlar að leggja fram frumvarp til laga sem heimilar Íbúðalánasjóði að lengja lán um allt að 30 ár í stað 15 ára áður. Einnig verða útfærðar reglur vegna útleigu Íbúðalánasjóðs á því húsnæði sem stofnunin kann að eignast á nauðungaruppboðum til fyrri íbúa. Slík leiga yrði ávallt í takmarkaðan tíma í samræmi við hagsmuni beggja aðila.

**- ghs**

Fjórir mánuðir fyrir vanskil:

# Skal greiða 34 milljónir í sekt

**DÓMSMÁL Fyrrverandi stjórnarmaður og prókúruhafi einkahlutafélagsins Tveir + einn ehf. hefur verið dæmdur til að greiða 34 milljónir króna í sekt til ríkissjóðs vegna vangoldins virðisaukaskatts og opinberra gjalda. Hann var einnig dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi.**

**Maðurinn stóð ekki skil á virðisaukaskatti, að upphæð 16,5 milljónir króna, sem innheimtur hafði verið í rekstri félagsins. Þá stóð hann ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, samtals að upphæð 4,8 milljónir króna, sem haldið var eftir af launum starfsmanna fyrirtækisins.** **- jss**



**HERJÓLFUR Á SIGLINGU** Herjólfur er kominn úr slippnum.

Herjólfur kominn úr slipp:

# Munu sakna Óla

**SAMGÖNGUR** Ekki voru allir Eyjamenn jafnánægðir þegar Herjólfur kom heim í fyrradag eftir tveggja vikna dvöl í slippnum á Akureyri. Hann sigldi á ný í gærmorgun. Þar með misstu Eyjamenn bátinn St. Ola, eða bara Óla, sem leysti hann af.

Heiðar Hinriksson er einn þeirra sem er ánægður með Óla. „Hann er ævagamall, greyið, en hann er betra sjóskip, enda lengri en Herjólfur. Herjólfur nær því ekki að vera tveggja öldu skip. Hann situr bara ofan á öldunum.“

**- hhs**

**AUSTURRÍKI**

## Fritzl sakhæfur

Samkvæmt mati geðlækna, sem austurrísk yfirvöld kölluðu til, er Josef Fritzl, sem hefur játað að hafa lokað dóttur sína inni í kjallara húss síns í 24 ár og getið við henni sjö börn, sakhæfur. Það sé því ekkert því til fyrirstöðu að réttað verði yfir honum, þó að hann haldi því fram að hann þjáist af „alvarlegri persónuleikaröskun“.

# Seðlabankinn reynir við innlendan gengismarkað

**Uppboðsmarkaður Seðlabankans á að halda við gengi krónunnar. Viðskipti með 25 milljónir evra í gær. „Dugar á rólegum degi,“ segir prófessor, sem telur þó að teflt sé á tæpasta vað. Margir fagna „tilrauninni“.**

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands hefur stofnað uppboðsmarkað fyrir krónur.

Fyrsta uppboðið var í gær og var niðurstaða þess að gengisvísitalan telst vera 199 stig, 150 krónur í evrunni.

„Við biðjum banka og sparisjóði um að taka þátt í verðmyndun á gjaldeyri,“ segir Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri, sem segir þetta fyrirkomulag fara prýðilega af stað.

Evrópski seðlabankinn birtir gengi krónunnar frá níunda þessa mánaðar, en samkvæmt því kostar evran 305 krónur. Þá heyrir Fréttablaðið að ýmiss konar gengi sé notað í viðskiptum erlendis. Gengið í uppboði dagsins sé til að mynda ekki í gildi þegar tekið sé út úr hraðbönkum erlendis.

Eiríkur segir að Seðlabankinn hafi engin áhrif á gengisskráningu evrópska bankans. „Vonandi kemst sem fyrst stöðugleiki á okkar gengismarkað og þá hlýtur evrópski seðlabankinn að taka mið af því.“

Hann vonar jafnframt að Íslendingar geti sem fyrst afnumið takmarkanir á notkun gjaldeyris.

„Við teljum að við séum með aðeins fastara land undir fótum, því óneitanlega hefur svo ekki verið upp á síðkastið,“ segir Eiríkur og bætir því við að því miður sýni núverandi gengi veika krónu, „en við vonum og trúum því að hún styrkist en vitum ekki hvort hún eigi eftir að veikjast“.

Alls voru viðskipti með um 25 milljónir evra á uppboðsmarkaðnum í gær.



**SKIPTAR SKOÐANIR** Skiptar skoðanir eru meðal þeirra Eiríks Guðnasonar, Þórólfs Matthíassonar og Andrésar Magnússonar.

Þórólfur Matthíasson prófessor bendir á að á hverjum viðskiptadegi þurfi um 20 milljónir evra til vörukaupa. Tíu milljónir til viðbótar vegna kaupa á þjónustu. Þá þurfi „eitthvað fyrir greiðslu á vöxtum og afborgunum á lánum. Þannig að 25 milljónir evra duga á rólegum degi fyrir vörum og þjónustu.“

Nú sé einhver uppsöfnuð þörf, segir Þórólfur, því viðskipti hafi verið dræm upp á síðkastið. Svo sé nú stutt í jólin. „Á móti kemur að menn halda mjög að sér höndum í innflutningi. En það er alveg ljóst að þeim, sem vilja flytja það sem eftir er af þrælsviðnum sparnaði sínum til útlanda, er ekki gefið mikið svigrúm. Ef menn fara að reyna það mun verðið á gjaldeyrinum rjúka upp úr öllu valdi. Hér er því teflt á tæpt vað.“

Ýmsir fagna aðgerð Seðlabankans. „Verkefnið er bara að styrkja krónuna. Það er mikilvægt, þótt allt sé að skreppa saman, þá verður að styrkja krónuna til að koma í veg fyrir hættu á verðbólgu,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.

„Ég hlýt að líta það jákvæðum augum að þetta sé reynt. En hlýt líka að spyrja, undir þessum kringumstæðum, hversu eðlileg verðmyndunin er,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að út af fyrir sig fagni menn þessari tilraun Seðlabankans til að mynda „eitthvert gengi. Þetta hins vegar leysir ekki þann bráðavanda sem við okkur blasir vegna gjaldeyrisskortsins. Því fleiri dagar sem líða án þess að nægur gjaldeyrir sé fyrir hendi, þeim mun fleiri fyrirtæki lenda í vandræðum.“ **ingimar@markadurinn.is**






Starfsmenn Alcan vilja endurtaka atkvæðagreiðslu:

# Safna undirskriftum hjá íbúum

**HAFNARFJÖRÐUR** Starfsmenn Alcan safna nú undirskriftum þar sem skorað er á bæjaryfirvöld að endurtaka atkvæðagreiðsluna frá því í fyrra. Hafnfirðingar greiddu þá atkvæði um deiliskipulagstillögu sem gerði ráð fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Tillagan var felld með innan við hundrað atkvæðum. Starfsmennirnir ganga nú milli húsa og biðja fólk að skrifa undir.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir að leikreglur lýðræðisins séu skýrar. Bæjarstjórn geti samþykkt að setja mál í atkvæðagreiðslu eins og gert hafi verið í fyrravor eða að fjórðungur atkvæðisbærra bæjarbúa óski eftir því með undirritun. „Þá ber okkur að setja málið í kosningu,“ segir hann.

„Um leið og menn skila undirskriftalistum þar sem þessum skilyrðum er fullnægt eru málsmeðferðarreglur skýrar. Okkur ber að virða þessar óskir. Það er bæjarstjórnar að ákveða kjördag. Hann má ekki vera fyrr en fjórum vikum eftir að þessi ákvörðun er tekin og ekki síðar en átta vikum.“



LÚÐVÍK GEIRSSON



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Hafnarfjarðar lögðu til í vikunni að bæjaryfirvöld tækju upp formlegar viðræður við álverið í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir að álverið hafi lýst yfir að það sé tilbúið til að fara í stækkun eins og í fyrra verði deiliskipulagið samþykkt. „Þeir standa við þetta og vilja fara út í það,“ segir hún.

Aðeins þarf undirskriftir um 4.500 atkvæðisbærra Hafnfirðinga til að atkvæðagreiðslan verði endurtekin.

**- ghs**



**VIÐ HRAÐAMÆLINGAR** Lögreglan á Hvolsvelli stöðvaði rútu fulla af farþegum á 115 kílómetra hraða í gær.

Hraðamælingar á Hvolsvelli:

# Rúta í hraðakstri

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Hvolsvelli stöðvaði í gær litla tuttugu manna rútu fyrir hraðakstur. Rútunni var ekið á 115 kílómetra hraða eftir veginum milli Hvolsvallar og Hellu.

Lítið virðist þó vera um að ökumenn kitli pinnann þessa dagana. Lögreglumenn víða um land segjast finna vel fyrir minnkandi hraða í umferðinni. Ber þeim saman um að hærri sektir spili þar inn í. Hugsanlega megi einnig rekja minni hraða til þess að ökumenn hugi nú frekar að sparakstri en hraðakstri. **- hhs**

**VERSLUN**

## Bónus í Hús iðnaðarins

Hægt verður að opna Bónusverslun í Húsi iðnaðarins á Hallveigarstíg eftir að byggingarfulltrúinn í Reykjavík veitti fasteignafélaginu Landic Property leyfi fyrir nauðsynlegum breytingum.

# Haust útsala

# 30-50%

afsláttur

## af völdum vörum

Gildir til 16-19. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hver var á þriðjudaginn valinn besti knattspyrnumaður Íslands frá árinu 1946?*

**2** *Hversu háa fjárhæð hyggst Seðlabankinn taka að láni hjá seðlabönkum Danmerkur og Noregs?*

**3** *Hvaða þýski leikari hefur verið tilnefndur sem forsetaframbjóðandi þýska vinstriflokksins Die Linke?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42.

Hallgrímur Helgason rithöfundur eyddi viku í Rússlandi við bókakynningar :

# Bíllinn þarf ekki að vera nýr

**EFNAHAGSMÁL** „Allir sem ég hitti hér, hvort sem það voru stúdentar eða lestarstjórar, vildu ræða um ástandið á Íslandi og mögulega aðstoð Rússlands. Allir virtust vita um þetta. Þetta virðist vera heimsfrægt fyrirbæri," segir Hallgrímur Helgason rithöfundur, sem er á heimleið frá Moskvu eftir vikulanga dvöl. Bók Hallgríms 101 Reykjavík kom út í rússneskri þýðingu í vikunni, ásamt bókinni Stormur eftir Einar Kárason, sem var með Hallgrími í för í Rússlandi.

Hallgrímur segir ferðina hafa verið stórkostlega að mörgu leyti, enda hafi hann aldrei fyrr komið til Rússlands. Þó hafi reynst erfitt að vera að heiman meðan atburðir síðustu viku í efnahagslífinu áttu sér stað. „Við reyndum að fylgjast með eftir bestu getu en klukkutími á internetinu kostaði tólf þúsund kall á hótelinu. Við leituðum því annarra leiða. Flestum sem ég ræddi við leist vel á að veita Íslandi aðstoð enda eru Rússar kurteisir og gestrisnir," segir Hallgrímur.

Hann segir Íslendinga geta lært ýmislegt af Rússum. „Landið er svoítið eins og Vesturlönd voru áður en frjálshyggjan tók völdin. Fólk er afslappað og gerir sér grein fyrir því að bíllinn þeirra þarf ekki að vera frá því í fyrra. Ég sá meira að segja gamla Moskóvitsja í umferðinni," segir Hallgrímur og hlær við. **- kg**



**ERFITT** Hallgrímur ætlar að láta það verða fyrsta verkið að taka púlsinn á stemningunni á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ferðafélag Íslands:

## Býður í bjartsýnisgöngu

**ÚTIVIST** Ferðafélag Íslands efnir til fjölskyldu- og bjartsýnisgöngu næstkomandi sunnudag, 19. október, klukkan 14.00.

Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir að taka þátt í göngunni.

Í tilkynningu Ferðafélagsins segir að þegar vandi steðji að sé fátt betra en að ganga með fjölskyldunni í góðra vina hópi úti í íslenskri náttúru.

Lagt verður upp frá bílaplaninu við Mógilsá og gengið eftir göngustígum upp í hlíðar Esjunnar. Boðið verður upp á veitingar þegar niður er komið. **- kg**

Arftaki staðfestir:

## Haider var ölvaður undir stýri

**AUSTURRÍKI, AP Austurríski stjórnmálamaðurinn Jörg Haider var drukkinn undir stýri þegar hann fórst í bílslysi á laugardaginn var. Þetta staðfesti Stefan Petzner, arftaki Haiders sem leiðtogi hægriflokks þjóðernissinna.**

**Haider var einn umdeildasti stjórnmálamaður Austurríkis vegna andúðar sinnar á útlendingum og samúðar sinnar með nasistum. Hann hafði þó dregið mjög úr yfirlýsingum í þá átt og gekk árið 2005 úr Frelsisflokknum, sem hann sjálfur stofnaði, og stofnaði annan hægriflokk þjóðernissinna. - gb**



JÖRG HAIDER

Löggæsluvélar á vegum úti:

## Hraðamyndir ekki sendar með tölvupósti

**LÖGREGLA** Bannað er að senda myndir af ökumönnum úr hraðamyndavélum lögreglunnar á tölvupósti til eiganda viðkomandi ökutækis. Í áliti Persónuverndar kemur fram að ríkislögreglustjórinn vinni að verklagsreglum um meðferð mála þegar löggæslumyndavélar skrá ætluð hraðakstursbrot. Fjöldi skráðra brota hlaupi nú á þúsundum. Úrvinnsla gagna úr myndavélunum mæði mikið á lögreglunni sem telur það mundu einfalda vinnuna mikið ef ljósmynd af ökumanni í hraðakstri fylgdi fyrstu tilkynningu til skráðs eiganda og vill jafnvel senda slíka mynd með tölvupósti ef eigandi ökutækisins óskar. Persónuvernd segir í lagi að senda slíkar myndir á pappír en of áhættusamt út frá sjónarmiðum um einkalíf sé að senda þær með tölvupósti. **- gar**



**VARAÐ VIÐ HÁSKAAKSTRI** Eigendur ökutækja eiga að benda á ökumann sem myndaður hefur verið af löggæsluvél.



**SÁ GULI DREGINN ÚR SJÓ** Viðskiptavinir Iceland Seafood hafa sagst ekki snúa við Íslendingum baki þótt það gefi á bátinn.






# Halda tryggð við íslenskan sjávarútveg

**Iceland Seafood fær skilaboð frá viðskiptavinum að ekki verði snúið við þeim baki þótt illa blási um þessar mundir. Forstjórinn segir ekkert að óttast við lán frá Rússum sem reynst hafa Íslendingum vel.**

**VIÐSKIPTI** Á sama tíma og ímynd Íslands bíður hnekki vegna hruns bankakerfisins og þess tjóns sem af því hefur hlotist fær Iceland Seafood ómetanlegan stuðning frá sínum helstu viðskiptavinum.

Þetta segir Benedikt Sveinsson, forstjóri fyrirtækisins, sem nú er staddur í Prag en þar fer fram alþjóðleg ráðstefna sem ber heitið Ground Fish Forum. „Hér eru forystumenn helstu sjávarútvegsfyrirtækja heims og við Íslendingar fáum mikla athygli hérna vegna umræðunnar síðustu daga," segir hann. „Og við höfum fengið að finna fyrir miklum stuðningi frá okkar kollegum. Þeir segja einfaldlega; „þið hafið verið lengi í bransanum; staðið ykkur vel, verið duglegir og heiðarlegir svo við snúum ekki baki við ykkur heldur styðjum svo langt sem við getum." Það er ómetanlegt að heyra þetta á þessum erfiðu tímum."

Benedikt segist þó síður en svo vera að gera lítið úr þeim vanda sem að steðjar meðan gjaldeyrisviðskipti við Ísland eru í lamasessi og viðurkennir að þetta geri fyrirtækinu erfitt fyrir. „Við þurfum alveg greinilega hjálp og þá er það bara að sækja hana," segir hann. „Og ef einhverjum þykir undarlegt að við skulum þiggja hana frá Rússlandi þá væri mönnum hollt að minnast þess að Rússar eru gamlir og góðir viðskiptavinir okkar. Til dæmis voru gerðir við þá samningar í byrjun sjötta áratugarins og eftir þeim var unnið í tæp fjörutíu ár. Þá seldum við þeim fisk, lagmeti, ullarvörur og sitthvað fleira en keyptum af þeim meðal annars olíu, timbur og Löður. Þetta voru frábær viðskipti svo við ættum ekkert að óttast þetta lán frá þeim jafnvel þótt eitthvað kunni að hanga á spýtunni." **jse@frettabladid.is**

### ÍSLAND FÆR MITT ATKVÆÐI

„Við reynum að vera jákvæðir, halda haus og stunda viðskipti eins og ekkert hafi í skorist," segir Gavin Bee, sem er sölustjóri Iceland Seafood í Bretlandi. Hann segist ekki verða var við neikvætt viðhorf gagnvart Íslandi þó að vissulega hafi ástandið þar gert vinnuna erfiðari. „Og mitt persónulega álit er það að Ísland verði sterkara eftir þessar þrengingar. Ég segi við alla að þjóð sem getur komið sér fyrir í trédöllum með segli og komið sér frá Noregi til Íslands fær mitt atkvæði."



GAVIN BEE



RISA
ÚTSALA
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
Á HAUSTÚTSÖLU ÁRSINS Í SMÁRALIND
OPIÐ Í DAG
11-21
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000



**Í HLUTVERKI KRISHNA** Þessi ungi drengur á Sri Lanka var klæddur upp í hlutverki hindúaguðsins Krishna á trúarhátíð fyrr í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Finnsk sveitarfélög geta tapað milljörðum króna á viðskiptum við Kaupþing:

# Ein borgin tapar milljörðum

**FINNLAND** Finnsk sveitarfélög eiga á hættu að tapa samtals um 23 milljónum evra á viðskiptum sínum við Kaupþing í Finnlandi í haust, eða sem nemur tæplega 3,5 milljörðum íslenskra króna. Þetta kemur fram í finnska viðskiptablaðinu Kauppalehti.

Sveitarfélagið Espoo í Finnlandi, sem er eitt af fjölmennustu sveitarfélögunum í landinu, getur tapað mestu eða 15 milljónum evra, sem samsvarar um 2,2 milljörðum króna.

Peningar Espoo áttu að vera í bankanum frá 29. september til 13. október. Finnska fjármálaeftirlitið stöðvaði starfsemi bankans 8. október og hefur sveitarfélagið ekki getað fengið peningana endurgreidda. Unnið er að skýrslu um stöðu bankans í fjármálaeftirlitinu.

„Við getum ekki sagt neitt um þetta. Þróunin er ekki í höndum borgarinnar. En þetta hefur ekki áhrif á fjárhagsáætlun borgarinnar sem verður kynnt í nóvember,“ segir Satu Tyry-Salo upplýsingafulltrúi í Hufvudstadsbladet.

Espoo á um 520 milljónir evra í sjóðum auk þess sem fjárfestingar hafa lækkað í verði. Reijo Tuori, fjármálastjóri borgarinnar, vill ekki spá fyrir um hvert tapið verður vegna Kaupþings. „Við bíðum og sjáum. Við vitum ekki hvort þetta verður fjármálakreppa til lengri tíma eða hvort sér fyrir endann á henni. - ghs



**GETA TAPAÐ** Finnsk sveitarfélög eiga á hættu að tapa 3,5 milljörðum króna á viðskiptum við Kaupþing í Finnlandi. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki.

Átök Kambódíu og Taílands:

# Skipst á skotum í klukkustund

**KAMBÓDÍA, AP** **Að minnsta kosti einn kambódískur hermaður féll og annar særðist í átökum við taílenska herinn í gærmorgun á landamærum ríkjanna, þar sem deilur um legu landamæranna hafa valdið vaxandi spennu undanfarið.**

**Átökunum lauk á innan við klukkustund. Kambódíuher segist hafa handtekið tuttugu taílenska hermenn og fimm hafi særst.**

**Deilurnar snúast um þúsund ára gamalt musteri á landamærunum og hvoru megin musterisins landamærin liggja. Musterið hefur lengi haft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.** - gb

## ÁRÉTTING



Í frétt um samning bæjaryfirvalda í Hveragerði við Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem birtist í Fréttablaðinu þann 9. október birtist mynd af heilbrigðisstarfsmanni við bólusetningu. Myndin tengdist ekki efni fréttarinnar beint en á henni sést Sólbjörg Sólversdóttir hjúkrunarfræðingur sem starfar hjá Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík. Ásamt Sólbjörgu er Þóra Birna Ásgeirsdóttir, einnig starfsmaður Heilsuverndarstöðvarinnar, á myndinni.

Málþing um lífrænan landbúnað:

# Jákvæð ímynd og aukin vörugæði

**NEYTENDUR** Lífrænn landbúnaður, sparnaður í aðföngum, hærra afurðaverð, jákvæð ímynd og aukin vörugæði er yfirskrift málþings um lífrænan landbúnað sem haldið verður í Dalvíkurskóla laugardaginn 18. október.

Á málþinginu verður meðal annars fjallað um skilyrði fyrir lífrænan landbúnað á Íslandi, hver hagur bænda er af lífrænni vottun, reynslu bænda og áhrif lífrænnar vottunar á starfsemi ferðaþjónustu. Í tilkynningu frá aðstandendum málþingsins segir að lífrænar aðferðir séu nú í vaxandi mæli teknar upp í ræktun og vinnslu landbúnaðar og náttúruafurða víða um heim. Margt komi þar til, meðal annars umhverfis- og heilsufarsvandamál sem rakin eru til efnanotkunar og iðnvædds búskapar. - ovd



**LÍFRÆN RÆKTUN** Kröfur neytenda um örugg og heilnæm matvæli er meðal hvata fyrir lífrænar aðferðir í ræktun og vinnslu landbúnaðar og náttúruafurða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Klámeinelti barna færist enn í aukana

**Yfirmaður forvarnadeildar lögreglunnar segir það einelti sem börn stunda á netinu mjög ljótt. Uppi eru mál, þar sem gerendur nota svæsnar dýraklámmyndir til að níðast á jafnöldrum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er ljót og mjög særandi birtingarmynd á einelti,“ segir Eiður H. Eiðsson, yfirmaður forvarnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þar á hann við ellefu ára börn sem nota klámsíður á netinu til að níðast á jafnöldrum sínum.

Þetta athæfi færist enn í aukana ef eitthvað er, að sögn Björgvins Björgvinssonar yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Í síðustu viku fengum við eitt slíkt mál tengt grunnskóla í borginni og tvö í vikunni þar áður,“ segir Björgvin.

Eins og Björgvin greindi frá í Fréttablaðinu fyrir skömmu höfðu börn, á aldrinum 11 til 13 ára, orðið uppvís að því að nota svæsnar klámmyndir til að áreita og leggja önnur börn í einelti á netinu. Kynferðisbrotadeild hafði þá fengið nokkur mál þess eðlis til rannsóknar.

Börnin fóru þá inn á svæsnar klámsíður á netinu og settu nafn annars barns, sem verið var að áreita, við mynd á síðunni. Síðan var myndunum dreift á spjallrásir sem skjali eða viðhengi. Gjarnan fylgir með í skjalinu að þetta sé vefsíða barnsins sem myndirnar eru merktar og því bætt við að það sé á kafi í klámi ásamt öðrum rætnum athugasemdum.

Að sögn Björgvins eru nú farin að berast á borð lögreglu mál þar sem börn iðka að setja andlit annars barns í stað þess sem sést á klámmyndum og dreifa á netinu.

„Þetta er greinilega gert í þeim tilgangi að lítillækka viðkomandi eða gera einhvers konar aðsúg að honum. Þau eru jafnvel farin að nota dýraklámmyndir í þessum tilgangi. Þetta hefur aukist töluvert og er einhver veruleiki sem við erum að sjá birtast í gjörðum þessara barna. Þetta geta verið mjög ljótar síður og auðvitað ljótur leikur gagnvart viðkomandi barni og fjölskyldu þess. Það sem er alvarlegast í þessu er að börnum á þessum aldri skuli vera kunnugt um hvernig eigi að nálgast svona klámsíður og hafa löngun til að skoða þær. Það bendir til þess að að grípa þurfi snarlega inn í.“

Yfirmaður forvarnadeildar segir að í tilvikum sem þessum sé rætt við viðkomandi börn og forráðamenn þeirra.

„Yfirleitt er þetta mjög mikið áfall fyrir foreldra barnanna,“ segir hann. Lögreglumenn úr forvarnadeild fara í alla grunnskóla á hverjum vetri og ræða netnotkun við nemendur. - jss



**EINELTI Á NETINU** Börn frá ellefu ára aldri nota æ svæsnari klámmyndir sem þau finna á netinu til að einelta jafnaldra sína með. Lögreglumenn úr forvarnardeild ræða við þessi börn og foreldra þeirra.




Nú er tækifærið!
Fáránlegt verð á
flottri vöru

Opið í dag
11 til 21

# GÖTU-MARKAÐUR

Allt á götumarkaði á
**500 kr. eða**
**1000 kr.**

Enn meiri
afsláttur, nú
**50-70%**
af völdum vörum

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI




Vestmannaeyjabær leggur fram áætlun til að létta róður heimilanna:

# Lækka leikskólagjöld í Eyjum

**EFNAHAGSMÁL** Vestmannaeyjabær ætlar að mæta þyngri rekstri heimila í efnahagsþrengingunum með lækkunum á gjaldskrám. Bæjarráð Vestmannaeyja hefur lagt fram áætlun í fimmtán liðum, sem gildir frá 1. nóvember næstkomandi til 1. maí 2009. Meðal þess sem þar kemur fram er að gjaldskrár á velferðasviði Vestmannaeyjabæjar verða ekki hækkaðar næstu sex mánuði; leikskólagjöld verða lækkuð um níu til tíu prósent; tekið verður upp styrktarkerfi fyrir börn hjá dagmæðrum; niðurgreiðslur vegna fæðisgjalda í grunnskóla verða auknar; ókeypis verður í sund


**ELLIÐI VIGNISSON** Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum telur að þegar kreppi að sé brýnt að standa vörð um velferðarkerfið.

fyrir yngri en átján ára og styrkur til félags eldri borgara verður hækkaður um 50 prósent.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að þegar kreppir að sé brýnt að slá skjaldborg um velferðarkerfið.

„Við teljum okkur hafa svigrúm til að ráðast í þessar aðgerðir þar sem mikils aðhalds hefur verið gætt í rekstri bæjarfélagsins undanfarin tvö ár. Við höfum náð mikilli hagræðingu í rekstri og stefna okkar er sú að hagræðingin skili sér aftur til bæjarbúa. Við höfum rætt við marga af hagsmunaðilum og vitum að bæjarbúar og fyrirtæki leggjast á árarnar með okkur í þeirri viðleitni að standa vörð um grunngildi okkar, jafnvel þótt eitthvað harðni á dalnum tímabundið.“ **- bs**

# Erlendir verkamenn flýja af landi brott

**Erlendir verkamenn munu streyma frá landinu á næstunni. Fólki er órótt vegna gengisbreytinga og stíflu í bankakerfinu, sem hamlar þeim að koma fé til fjölskyldna sinna. Búist við Íslendingar gangi í þau störf sem fylla þurfi.**

**ATVINNUMÁL** „Straumur erlends vinnuafls frá Íslandi er þegar hafinn og ef að líkum lætur mun hann einungis aukast á næstunni. Við höfum heyrt af vaxandi óróleika meðal þessa fólks. Upplýsingar því til handa eru víða af skornum skammti og allt hefur þetta sín áhrif,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Efnahagsástandið sem skapast hefur síðustu vikur er líklegt til að skila sér í fólksflótta erlends vinnuafls frá landinu. Helst er um að kenna verkefnaskorti, rokkandi gengi íslensku krónunnar og óvissuástandi í bankamálum, en margir hafa lent í vandræðum með að koma peningum til fjölskyldna sinna erlendis vegna stíflu í gjaldeyrisviðskiptum.


**JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON**

Jón Steindór segir sífellt bera meira á þeirri skoðun erlends verkafólks að ekki borgi sig lengur að starfa á Íslandi. „Fólk sem ræður sig til landsins á nokkurs konar vertíð til að græða fé snarlækkar skyndilega í launum og veit hreinlega ekki hvað það fær fyrir aurana sína. Stíflan í bankakerfinu bætir svo gráu ofan á svart.“

Hann segir íslenskt atvinnulíf á sumum sviðum vera farið að treysta mjög á útlent vinnuafl. „Til


**ERLENT VINNUAFL** Verkamenn frá Slóvakíu helluleggja við Hringbraut árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

dæmis eru dæmigerð láglaunastörf sem Íslendingar eru meira og minna horfnir frá, eins og verksmiðju- og byggingarvinna, matvælaiðja, fiskvinnsla og ýmis þjónustustörf, mjög háð erlendu vinnuafli. Ef útstreymið færist í aukana, sem allar líkur eru á, mun vanta fólk í þessi störf. Tíminn mun svo leiða í ljós hvort Íslendingar færist úr öðrum störfum yfir í þessi. Ég held að það liggi nú í eðli Íslendinga að vilja fremur vinna, ef vinnu er að fá, en að vera atvinnulausir,“ segir Jón Steindór.

Steindór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segist vel skilja áhyggjur erlends starfsfólks. „Við höfum ekki orðið vör við að erlent fólk sé að segja upp störfum sínum ennþá, en hver veit hvað gerist á morgun. Mörgum er órótt og það er brýnt að koma málum eins og gjaldeyrisviðskiptum og gengismálum í lag. Við biðjum fólk um að sýna biðlund og reynum eftir megni að útskýra stöðuna fyrir því,“ segir Steindór.

Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri ISS Ísland, sem býður meðal annars upp á hreingerningar um land allt, segir erlent starfsfólk hafa skipað 50 til 60 prósent vinnuafls innan fyrirtækisins á allra síðustu árum. „Það er vaxandi að fólk af erlendu bergi brotnu sé að hætta með skömmum fyrirvara. Okkur hefur heyrst að stefnan hjá mörgum sé að fara til Noregs, þar sjái fólk fyrir sér betri stöðu,“ segir Guðmundur.

**kjartan@frettabladid.is**

Bæjarstjórn Álftaness brýtur á lóðareiganda vegna byggingarleyfisumsóknar:

# Afgreiði umsóknina tafarlaust

**DÓMSMÁL** Bæjarstjórn Álftanes braut lög með því að fresta afgreiðslu á umsókn lóðareiganda um byggingarleyfi með vísan til þess að nýtt deiliskipulag væri í burðarliðnum.

Deilur um sjávarlóðina í Miðskógum 8 hafa verið í fréttum á síðustu misserum. Hæstiréttur telur lóðina vera byggingarlóð en bæjaryfirvöld á Álftanesi hafa talið að svo sé ekki. Eigandi lóðarinnar hafði fengið eina synjun á útgáfu byggingarleyfis enda uppfylltu uppdrættir að fyrirhuguðu húsi þá ekki skilmála deiliskipulags fyrir Skógtjarnarsvæðið. Afgreiðslu nýrrar umsóknar hans frá í apríl hefur verið frestað hjá bæjaryfirvöldum sem hafa verið að endurskipuleggja svæðið. Í ágúst kærði lóðareigandinn málsmeðferðina til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

„Úrskurðarnefndin telur að þessi frestun málsins hafi verið ólögmæt,“ segir í niðurstöðu nefndarinnar. „Hefur þessi ólögmæta málsmeðferð leitt til dráttar á meðferð málsins og má fallast á með kæranda að afgreiðsla málsins hafi dregist óhæfilega.“


**MIÐSKÓGAR 8** Forseti bæjarstjórnar Álftaness býr ofan við hina umdeildu sjávarlóð og hefur vikið sæti þegar um hana hefur verið fjallað í bæjarstjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lagt er fyrir skipulags- og byggingarnefnd og bæjarstjórn Álftaness að taka byggingarleyfisumsókn á Miðskógum 8 til efnislegrar afgreiðslu án ástæðulauss dráttar. **- gar**



# Allar flíspeysur

20% AFSLÁTTUR



59.990

**Kælir/frystir**
Amica, hvítur122x56x56 sm.
Kælir 154 ltr. frystir 17 ltr
1808306



# Húsasmiðjan í heimabyggð



1.499 ~~2.949~~

**Verkfærataska**
19" Hammer
5024623



1.399 ~~2.949~~

**Verkfærasett**
Toolux, 43 stk.
Skiptilykill toppar og skrall
5052772



1.999 ~~4.879~~

**Lyklaasett**
Cosmos, 12 stk.
8-19 mm
5099160



999 ~~1.999~~

**Tangarsett**
Toolux, 4 stk.
5052765




4.499

**Veggmálning Jotaplast**
Venjuleg plastmálning með gljástig 7,
beinhvít, 10 ltr.
7119800

METROPOL



2.990 ~~5.167~~

2.990 ~~4.279~~

4.690 ~~6.665~~

**Veggflís Negro Azabache**
23,5x33, svört glansandi
8613060

**Gólfflís Negro Azabache**
33,x33, svört glansandi
8613064

**Veggflís Lugano Blanco**
25x50, hvít mött
8610411



verð frá 6.990

7 eininga ofn
**6.990**
9 eininga ofn
**9.490**
11 eininga ofn
**11.390**

**Olíufylltir rafmagnsofnar**
1840801/03/04

Myndin sýnir
9 eininga ofn.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.
Tilboðin gilda 16 - 19 okt. eða á meðan birgðir endast.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**FBL-GREINING:** BINDISKYLDA BANKA

# Heftir útlánavöxtinn

Hugtakinu bindiskyldu hefur oft skotið upp í umræðunni um hrun íslenska bankakerfisins. Margir telja að lækkun hennar í árslok 2003, úr fjórum prósentum í tvö, hafi verið óskynsamleg og eigi sinn þátt í þeim mikla skelli sem allir Íslendingar finna nú fyrir.

### Hvað er bindiskylda?

Bindiskylda er eitt af stjórntækjum Seðlabankans til að hafa áhrif á peningamagn í umferð. Með henni skyldar Seðlabankinn banka til þess að leggja ákveðið hlutfall af innlánum inn á reikning í Seðlabankanum. Þannig geta þeir ekki endurlánað þann hluta innlánanna. Því hærri sem bindiskyldan er því minna geta bankarnir lánað. Bindiskyldan heftir því útlánavöxt.

### Hvers vegna hefur hún verið svo mikið í umræðunni?

Útlánaþenslan var hluti af þeim vanda sem þjóðin er nú í. Seðlabankinn lækkaði bindiskyldu í desember árið 2003. Það ýtti undir útlánavöxt bankanna. Bankarnir fögnuðu lækkun hennar enda virkaði hún heftandi á útlánavöxt þeirra. Ýmsir hagfræðingar töldu lækkunina hins vegar óskynsamlega þar sem hún ýtti um of undir útlánavöxt.

### Hver eru önnur stjórntæki Seðlabankans?

Hann getur keypt og selt eignir á borð við ríkisskuldabréf eða erlendan gjaldeyri. Hann getur skyldað viðskiptabanka til að liggja með ákveðið hlutfall af innlánum sem seðla og mynt. Stýrivextirnir hafa þó verið hans helsta stjórntæki undanfarin ár. Með hærri stýrivöxtum verður meira freistandi að leggja inn fé hjá Seðlabankanum heldur en að fá það lánað, sem ætti að virka letjandi á þenslu.



200 Íslendingar ætla í maraþonhlaup erlendis:

# Stefnir í met í haust

Útlit er fyrir að hátt í 200 Íslendingar taki þátt í maraþonhlaupum erlendis í haust og verður það met ef gengur eftir. Svo virðist sem menn ætli að halda sig við fyrirætlanir þrátt fyrir gengissveiflur. Þetta kemur fram í grein Sigurðar P. Sigmundssonar á hlaupavefnum hlaup.is.

Um 60 Íslendingar hlupu í Berlín í lok september og aðrir í Brussel. Töluverður hópur hleypur í Amsterdam um helgina og í New York-maraþoninu í byrjun nóvember eru tæplega 80 skráðir til hlaups. Þá er hópur Laugaskokkara á leið í maraþonhlaup í Mílanó í lok nóvember. **- ghs**


# Kraków

październik

od **24.900** kr. w jedną stronę

od **39.900** kr. w dwie strony

**Oferta specjalna dla Polaków w Islandii**

Biuro turystyczne Heimsferðir przygotowało wyjątkową promocję dla Polaków mieszkających w Islandii. Bezpośrednie loty z Islandii do Krakowa w październiku po okazyjnie niskiej cenie. Przelot w jedną lub dwie strony. Liczba miejsc ograniczona.

**24.900** Cena biletu dla 1 osoby w jedną stronę przy zakupie w Internecie. Cena zawiera już podatek. (Uwaga! Cena obowiązuje tylko w określonych terminach)

**39.900** Cena biletu dla 1 osoby w dwie strony przy zakupie w Internecie. Cena zawiera już podatek. (Uwaga! Cena obowiązuje tylko w określonych terminach)

**Keflavík-Kraków**
23 października
26 października
30 października (tylko w jedną stronę) (Keflavík-Egilsstaðir-Kraków)

**Kraków-Keflavík**
23 października
26 października
30 października (tylko w jedną stronę)

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


**FRÉTTASKÝRING:** Efnahagsvandi í Austur-Evrópu



**ÁHYGGJUR Í ÚKRAÍNU** Júlía Tymosjenko, forsætisráðherra Úkraínu, segir ríkisstjórnina vera að „gera allt mögulegt og ómögulegt“ til að halda áhrifum alþjóðlegu fjármálakreppunnar á úkraínskt efnahagslíf í lágmarki. NORDICPHOTOS/AFP

# Mörg „nýmarkaðslönd“ eiga í vök að verjast

**Með þeim aðgerðum sem stjórnvöld í stærstu efnahagsveldum heims hafa nú ákveðið að grípa til kunna þau að hafa afstýrt hruni fjármálakerfis landa sinna, en minni lönd sem ekki voru í aðstöðu til að grípa til hliðstæðra ráðstafana berjast í bökkum.**

Þetta á ekki bara við um Ísland. „Nýlega frjálsu“ ríkin í austanverðri Evrópu, sem risu úr rústum Austurblokkarinnar á síðasta áratug og hafa flest notið mikils efnahagsuppgangs síðan, eru dæmi um lönd þar sem stjórnvöld eiga nú í erfiðleikum með að grípa inn í þann neikvæða vítahring sem efnahagslífið í þessum löndum er lent í.

Úkraína er eitt þessara landa. Þar hefur fjármagn frá erlendum fjárfestum streymt út úr landinu á örskömmum tíma með þeim afleiðingum, svipað og á Íslandi, að gjaldmiðill landsins, hryvnan, hefur hrunið, verðbólga náð nýjum hæðum og bankar orðið nánast óstarfhæfir.

### Uppgangurinn í strand

Í Ungverjalandi er ástandið svipað. Gengi ungverska flórintunnar hefur hrapað um fimmtung gagnvart evru á síðustu vikum. Gengi hlutabréfa í Póllandi, sem er langstærst af fyrrverandi Austurblokkarlöndunum sem gengin eru í Evrópusambandið, hefur tekið gríðarmikla dýfu. Í Eistlandi hefur fasteignaverð fallið um 40 prósent. Í Tékklandi hafa stjórnvöld slegið á frest áformum um að einkavæða ríkisflugfélagið og að ganga í myntbandalag ESB.

Að Íslendingar skuli nú komnir til Moskvu til að semja um stórt neyðarlán er umhugsunarefni fyrir Úkraínumenn. Þar sem þeir kusu sér til forystu stjórnmálaöfl sem vilja frekar leita nánara samstarfs í vestur en að lúta vilja Moskvuvaldsins býðst þeim ekki slík hjálp úr þeirri átt.

Sumir markaðsrýnar telja að hin svokölluðu „nýmarkaðslönd“ muni geta náð sér aftur á strik á skömmum tíma þar sem mörg þeirra séu enn að hrista af sér lamandi afleiðingar áratuga



**KREPPA Í UNGVERJALANDI** Kreppan hefur látið til sín taka í Ungverjalandi.

kúgunarstjórnar kommúnista. En jafnvel þótt þetta mat reynist rétt þá blasir við að þessi lönd muni til skemmri tíma litið ganga í gegnum mikið óvissu- og sveiflutímabil, þar sem fasteignabólur springa, bankar verða gjaldþrota og neyzla almennings dregst verulega saman.

### Verðbólgan skeinuhætt Úkraínu

Anders Aslund, efnahagsmálaráðgjafi sem AP-fréttastofan vitnar til, skrifaði í júlí að efnahagsvandinn í Úkraínu væri ekki eins djúpstæður og í Rússlandi árið 1998, sem steypti því landi í alvarlega kreppu sem varði í mörg ár.

Aslund benti á að ríkisfjármál Úkraínu væru í tiltölulega góðu horfi; afgangur hefði verið af fjárlögum síðustu ár og erlendar skuldir ríkissjóðs litlar. Auk þess væri gjaldeyrisvarasjóður seðlabanka landsins vel stæður með 36 milljarða Bandaríkjadala.

En hann álítur engu að síður að Úkraína standi frammi fyrir „hörmungum“ ef ekki tekst að koma böndum á verðbólguna. Takist það ekki væri hætta á að fasteignaverð lækkaði um helming og annar hver banki færi á hausinn.

Það uppnám sem ríkt hefur í stjórnmálum Úkraínu – forsætisráðherrann Júlía Tymosjenko og forsetinn Viktor Jústsjenko hafa glímt um forræði fyrir þingi og ríkisstjórn á sama tíma og Moskvuhollum höfuðandstæðingi þeirra beggja, Viktor Janúkovítsj, hefur verið að vaxa fiskur um hrygg – hefur hamlað aðgerðum til lausnar á efnahagsvandanum í landinu.

### Byrði erlendra skulda

Um vanda Ungverja segja sérfræðingar að hann sé dæmigerður fyrir áhættuna sem fylgi því fyrir efnahag þjóðar að reiða sig um of á erlenda fjármögnun. Sex af hverjum tíu húsnæðislánum Ungverja eru í erlendri mynt, að mestu evrum og svissneskum frönkum. Ungversk heimili og fyrirtæki eru alls skráð fyrir lánum í erlendri mynt upp á minnst 45,6 milljarða evra. Ástandið í Ungverjalandi líkist þannig stöðunni á Íslandi. Rétt eins og Íslendingum er það að koma Ungverjum í koll að hafa skuldsett sig í annarri mynt en þeirra eigin. Ungversk stjórnvöld hafa unnið að því að uppfylla Maastricht-skilyrðin fyrir upptöku evrunnar en hafa átt í erfiðleikum með það. Gengishrun flórintunnar og neikvæð keðjuverkun alþjóðlegu bankakreppunnar gerir það takmark enn fjarlægara.

Grannríki Ungverjalands, Slóvenía, er öllu betur sett. Það fékk inngöngu í Evrópusambandið á sama tíma og Ungverjaland og sex önnur fyrrverandi austantjaldslönd árið 2004, en Slóvenía er eina landið í þessum hópi sem fram til þessa hefur fengið að taka upp evruna. Aðild Slóveníu að evrópska myntbandalaginu hefur reynzt efnahagslífi landsins mikilvæg vörn gegn alþjóðlegu fjármálahamförunum.

### Ríkisafskipti í nýju ljósi

Víst er, að þessi alþjóðlega fjármálakreppa og hin umfangsmiklu inngrip ríkisvaldsins í grunnþætti gangverks hins kapítalíska kerfis sem ákveðið hefur verið að grípa til í forystuveldum Vesturlanda, á eftir að draga pólitískan dilk á eftir sér. Í hinum „nýfrjálsu“ löndum hins fyrrum „sósíalíska heims“ þar sem fylgt hefur verið ströngum og á köflum sársaukafullum efnahagsumbóta- og einkavæðingaráætlunum samkvæmt forskrift frá þessum sömu ráðamönnum í vestri, er eftir því tekið að nú er allt í einu leyfilegt og reyndar talið nauðsynlegt að grípa til þess sem þeim var sagt að væri algert bannorð: ríkisafskipti af hinum frjálsa markaði.




FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

40% AFSLÁTTUR

FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR

LIFRARPYLSA 399 kr./kg. MERKT VERÐ 665 KR./KG.

BLÓÐMÖR 359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

299

KF KOFAREYKT SVEITABJÚGU

299 kr./kg. 25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 398 KR./KG.

VINSÆLUSTU BJÚGUN Í BÓNUS

# ÍSLENSKAR VÖRUR Á GÓÐU VERÐI

798

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK

798 kr./kg.

20% LÆGRA VERÐ

HEIMILISOSTUR TILBOÐ

NÚ 790 KR. ÁÐUR 987 KR.

159

MYLLU FITTY SAMLOKUBRAUÐ

500g 159 kr.

299

OMEGA EGG 12 STK.

Aðeins 299 kr bakkinn.

187

K.S INNMATUR

LAMBAHJÖRTU OG LAMBALIFUR

187 kr./kg. MERKT VERÐ 220 KR./KG.

50% AFSLÁTTUR

K.S LAMBASVIÐ

199 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.

198

BÓNUS ÍS 2 LTR. SÚKKULAÐI/VANILLA

198 kr boxið.

COKE ZERO

2 ltr.

98 kr

98

ENGINN BITI TEKINN ÚR

479

K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR

479 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

50% AFSLÁTTUR

ÍSLANDSGRÍS BAJONSKINKA

949 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

**Útgjöldin**

> Verð á flugferð frá Reykjavík til Akureyrar í ágústmánuði hvers árs.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ÞÓRHILDUR ÓLAFSDÓTTIR HÁSKÓLANEMI

## Daunill peysa í Tansaníu



„Mín verstu kaup gerði ég nýlega þegar ég var á ferðalagi um Tansaníu með kærastanum," segir Þórhildur Ólafsdóttir háskólanemi. „Þar sem við gistum í tjöldum var okkur tjáð að það gæti orðið kalt á kvöldin og því væri betra að hafa hlýjar yfirhafnir með sér. Við fórum því á götumarkað í Arusha í leit að hlýrri peysu. Við vorum augljóslega túristar og því góð skotmörk. Þetta endaði á því að upp á okkur var prangað ógeðslegri peysu í óræðum lit sem lyktaði eins og hún hefði verið dregin af rotnandi líki. Fyrir þetta borguðum við að jafnvirði 4.500 íslenskar krónur sem eru mánaðarlaun í Tansaníu. Peysan var skiljanlega aldrei notuð en er klárlega besti minjagripurinn úr ferðinni því við huggum okkur við að þótt við höfum látið fífla okkur skyldum við að minnsta kosti eftir einhverja aura í þessu fátæka landi.

Bestu kaupin eru allir þeir farseðlar sem ég hef keypt í gegnum tíðina. Það er ómetanlegt að geta ferðast um heiminn og ég hef aldrei farið í leiðinlegt ferðalag. Farseðill er ávísun á ævintýri, reynslu, skilning, breytta lífssýn og ógleymanlegar minningar."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### GÓÐUR HAFRAGRAUTUR

■ *Gísli Ásgeirsson mælir með hlaupum og hafragraut, líka fyrir köttinn.*



„Hlaup eru ódýrasta hreyfingin í kreppunni," segir Gísli Ásgeirsson hlaupari, „og ódýrasti morgunmaturinn er hafragrautur. Hafragrautur fer aldrei til spillis. Ef það verður afgangur þá bakar maður úr honum lummur. Það er hægt að gefa hafragrautinn bæði heimilisfólki og húsdýrum. Hér á bæ áttum við einu sinni tvo ketti og þeir fengu báðir hafragraut í morgunmat. Það var sko ekki verið að eyða stórfé í rándýran kattamat úr Dýraríkinu. Hafragrautur er málið í dag ef maður vill spara."

■ **Verslun**

## Freyja lækkar verð á sælgæti



Nú lyftist kannski að minnsta kosti brúnin á sælgætisgrísum. Sælgætisgerðin Freyja hefur ákveðið að draga til baka verðhækkanir sem tóku gildi í upphafi þessa mánaðar. „Með þessu móti vill Freyja ehf. leggja sitt af mörkum á þessum erfiðu tímum," er haft eftir Ævari Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Freyju, í tilkynningu sem send var fjölmiðlum. Freyja framleiðir margar tegundir af sælgæti sem eru öllum þeim sem veikir eru fyrir sætindum að góðu kunnar. Má þar nefna Rís, Hrís og Draum. Ekki má heldur gleyma Freyjukaramellunum sem sumir kalla „haltukjaftu-karamellur" þar sem þær fylla munninn og eru lengi, lengi að bráðna.

■ **Verðlaun**

## Fjöreggið veitt í dag

Fjöreggið, verðlaun fyrir lofsvert framtak á matvælasviði, verður afhent í dag í upphafi ráðstefnunnar Íslenskar matarhefðir og héraðskrásir.



Þetta er í sextánda sinn sem verðlaunin eru afhent, en sex aðilar hafa verið tilnefndir. Það eru veitingahúsið Friðrik V. á Akureyri fyrir öflugt kynningarstarf matvæla úr héraðinu, Fiskidagurinn mikli fyrir að tengja saman ferðaþjónustu og íslenskar matarhefðir, Matur, saga og menning, félag áhugafólks um mat og matarmenningu, fyrir að efla þekkingu á íslenskum mat, Ávaxtabíllinn fyrir frumkvöðlastarf sem eykur aðgengi fólks að ávöxtum, Hollt í hádeginu fyrir matseld í skólum með góðum árangri og Myllan fyrir að auka úrval og fjölbreytni í trefjaríkum brauðvörum.

Samtök iðnaðarins eru bakhjarl Fjöreggsins og gefa gripinn sem hannaður er og framleiddur af Gleri í Bergvík.

■ **Heilsa**

## Mp3-spilarar geta verið hættulegir heyrn

Vísindanefnd á vegum Evrópusambandsins varar við heyrnarskaða af völdum mp3-spilara. Þetta kemur fram í skýrslu nefndarinnar frá því fyrr í vikunni. Þá lýsti framkvæmdastjóri neytendamála hjá Evrópusambandinu áhyggjum yfir því að þeir sem noti mp3-spilara og farsíma á háum hljóðstyrk gætu óafvitandi verið að skaða heyrn sína og því sé mikilvægt að koma þessum upplýsingum á framfæri.

Ungt fólk sé í sérstökum áhættuhópi, þar sem það er í þeim hópi sem notar spilarana einna mest. Áætlað er að um 50-100 milljónir manna í aðildarríkjum sambandsins hlusti á slíka spilara á hverjum degi. Þeir sem hlusta í meira en klukkutíma á dag, á háum hljóðstyrk, eiga á hættu að hljóta heyrnarskaða eftir fimm ára notkun.



Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna, ns.is.

# Þurfa að vera í skilum til að hægt sé að semja

**Misjafnt er eftir fyrirtækjum hvort og þá hvað hægt er að gera til að létta greiðslubyrði bílalána meðan gengið er óhagstætt. Ef eitthvað er gert er það aðeins til nokkurra mánaða. Í sumum tilvikum er tíu þúsund króna gjald tekið.**



**LÆKKAR UM HELMING** Eiríkur Óli Árnason, forstöðumaður hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum, segir að viðskiptavinir geti samið um að borga bara vexti af bílaláninu. Þá lækki greiðslubyrðin um helming.

Misjafnt er eftir fyrirtækjum hvort boðið er upp á frystingu bílalána eða aðra kosti fyrir fólk sem vill semja um afborganir á erlendum bílalánum. Fyrirtækin bregðast flest vel við og bjóða fólki upp á frystingu eða aðra möguleika til að létta greiðslubyrðina meðan gengið er óhagstætt. Aðgerðin er til þriggja eða fjögurra mánaða. Mikið er spurst fyrir hjá fyrirtækjunum.

Lýsing býður upp á frystingu lána ef það er talið leysa vanda en yfirleitt er boðið upp á helmingsafslátt af greiðslunni í þrjá mánuði þannig að eitthvað sé greitt niður af höfuðstólnum og ekki bara vextir. Talið er rétt að endurskoða málið eftir þrjá mánuði.

Glitnir Fjármögnun býður upp á það að lækka fjárhæð mánaðarlegra afborgana niður í það sem greitt var fyrir ári og restin fari þá á höfuðstólinn. Þetta fyrirkomulag gildir í fjóra mánuði og er aðeins fyrir þá sem standa í skilum.

Eiríkur Óli Árnason, forstöðumaður hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum, segir að boðið sé upp á vaxtagjalddaga. Viðskiptavinurinn borgi þá ekki af höfuðstólnum heldur bara vexti af láninu. „Þá lækkar greiðslubyrðin um sirka helming," segir Eiríkur Óli.

Helga Hermannsdóttir, deildarstjóri hjá Avant, segir að Avant ætli að bregðast jákvætt við ósk ríkisstjórnarinnar um að „frysta" afborganir lána í erlendri mynt þar til ró kemst á gjaldeyrismarkað. Í ákveðnum tilvikum sé hægt að skuldbreyta lánum. Þá verði hægt að fjölga gjalddögum um fjóra þar sem vextir verði aðeins greiddir. Þessum gjalddögum verði bætt við lánum.

Kjartan Georg Gunnarsson, forstjóri SP-Fjármögnunar, segir að farið sé yfir hvert tilfelli og metið hvað hægt sé að gera. Reynt sé að leysa málin. Ef lán séu fryst sé enginn aukakostnaður tekinn. Yfir 90 prósent af viðskiptavinum standi í skilum þó að stöðugt fleiri geti ekki staðið í skilum. Hann vill að fjölmiðlar gerist bjartsýnir.

„Það hjálpar okkur alls ekki að fá umfjöllun um þetta því að hér eru allir á haus og við erum að stunda ýmsa starfsemi. Í innheimtudeild eru fjórir eða fimm starfsmenn. Ef allir fjölmiðlar fjalla um þetta og við þurfum að skuldbreyta fyrir alla þá get ég lokað skiptiborðinu því að þá koma allir hlaupandi," segir hann.

Misjafnt er eftir fyrirtækjum hvort tíu þúsund króna gjald er tekið fyrir aðgerðina. Viðskiptavinir þurfa að hafa staðið í skilum til að geta samið um aðgerðir eða koma sér í skil til þess að hægt sé að semja.

ghs@frettabladid.is

föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun

föstudagur



**Athafnakonan Íris Björk Tanya Jónsdóttir**

hefur tapað stórum fjárhæðum á kreppunni en lætur ekkert stoppa sig

Sér tækifærin alls staðar




FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

**Neytendur:** Enn fleiri jákvæð dæmi úr kreppunni:

## Lögfræðiaðstoð og smokkar



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Ekki er ónýtt, eins og þjóðfélagið er núna, að benda á eitthvað jákvætt og umfram allt ókeypis. Laufey Helga Guðmundsdóttir og Guðrún Edda Guðmundsdóttir, framkvæmdastjórar Lögfræðiaðstoðar Orators skrifa: *„Okkur langar að vekja athygli á Lögfræðiaðstoð Orators, félags laganema við Háskóla Íslands, sem er endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð í gegnum síma fyrir almenning. Opið er á fimmtudagskvöldum yfir vetrarmánuðina frá 19.30 – 22.00 í síma 551-1012. Lögfræðiaðstoð Orators er starfrækt með því sniði að almenningi gefst kostur á að hringja inn og bera upp lögfræðilegar fyrirspurnir. Lögfræðiaðstoðin leitast við að svara þeim eftir bestu getu og leiðbeina fyrirspyrjanda um næstu skref við lausn sinna mála. Svör við fyrirspurnum eru ekki hugsuð sem endanleg lausn, enda verða þau að skoðast með þeim fyrirvara að þau séu almenns eðlis. Það eru laganemar í meistaranámi við lagadeild HÍ sem sitja fyrir svörum."*

Og meira frá HÍ. Tveimur nemum á viðskiptabraut blöskraði hátt verð á smokkum á Íslandi og fengu hugmynd. Þeir selja nú smokka á lægra verði en gengur og gerist. Ódýru smokkana má panta á **www.freewebs.com/smokkagaldur**. Strákarnir vilja ekki verða þekktir sem „smokkagaurarnir" og koma því ekki fram undir nafni. *„Annar okkar stundaði nám í Bandaríkjunum í nokkur ár. Þar áttaði hann sig á þeim mikla verð- og úrvalsmunur á smokkum og hér heima. Næsta skref var að panta smokka inn að utan og selja í gegnum netsíðuna.*

*Ef við tökum verðdæmi þá kostar 12 smokka pakki yfir 1200kr út í búð, en hjá okkur 850 kr. Eftir gengisbreytingar undanfarið hafa búðir hækkað smokkaverðið. Við bjóðum uppá mest 100 stykki og kostar það 5500 kr. Samanborið við hvað slíkt magn kostaði út í búð erum við 80 prósent ódýrari. % verðmunur.*

*Smokkar eru vinsælasta getnaðarvörnin í heiminum í dag og með þeim öruggustu. Því er skrýtið hversu dýrir þeir eru út úr búð hér. Við erum að reyna að hjálpa til."*




# Breyttu druslunni í djásn í dag

Þú átt druslu sem flutt var inn á sínum tíma, fyrir verðmætan gjaldeyri. Nýtum notað í dag. Brimborg kaupir hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur: settu drusluna upp í nýrri notaðan bíl sem einnig var greitt fyrir á sínum tíma með verðmætum gjaldeyri - bíl sem eyðir minna en sá gamli.

Komdu í Brimborg í dag og nýttu notaðan gjaldeyri.

***Komdu í kaffi og kleinur***

# Nýtum notað

## Endurnýtum gjaldeyri

### Fáðu þér nýrri notaðan bíl hjá Brimborg

Nýtum notað. Nú þurfum við öll að nýta það sem við eigum og koma því í verð. Breyttu druslunni í djásn og sparaðu gjaldeyri á marga vegu. Þú endurnýtir gamla bílinn og setur hann upp í nýrri notaðan sem eyðir minna eldsneyti. Brimborg kaupir nú hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. fáir þú þér betri notaðan bíl í Brimborg.
Um leið tekur þú nokkur visthæf skref, þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Auktu öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl. Nýtum notað. Komdu í Brimborg í dag.

**Nýtum notað. Endurnýtum gjaldeyrinn okkar.**

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. Endurnýttu það sem þú átt með Brimborg.

**Nýtum notað í dag. Komdu í Brimborg.**




visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

***Komdu í kaffi og kleinur í Brimborg***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
658 **-3,01%**

**Fjöldi viðskipta:** 57
**Velta:** 45 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| EIK BANKI | +43,12% | EIMSKIPAFÉL. | -66,67% |
| ATL.PETROLEUM | +39,99% | BAKKAVÖR | -6,34% |
| ÖSSUR | +1,79% | ICELANDAIR | -2,33% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 200,14 +0,1%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,50 +0,00% ... Atorka 2,46 +0,00% ... Bakkavör 5,61 -6,34% ... Eimskipafélagið 0,50 -66,67% ... Exista 4,62 +0,00% ... Glitnir 0,00 +0,00% ... Icelandair Group 14,65 -2,33% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Landsbankinn 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 70,80 -0,42% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 85,50 +1,79%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Svíar og Danir borga hæsta skatta

Skattar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu eru hæstir í Danmörku og Svíþjóð af öllum OECD-ríkjunum, en í Danmörku eru skattar 48,9 prósent af landsframleiðslu og 48,2 prósent í Svíþjóð. Að meðaltali voru skattar í OECD-löndunum 35,6 prósent af landsframleiðslu árið 2006, en ekki eru til nýrri tölur fyrir öll lönd sambandsins.

Ísland er í áttunda sæti OECD-ríkjanna þrjátíu, en hér á landi voru skattar 41,4 prósent af þjóðartekjum. Lægstir eru skattarnir í Mexíkó, 20,5 prósent af landsframleiðslu.

OECD ber saman ánægju Dana með danskt samfélag, sem einkennist af jöfnuði, og Mexíkó þar sem skattar eru lægstir í Evrópuríkjum, og segir skattastefnu Mexíkó „koma í veg fyrir að ríkið geti fjárfest í efnislegum og félagslegum innviðum samfélagsins og þannig lagt grunninn að varanlegum hagvexti“. - msh



**NÝHÖFN** OECD bendir á að Danir séu ánægðir með jöfnuð og velferðarkerfi sem fylgi háum sköttum, meðan lágir skattar í Mexíkó haldist í hendur við fátækt og vanþróun. MARKAÐURINN/AFP

## Alþjóðaviðskipti í hættu

Vörur hlaðast nú upp á hafnarbökkum, því skortur á lánsfé og bankaábyrgðum er tekinn að hafa áhrif á milliríkjaviðskipti. Bloomberg greinir frá því að vandamálið sé hvorki framboð né eftirspurn, heldur að innflytjendur geta ekki fengið á bankaábyrgðir, sem eru grundvöllur milliríkjaviðskipta.

Umskipanir í höfnum Los Angeles, sem eru með þeim stærstu í heiminum hafa þegar dregist saman um níu prósent. Sérfræðingar sem kanadíska blaðið Financial Post ræðir við segja að samdrátturinn í lánsfé til milliríkjaviðskipta sé hinn alvarlegasti í manna minnum. -msh

## Nær hundrað sagt upp

Nýi Glitnir, félag í eigu ríkissjóðs, tók í gær við innlendum hluta af starfsemi Glitnis og tryggði þar með eðlilega bankastarfsemi og öryggi innstæðna hér á landi.

Á sama tíma var 97 starfsmönnum gamla bankans sagt upp, bæði hér heima og erlendis, en aðrir munu starfa hjá nýjum banka. Starfsmenn bankans verða eftir breytinguna um tíu sinnum fleiri.

Alþjóðleg starfsemi gamla Glitnis hefur verið skilin frá núverandi starfsemi en sú í Svíþjóð og Finnlandi verið seld stjórnendum bankans í hverju landi fyrir sig. Starfsemin í Noregi hefur verið sett í söluferli en unnið er að sölu annarra eigna bankans erlendis.

Eigið fé Nýja Glitnis verður 110 milljarðar króna sem ríkið leggur fram.

Þá hefur Birna Einarsdóttir, tekið við forstjórastólnum af Lárusi Welding, fráfarandi forstjóra, sem mun áfram starfa með skilanefnd Glitnis. - jab

# Vona að Seðlabankinn haldi áfram að lækka

**Stýrivextir voru lækkaðir um 3,5 prósent í gær og eru nú 12 prósent. Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins fagna og vona að vextir verði lækkaðir frekar. Meira og fyrr hefði verið nauðsynlegt, segir háskólakennari.**



**BANKASTJÓRN SEÐLABANKANS STINGUR SAMAN NEFJUM** Forsvarsmenn atvinnulífsins fagna því að Seðlabankinn hafi samþykkt að lækka stýrivexti um 3,5 prósent í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Næstu áhrif brota bankalífsins verða erfið og samdráttur verulegur,“ segir í rökstuðningi Seðlabankans fyrir 3,5 prósenta lækkun vaxta. Stýrivextir verða nú 12 prósent um sinn. Næsta vaxtaákvörðun á að vera 6. nóvember.

„Bankastjórn Seðlabanka Íslands samþykkir að lækka stýrivexti um 3,5%.“ Svona hljómar orðrétt yfirskrift tilkynningar sem birtist á vef Seðlabankans í gær. Yfirskriftin var leiðrétt síðar um daginn.

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri sagðist ekki vilja tjá sig um vaxtalækkunina, umfram það sem segir í tilkynningu bankans.

Þar segir. „Bankastjórnin hefur átt óformlegar viðræður við aðila vinnumarkaðarins og ýmsa fleiri að undanförnu og yfirfarið þessa alvarlegu stöðu.“ Því hafi verið ákveðið að lækka vextina.

Halldór Grönvold, skrifstofustjóri Alþýðusambandsins, segir að þrýst hafi verið á bankastjórnina að lækka vexti. „Við fögnum þessari lækkun og vonum að það komi meira.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segist ánægður með vaxtalækkunina. „Og ég vona að bankinn haldi áfram að stefna í þessa átt.“

„Þessi aðgerð er jákvæð í sjálfu sér en hefði mátt koma fyrr og stíga hefði þurft veigameira skref. Engar forsendur eru lengur til að spyrna með háum vöxtum gegn ofþenslu þegar atvinnulífið horfist í augu við samdrátt,“ segir Ólafur Ísleifsson, kennari við Háskólann í Reykjavík.

Bankastjórnin segir í rökstuðningi að umskipti hafi verið í þjóðarbúskapnum. „Íslenska bankakerfið hefur ekki staðist þá raun sem erfið markaðsskilyrði og brestur á trausti á veraldarvísu í efnahagsmálum ásamt innlendri áhættusækni hafa skapað.“

Háttsettir menn segja Markaðnum að óvenjuleg framsetning vaxtaákvörðunar skýrist fyrst og fremst af flýti. -ikh

# Lán til Glitnis fellur á þrotabú bankans

„Það var ekki unnt að greiða lánið,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis.

Glitnir átti í gær að greiða lán við Landesbank í Þýskalandi upp á 600 milljónir evra, jafnvirði 90 milljarða króna, á gengi krónunnar gagnvart evru í gær.

Þáverandi stjórn Glitnis leitaði til Seðlabankans seint í september eftir láni vegna gjalddagans en Landesbank hafði áður hafnaði endurfjármögnun Glitnis þar sem hann hafði áður lánað íslenska ríkinu. Var kvóti bankans gagnvart Íslandi fullur af þeim sökum.

Þrátt fyrir að tryggingar upp á rúma 1,3 milljarða evra hefðu verið lagðar fram var stjórninni neitað um lánið og ákvað ríkið í staðinn að kaupa 75 prósenta hlut í Glitni í skiptum fyrir afborgunina. Hlutur ríkisins var jafnhár láninu, eða 600 milljónir evra.

Af kaupum varð ekki því viku síðar voru aðstæður Glitnis og Landsbankans orðnar óviðráðanlegar og nýsamþykkt neyðarlög nýtt til að taka bankana yfir. Í gær tók svo félagið Nýi Glitnir yfir innlendar eignir gamla Glitnis.



**ÞJÓÐNÝTINGIN TILKYNNT** Lán þýska bankans Landesbank fellur á þrotabú Glitnis. Formaður skilanefndar bankans telur ólíklegt að það hafi áhrif á önnur lán ríkisins gagnvart sama banka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni segir lánið við Landesbank falla á þrotabú gamla Glitnis. Ólíklegt sé að það hafi áhrif á önnur lán ríkisins gagvart sama banka. „Við erum nú að vinna í því að koma málinu í farveg og ræða við bankamenn,“ segir hann. - jab

## Björgunaraðgerðir hafa lítil áhrif

Markaðir hafa tekið mjög fálega í björgunaráætlanir sem evrópsk og bandarísk stjórnvöld kynntu á þriðjudag. Hlutabréfaverð féll um allan heim, 3 til 5 prósent í Asíu og 6 til 7 prósent í Evrópu. Dow Jones-vísitalan bandaríska hafði fallið um 3,4 prósent á hádegi.

Talið er að ástæða lækkananna sé annars vegar að fjárfestar séu að taka út hagnað vegna hækkunar mánudagsins, en hins vegar aukinn ótti við að kreppa sé í uppsiglingu. Fréttir af 1,2 prósenta samdrætti í smásöluverslun í Bandaríkjunum í september ýttu undir þennan ótta. Smásöluverslun hefur nú dregist saman þrjá mánuði í röð, en það hefur ekki gerst síðan sambærilegar mælingar hófust, 1992.

Tilraun stjórnvalda beggja vegna Atlantshafs til að glæða millibankamarkaði og auka framboð lánsfjár virðast sömuleiðis hafa borið takmarkaðan árangur.

Vaxtamunur á Libor-millibankavöxtum og ávöxtunarkröfu öruggustu verðbréfa á markaði, bandarískum ríkisvíxlum, lækkaði aðeins um 0,09% og er enn nærri sögulegu hámarki, en þessi vaxtamunur mælir öðru fremur áhættufælni fjármagnseigenda og vilja banka til að lána peninga. - msh




# Evran hefur forðað Evrópu frá djúpri gjaldeyriskreppu

„Það er ein kreppa sem okkur hefur sem betur fer tekist að sleppa við innan evrusvæðisins og það er gjaldeyriskreppa og gengishrun ofan á fjármálakreppuna.“ Þetta segja Hans Martens og Fabian Zuleeg í nýju áliti European Policy Centre, en þeir benda á að fyrri fjármálakreppur hafi undantekningarlaust leitt til gengissveiflna og oft djúpra gjaldeyriskreppna. Spákaupmenn leggi til atlögu við gjaldmiðla landa sem talin eru glíma við fjármála- og bankakreppur, og seðlabankar neyðist til að bregðast við með háum vöxtum.

Ísland og hrun krónunnar eru sérstaklega nefnd sem dæmi því til sönnunar að litlir gjaldmiðlar auki óstöðugleika þegar fjármálakreppa skellur á.



**HÖFUÐSTÖÐVAR EVRÓPSKA SEÐLABANKANS** Myntsamstarf hefur forðað Evrópuríkjum frá gjaldeyriskreppu, sem undantekningarlaust hefur fylgt fjármálakreppum. MARKAÐURINN/AFP

Í álitinu er bent á að þótt evran hafi mildað afleiðingar yfirstandandi kreppu þurfi ríki myntbandalagsins að gera meira til að samræma viðbrögð sín. Skýrari reglur þurfi fyrir aðgerðir við áföllum í bankakerfinu, samræma þurfi allt fjármálaeftirlit, en sérstaklega sé mikilvægt að reglur um innistæðutryggingar verði endurskoðaðar.

Að lokum er skorað á þau lönd sem enn standa utan myntbandalagsins eða Evrópusambandsins að endurskoða afstöðu sína, því evran hafi sannað gildi sitt sem „uppspretta stöðugleika á viðsjárverðum tímum í óvissum heimi“. - msh

Sturtuhorn

Sturtuhurðir

Stálvaskar

Steinvölur

Baðker

# Útsala

## af lagervöru

Baðhlífar

Salerni

## allt að 50% afsláttur

Nuddklefar

Lokadagur útsölu laugardaginn 18.október

Blöndunartæki

Sturtuklefar

Eldhúsvaskar

Sturtutæki

Handsturtur

Handlaugar

**Hér færðu engar kaldar sturtur!!**

Sturtuhausar

Sýnishorn ekki seld

**Reykjavíkurvegur 64,**
**220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566**
*Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi*

**www.sturta.is allan sólarhringinn!**

sturta.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Grípa verður til aðgerða til að tryggja atvinnu.

## Hjól atvinnulífsins snúist

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Óvissa um hvað framtíðin ber í skauti sér er líklega það sem þyngst hvílir á þeim sem fyrir fjölskyldum eiga að sjá nú á tímum bankakreppu.

Sumar afleiðingar bankakreppunnar eru vissulega komnar í ljós, til dæmis hækkandi vöruverð. Flest heimili í landinu eru einnig skuldsett og hækkandi afborganir setja mark sitt á heimilisbókhaldið og þá ekki síst í þeim tilvikum að lán hafa verið tekin í erlendri mynt.

Miklu fleira er þó óljóst á þessum tímapunkti. Óvíst er að einhverju leyti um afdrif sparifjár, séreignasparnað og jafnvel greiðslna úr lífeyrissjóðum, svo eitthvað sé nefnt. Óvissa um framtíð fjöldamargra fyrirtækja í landinu og þar með atvinnu þúsunda einstaklinga er einnig mörgum þungbær.

Verkefni ríkisstjórnar Íslands eru því mörg og flókin. Margt hefur verið sagt en óljóst er um efndir. Sparifjáreigendur hafa verið róaðir með því að segja þeim að innstæður séu tryggðar, sömuleiðis hefur séreignasparnaður verið sagður tryggður. Svör til þeirra sem áttu sparnað sinn í ýmsum sjóðum bankanna hafa verið óljósari en þeim hefur þó verið lofuð einhver fyrirgreiðsla. Brýnt er að almenningur fái að finna fyrir efndum þessara yfirlýsinga á eigin skinni sem allra fyrst.

Ekki er þó síður brýnt að ríkisstjórnin gangi fumlaust og af öryggi til þess verkefnis að halda hjólum atvinnulífsins í landinu gangandi. Slíkar aðgerðir þola enga bið enda eru þær forsenda þess að þúsundir manna haldi vinnu sinni.

Gjaldeyrisþurrðin sem ríkt hefur að undanförnu hefur þegar leikið atvinnulífið grátt. Það þolir því enga bið að greiða fljótt og örugglega fyrir gjaldeyrisviðskiptum með því að veita gjaldeyri inn á markaðinn með erlendu láni.

Ljóst er einnig að fjöldi fyrirtækja stendur frammi fyrir gjaldþroti, komi ekki til lánafyrirgreiðslu af hálfu viðskiptabanka. Brýnt er því að fyrirtæki sem hafa forsendur til að eiga lífvænlega framtíð fái nauðsynlega fyrirgreiðslu til að þeim verði fleytt yfir erfiðleikatímabilið sem nú stendur yfir.

Stýrivextir voru lækkaðir um 3,5 prósentustig í gær. Það var vissulega skref en fjarri því að nóg sé að gert. Krafan hlýtur að vera sú að stýrivextir á Íslandi séu sambærilegir við það sem tíðkast í öðrum Evrópulöndum. Lækkun stýrivaxta úr 15,5 prósentum í 12 prósent er vonandi aðeins byrjunin.

Hlutverk Seðlabanka Íslands er lögum samkvæmt að framfylgja efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ef ágreiningur er uppi milli bankastjórnar Seðlabanka og ríkisstjórnar leikur því enginn vafi á hver á að ráða för.

Stór hópur Íslendinga átti þess ekki kost að taka þátt í því kapphlaupi sem kallað var góðæri. Íslensk stjórnvöld eru ábyrg fyrir því að lágmarka áhrif bankakreppunnar á kjör þessa hóps. Afleiðingar þess að hjól atvinnulífsins stöðvist eru atvinnumissir fjölda fólks. Eitt brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar er að koma í veg fyrir að það gerist.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Nám í Danmörku

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.**

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 16. október kl. 20.30 í Húsi Meistaranna að Skipholti 70 þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- **Byggingaiðnfræði**
- **Byggingafræði**
- **Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði**
- **Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði**
- **Framleiðslutækni**
- **Margmiðlunarhönnun**

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

ErhvervsAkademiet ODENSE TEKNISKE SKOLE

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tryggvi Þór hættur

Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur er hættur sem sérlegur efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar. Haustið 2003 varaði Tryggvi Þór við afleiðingunum af því ef ríkisútgjöld yrðu ekki skorin niður og stórframkvæmdum frestað. „Ef allir leggjast á eitt mun góðærið skila sér til almennings en ef menn fara út af sporinu verða timburmennirnir miklir. Verðbólga, samdráttur og sársauki. Þá fyrst brotlendum við," sagði Tryggvi þá. Ríkisstjórnin launaði Tryggva með því að... ja, hafa hann beinlínis á launum rétt á meðan hraksspáin gekk eftir.



### Drepur tímann

Tryggvi Þór var ráðinn sem efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar í júlí og stóð til að hann yrði henni innan handar þar til í byrjun næsta árs. Hann hættir því nokkuð á undan áætlun og þarf því að drepa tímann í nokkra mánuði áður en hann hefur aftur störf hjá Öskum Capital. Nú er sagt að Ísland hafi færst heilu áratugina aftur í tímann. Spurning hvort Tryggvi Þór gerist ekki bara hljóðmaður hjá Greifunum á ný?



### Stillir saman strengi

Snemma árs 2006, þegar útrásin malaði sem mest gull, var efnt var til lokaðra boðshljómleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þar sem velski ofurbarítóninn Bryn Terfel söng fyrir forseta Íslands og aðra broddborgara. Þetta sárnaði mörgum unnendum klassískrar tónlistar úr röðum almennings og voru jafnvel þess dæmi að rótgrónir aðdáendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands segðu sig úr vinafélaginu. Nú minnir sveitin hins vegar á að henni lætur betur að stilla saman strengi en stuðla að ósætti og býður þjóðinni á ókeypis tónleika á föstudags- og laugardagskvöld. Það er auðvitað til fyrirmyndar, jafnvel þótt enginn sé Bryn Terfel í þetta sinn.

bergsteinn@frettabladid.is

# Saklausir vegfarendur



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Vegurinn fram á við

Of hraður bankavöxtur án öflugs eftirlits endar ævinlega á einn veg: með ósköpum. Þetta er hryggileg niðurstaða í ljósi nýlegrar reynslu nokkurra Asíulanda, þar sem stríðir, óheftir og eftirlitslausir fjármagnsflutningar stráfelldu gjaldmiðla, hlutabréf og banka fyrir aðeins ellefu árum. Þegar ég varaði seðlabankamenn á fundi í bankanum fyrir nokkrum árum við reynslu Taílands, þar sem ég þekki til (ég var þar skömmu fyrir hrunið), sagði einn þeirra með þjósti: Ísland er ekki Taíland. En Ísland er Taíland í þeim skilningi, að markaðsbúskaparlönd lúta í aðalatriðum sömu lögmálum. Helzti lærdómurinn af reynslu Taílands er, að gjaldeyrisforði seðlabankans þarf að duga fyrir erlendum skammtímaskuldum bankakerfisins. Til að ná því marki þarf að byggja upp forða og hemja skuldasöfnun bankanna. Hvort tveggja brást hér heima með hörmulegum afleiðingum.

Sljóleiki Seðlabankans olli því, að gjaldeyrisforðinn var ekki byggður upp í tæka tíð þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir um árabil. Græðgi og fyrirhyggjuleysi bankanna ollu því, að skuldir þeirra uxu upp úr öllu valdi. Umgerð bankastarfseminnar bauð upp á græðgina. Bankamenn gátu hlaðið undir sjálfa sig með því að veita sem flest lán og gera sem flest kaup. Hömluleysi var reglan. Það mesta, sem bankamennirnir áttu á hættu að missa, var vinnan. Öndvert þessari áhættu stóð vonin um tekjur, sem gátu gert þá að auðmönnum ævilangt. Sterk bein þurfti til að standast slíkar freistingar. Því fór sem fór, úr því að eftirlitið brást.

Ríkisstjórnin, Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið áttu að hafa hemil á vexti bankanna með ströngu aðhaldi og eftirliti, en gerðu það ekki. Seðlabankinn átti að leggja þunga bindiskyldu á bankana, en þeir báðust undan því, og Seðlabankinn hlýddi. Eftirlit Seðlabankans með lausafé bankanna brást með öllu. Fjármálaeftirlitið átti að leita aðstoðar utan úr heimi til að laga hefðbundin álagspróf að íslenzkum aðstæðum. Það var ekki heldur gert. Bankastjórn Seðlabankans hefur reynzt óhæf og er með réttu rúin trausti. Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn fléttast saman á þann veg, að einn seðlabankastjórinn situr í stjórn Fjármálaeftirlitsins og varaformaður bankaráðs Seðlabankans er stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins. Ríkisstjórnin, Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið eru of tengd innbyrðis til að geta gert fullt gagn.

Helzta einkenni íslenzku veikinnar er skortur á virðingu fyrir valdmörkum og mótvægi. Þetta einkenni hefur áður gert vart við sig í okkar samfélagi og tekur á sig ýmsar myndir. Stjórnendur bankanna komu stjórnmálamönnum vel fyrir innan vébanda sinna. Einn stjórnarmanna í sjóðum Glitnis, þar á meðal Sjóði 9, sem gaf sjóðsfélögum rangar upplýsingar um samsetningu sjóðsins, var og er þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi aðstoðarmaður forsætisráðherra, sem nú er seðlabankastjóri. Hvað var hann að gera inni á gafli hjá Glitni? Ýmis önnur dæmi mætti nefna. Skýrasta dæmið tekur af öll tvímæli um meinsemdina. Það er seta Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra og eins helzta máttarstólpa Sjálfstæðisflokksins um aldarfjórðungsskeið, á varaformannsstóli í bankaráði Landsbankans. Kjartan átti hlut að því á sínum tíma að gera Björgólf Guðmundsson athafnamann að aðaleiganda Landsbankans, þótt viðskiptaferill og sakaskrá Björgólfs væru á allra vitorði. Kjartan sat kyrr í bankaráðinu, þar til honum var vikið frá í síðustu viku. Strax þá hefði þurft að hefja rannsókn á, hvort refsiverð brot svo sem umboðssvik voru framin, til að ákveða, hvort hneppa þyrfti eigendur og stjórnendur Landsbankans í gæzluvarðhald og frysta eignir þeirra. Landsbankinn steypti almenningi í miklar skuldbindingar gagnvart Bretum og Hollendingum með því að víkja sér undan að stofna dótturfyrirtæki utan um starfsemi sína í Bretlandi og Hollandi líkt og Glitnir og Kaupþing gerðu. Eftir situr almenningur með sárt ennið og veika von um, að eignir Landsbankans erlendis dugi fyrir skuldbindingunum.

Svo virðist sem ríkisstjórnin ætli að reyna að halda hlífiskildi yfir ýmsum þeirra, sem þyngsta ábyrgð bera á vandanum nú, þótt saklausir vegfarendur – fólkið í landinu – þurfi að axla þungar byrðar. Það má ekki verða. Ríkisstjórn, sem skortir afl eða vilja til að víkja stjórn Seðlabankans frá eftir allt sem á undan er gengið og til að gera tengdar varúðarráðstafanir, bregzt skyldu sinni og þarf sjálf að víkja fyrir nýju fólki.

# Réttum hlut námsmanna erlendis

UMRÆÐAN

Katrín Jakobsdóttir skrifar um námsmenn erlendis



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Íslenskir námsmenn erlendis hafa fengið að finna harkalega fyrir sveiflukenndu gengi krónunnar á undanförnum mánuðum en námslán þeirra eru greidd út í íslenskum krónum. Hinn 1. júní ár hvert eru gefnar út tölur um grunnframfærslukostnað í hverju landi fyrir sig í mynt viðkomandi ríkis. Þessi tala er svo umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi gjaldmiðilsins í lok skólaannar.

Til að framfleyta sér á hverri skólaönn hefur viðkomandi námsmaður í flestum tilfellum fengið bankalán sem miðast við þá grunnframfærslu sem upphaflega var gefin upp. Þegar kemur að greiðslu er ekki ólíklegt að gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni hafi tekið verulegum breytingum og annaðhvort gert framfærslu viðkomandi námsmanns auðveldari eða erfiðari. Námsmenn geta því endað í skuld við sinn viðskiptabanka og námslánið dugir ekki fyrir skuldinni.

Nú höfum við nokkrir þingmenn í Vinstri grænum lagt fram þingsályktunartillögu um að úthlutunarreglurnar verði endurskoðaðar þannig að námslán námsmanna erlendis miðist við meðaltalsgengi viðkomandi gjaldmiðils á því tímabili sem námið stendur yfir. Þannig er tryggt að námsmenn taki ekki á sig sveiflur í gengi krónunnar. Ennfremur leggjum við til að menntamálaráðherra beiti sér fyrir því að úthlutun styrkja frá Rannsóknamiðstöð Íslands, RANNÍS, verði breytt á hliðstæðan hátt.

Samkvæmt lögum um LÍN á að veita námsmönnum lán sem á að nægja til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur. Það er vandséð að LÍN sinni því hlutverki sínu ef námslánin sveiflast á þennan hátt og fólk sem uppfyllir öll skilyrði um námsárangur situr samt eftir stórskuldugt eftir önnina. Á sama hátt má segja að RANNÍS-styrkjum sé meðal annars ætlað að framfleyta nemendum í rannsóknatengdu framhaldsnámi og nauðsynlegt að styrkirnir standi undir því hlutverki sínu. Hér er um að ræða réttlætismál sem einnig stuðlar að áframhaldandi framþróun Íslendinga í menntun og vísindum.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


NÓATÚN
TILBOÐ
Ódýrt & fljótlegt!
Grillaður kjúklingur
798 kr./stk
Heitt með heim
Einfalt & þægilegt!
Úr fiskborði
Ýsa í hvítlauk og rjómaosti
899 kr./kg
Verð áður 1.398
Úr kjötborði
Lambagúllas með eplum og karrý
1.398 kr./kg
Nóatún mælir með
2 fyrir 1
Góða pylsur
10 stk.
20% afsláttur
Nóatúns skinka
Hvað er betra en heimagerð pizza?
15% afsláttur
Galbani Mozzarella
15% afsláttur
WeWalka pizzadeig
35% afsláttur
Góða pepperoni
15% afsláttur
Sacla tómatvörur
Tvöfaldir Vildarpunktar!
16. okt.-30. nóv.
Gildir af allri veltu
Kortið sem kemur þér út
KREDITKORT
EXPO • www.expo.is
noatun.is
Léttir þér lífið!
NÓATÚN



# 50 ára afmæli

**Þorlákur M. Sigurðsson**
á afmæli í dag, 16. október.
Hann tekur á móti gestum í Félagsheimili eldri borgara Gjábakka, Fannborg 8 í Kópavogi, laugardaginn 18. október milli 14.00-17.00.



**OSCAR WILDE RITHÖFUNDUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1854.**

*„Fyrirgefðu ávallt óvinum þínum – ekkert fer meira í taugarnar á þeim.“*

***Oscar Wilde var írskur rithöfundur og leikskáld. Þekktustu meistaraverk hans eru Myndin af Dorian Gray og The Importance of Being Earnest.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. OKTÓBER 1902

## Landakotsspítali vígður



Landakotsspítali var vígður þennan dag árið 1902. Hann taldist vera fyrsti nútímaspítali landsins, reistur af miklum myndarskap af hinum smáa kaþólska söfnuði á Íslandi. Sr. Schreiber, annar prestur safnaðarins, flutti ræðu og bæn við vígsluna og einnig stökkti hann vígðu vatni á híbýlin, að því er segir í ritinu Ísland í aldanna rás.

Spítalinn var mikil bygging á sínum tíma. Hann tók 40 til 50 sjúklinga og meðal sjúkraherbergja voru tveir glerskálar á stólpum sem voru ætlaðir berklasjúklingum sem þurftu á góðu lofti og birtu að halda. Á vígsludaginn voru þegar komnir þangað tveir slíkir sjúklingar.

St. Jósefssystur ráku spítalann. Guðmundur Magnússon var ráðinn yfirlæknir hans en hjúkrunina önnuðust kaþólskar nunnur. Þó að Íslendingar væru ánægðir með spítalann þótti ýmsum minnkun að því að stjórnvöld í landinu skyldu ekki standa að byggingu hans og rekstri.

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Reynir Bæringsson**
Laugarásvegi 55, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 9. október. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 17. október kl. 13.00.

**Guðrún Arnfinnsdóttir**
**Elín Arndís Gunnarsdóttir** **Einar Helgason**
**Gunnar Már Gunnarsson** **Helga I. Sigurbjarnadóttir**
**Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir** **Daníel Þorsteinsson**
**barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Guðmundsson**
dvalarheimilinu Hlíð, áður til heimilis að Klettaborg 2, Akureyri,

lést mánudaginn 6. október. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 17. október kl. 13.30.

**Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir**
**Ásta Einarsdóttir** **Sigmar Sævaldsson**
**Sigurður Einarsson** **Sveinbjörg Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær kona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Þuríður Eymundsdóttir**
Kolgröf, Skagafirði,

verður jarðsungin frá Reykjakirkju laugardaginn 18. október kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þorsteinn Björnsson.**

---

*Faðir minn,*

**Bjarni Jósefsson**
Birkihvammi 2, Kópavogi,

lést 28.9. 2008. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki líknardeildar LHS L5 á Landakoti fyrir einstaklega góða umönnun.

Ragnheiður J. Bjarnadóttir
og aðstandendur.

---


**LEGSTEINAR**
**OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**
Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


---

ODDUR SIGURÐSSON: HEFUR SAFNAÐ ÖRNEFNUM ÍSLENSKRA JÖKLA

# Þarf furðufugla í svona verk



**JARÐFRÆÐINGURINN.** „Öll tvímæli um nöfn íslenskra jökla ættu að vera tekin af með þessari bók. Ruglingur á þeim getur verið bagalegur og jafnvel skapað hættu,“ segir hann.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Fá jöklanöfn eru meira en 100 ára gömul og mjög fá eldri en 300 ára. Þótt jöklar komi við sögu í fornritum þá eru þeir ekki nefndir með nafni,“ segir Oddur Sigurðsson jarðfræðingur. Hann hefur ásamt Richard S. Williams Jr. tekið saman bók með öllum nöfnum íslenskra jökla, útskýringum um hvar þá er að finna og myndum af þeim. Nöfnin eru á sjötta hundrað sem fjallað er um í bókinni. „Sum fá nú bara tvær línur en önnur heila blaðsíðu, eftir því hvað mikið er til um þau,“ útskýrir Oddur sem sjálfur hefur tekið flestar myndirnar úr flugvél. En hverjir nefndu jöklana? „Það eru menn eins og Þorvaldur Thoroddsen, Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steinþór Sigurðsson. Enginn veit hver gaf Vatnajökli nafn. Hans er fyrst getið á korti hjá Sveini Pálssyni og hann segir það til komið vegna hinna mörgu vatna sem frá honum falli.“

Þegar forvitnast er um samstarfsmann Odds við bókaskrifin svarar hann: „Richard starfar við Jarðfræðistofnun Bandaríkjanna og er mikill áhugamaður um íslenska jökla. Hann átti hugmyndina að bókinni og við höfum unnið að því í nokkur ár að tína efnið saman. Þetta er auðvitað sérviskulegt áhugamál og það þarf furðufugla í svona verk. Ég hef leitað nafnanna í gömlum heimildum og hann rannsakað kort. Elsta kort sem nefnir jökul er frá því um 1540 og það sýnir Snæfellsjökul. Svo gerði Guðbrandur Þorláksson allgott kort af Íslandi og þar eru nefndir jöklar eins og Geitlandsjökull sem síðar varð Langjökull og Sandjökull sem sennilega er Tungnafellsjökull.“

Oddur segir sex nefnda jökla hafa horfið í hlýindum síðustu alda. Telur hann fleiri á sömu leið? „Okið er í vissri hættu. Jökull er þó íhaldssamt fyrirbrigði. Hann þarf að vera 40–50 metra þykkur til að teljast jökull og í góðu árferði eins og undanförnu tekur það hann hálfa til heila öld að hverfa.“

Bókin heitir Geographic Names of Iceland's Glaciers: Historic and Modern og er á ensku en vonir standa til að hún verði endurrituð á íslensku að sögn Odds. Hún er til stafræn á vefnum http://pubs.usgs.gov/pp/1746.

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Sigríður Unnarsdóttir**
áður húsfreyja á Ási í Mýrdal,

lést föstudaginn 10. október á Hrafnistu í Hafnarfirði. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju mánudaginn 20. október kl. 13.00.

**Óskar Jóhannesson**
**Birna F. Óskarsdóttir** **Rögnvaldur Ólafsson**
**Kristín G. Óskarsdóttir** **Borgþór Guðjónsson**
**Ólöf María Guðmundsdóttir** **Úlfar Sigurðsson**
**Sigríður Andersdóttir**
**Þröstur Andersson** **Rósa B. Rósinberg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæri*

**Guðmundur A. Þórðarson**
Holtsflöt 4, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 12. október. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 20. október kl. 14.

**Málfríður K. Björnsdóttir**
**Guðrún H. Guðmundsdóttir**
**Björn Guðmundsson** **Skúlína H. Guðmundsdóttir**
**Kristín Guðmundsdóttir** **Guðmundur Benediktsson**
**Þórður Guðmundsson** **Guðný Hrund Rúnarsdóttir**
**Ólöf Ásta Guðmundsdóttir** **Guðmundur Guðjónsson**
**og afabörn.**

---



**Hólmfríður Jónsdóttir**
frá Ystafelli,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 20. október kl. 13.30.

**Kristján Árnason** **Arna Emilia Vigfúsdóttir**
**Jón Árnason** **Sigríður Traustadóttir**
**Sigríður Árnadóttir** **Kristján Pétur Guðnason**
**Knútur Árnason**
**Valgerður Árnadóttir Durao** **Manuel Durao**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir, dóttir, systir, amma og tengdamamma okkar,*

**Valgerður Brand,**
lést af slysförum 5. október. Jarðarför fer fram í kyrrþey.

**Hlín Einarsdóttir**
**Malín Brand**
**Stefán Davíð Helgason**
**Carl Brand**
**Elísabet Brand**
**Bergljót Carlsdóttir**
**og barnabörn.**

**ÓLYMPÍSKAR LYFTINGAR,** fimleikaæfingar og leikfimisæfingar eru á meðal þess sem blandað er saman í crossfit í World Class á Seltjarnarnesi. Gengið er út frá því að alhliða hreyfing skili sem mestum árangri og því hlaupa þátttakendur, hjóla, róa og synda. Næsta námskeið hefst 29. október.



# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447












Vera er hrifin af stórum og hlýjum yfirhöfnum en peysuna fann hún í fatahengi nágrannans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ásældist peysu grannans

**Vera Sölvadóttir á lager af lopapeysum sem mamma hennar og amma hafa séð henni fyrir. Hún er það hrifin af lopanum að hún gat ekki séð peysu nágrannans í friði og komst hún að lokum í hennar hendur.**

Söng- og kvikmyndagerðarkonan Vera Sölvadóttir á myndarlegt lopapeysusafn en móðir hennar og amma hafa um árin séð til þess að henni verði ekki kalt. Hún segist eiga heilan lager af lopapeysum og vera mjög hrifin af stórum og hlýjum yfirhöfnum.

„Ein af mínum uppáhaldspeysum er risastór svört lopapeysa af vini mínum og nágranna Jósep Marzolla. Við höfum sameiginlegt fatahengi en hann býr á hæðinni fyrir ofan mig. Hann fór að taka eftir því að ég var alltaf að laumast í peysuna hans og það endaði með því að hann gaf mér hana,“ segir Vera sem býr að eigin sögn í franskri kommúnu í miðbænum. Hún lærði kvikmyndagerð í Frakklandi en Jósep er kvikmyndagerðar- og tónlistarmaður. Þá eru tveir aðrir íbúar hússins með tengsl við Frakkland.

Vera segist annars hafa nokkuð einfaldan fatasmekk og þó að hún eigi fullt af fötum gengur hún mest í nokkrum útvöldum flíkum sem hafa hitt í mark. Þá er hún nýfarin að ganga aftur í kjólum eftir að hafa lengst af hallast að gallabuxum.

Fyrsta breiðskífa Veru og hljómsveitar hennar BB&Blake er væntanleg fyrir jól en í vikunni kemur önnur smáskífa sveitarinnar út. Hún ber nafnið Spy. Hljómsveitin, sem er skipuð Veru og Magnúsi Jónssyni, mun spila á Iceland Airwaves en hún opnar tónleikana í Tunglinu annað kvöld.

*vera@frettabladid.is*



**UPPHAF** gallabuxna má rekja til þess að gullgrafarar í Kaliforníu báðu klæðskerann Levi Strauss að sauma á þá sterkar buxur þar sem venjuleg efni dugðu ekki til að minnka núninginn við grjótið. Spurnin eftir þeim varð mikil, fyrst meðal gullgrafara og svo almennings og þær eru sívinsælar síðan.




Vefta

Síð vesti og kjólar við buxur.

Sjáðu úrvalið á www.vefta.is



Vefta • Lóuhólum 2-4 • S: 557 2010 • & Þönglabakka 6 • S: 578 2050




Vesti 8.600, bolur 7.800 og buxur 5.800 krónur.

Úlpa fyrir veturinn. Verð 28.600 krónur.



Þorbjörg Kristjánsdóttir og Erla Wigelund eru kaupkonur í Verðlistanum og selja danskan og þýskan kvenfatnað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


FIMMTUDAGS ecco TILBOÐ

Xpedition
68044 50347
Litir: Svart
Stærðir:
41 - 47 ~~26.990~~ 19.995



Winter Z.
11933 51707
Litir: Svart, hvítt
Stærðir:
36 - 42 ~~20.990~~ 15.995
Gærufóðraðir



Fusion Black
37134 00101
Litir: Svart
Stærðir:
41 - 47 ~~17.995~~ 13.995



Offroad LX
68233 52570
Litir: Svart
Stærðir:
36 - 41 ~~23.995~~ 18.995



KRINGLAN SMÁRALIND LAUGAVEGUR

the most comfortable place on earth ecco®


# Heimlán er fastur liður

**Erla Wigelund stofnaði kvenfataverslunina Verðlistann við Laugalæk árið 1965 og stendur enn vaktina þó að dóttirin sé tekin við rekstrinum. Heimlán hafa alla tíð verið fastur liður í þjónustunni.**

„Við fáum pantanir alls staðar að, frá ystu nesjum til innstu dala landsins,“ segir Erla í Verðlistanum brosandi þegar hún er spurð út í heimlánaþjónustu verslunarinnar. Erla segir hana ávallt hafa verið fastan lið í starfseminni en viðskiptavinirnir borgi alltaf póstgjaldið ef um sendingar út á land er að ræða. „Við reynum að fá málin á konunum eins nákvæm og hægt er og svo sendum við þeim þrjár flíkur til að velja úr. Stundum kemur ekkert af því aftur heldur bara greiðsla fyrir allan pakkann,“ lýsir hún.

Erla kveðst bara vera í búðinni sér til skemmtunar nú orðið eftir að dóttirin tók við stjórnartaumunum. „Hér fæ ég svo góðan félagsskap því hingað koma svo margar skemmtilegar konur,“ segir hún brosandi. *- gun*



Dökkgrá dragt á 30.200 krónur.



Rauði leðurjakkinn kostar 29.800 krónur og buxurnar 9.800 krónur.



Ullarkápa með 25 prósent angóru á 49.600 krónur.




skart company



Ein flottasta skart- og fylgihlutaverslun landsins hefur opnað við búðarkassana í Hagkaup Smáralind

Frábært úrval af skarti, hárskrauti, töskum, hárlengingum, úrum, húfum, vettlingum ofl.



ALLT HELGIN

Alla föstudaga



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

## Tár og tregi á tískusýningu

Tískuvikunni sem lauk í París á dögunum verður minnst fyrir það einkennilega andrúmsloft sem ríkti meðan á tískusýningunum stóð vegna fjármálakreppunnar. Ekki auðvelt að gleyma sér í lúxus og kampavíni meðan bankar heims riða til falls.

Tískuvikan var þó ekki átakalaus með öllu því strax að lokinni sýningu tískuhúss Valentino var tilkynnt um brotthvarf hönnuðarins Alessöndru Faccinetti. Hún tók við af meistaranum gamla, Valentino Caravani, fyrir aðeins ellefu mánuðum en hann dró sig í hlé á árinu eftir fjörutíu og fimm ára starf. Þetta var hennar þriðja tískusýning, sú fyrsta var í mars, hátískan í júlí og svo þessi.

Svo virðist sem ráðning Alessöndru Faccinetti hafi verið mikil mistök þrátt fyrir að hún hafi reynt að gera nokkra andlitslyftingu á stíl Valentinos. Hún ætlaði sér að bjóða upp á meiri breidd í fatnaði svo sem í dagklæðnaði en Valentino var einna þekktastur fyrir glæsilega kvöldkjóla. Á sama tíma virðast kvöldkjólarnir hafa gleymst og eldri konur sem kannski höfðu einmitt ríflegri efnahagslega getu til að versla hjá tískuhúsinu og ganga í Valentino-kjólum hurfu á braut. Því tapaði tískuhúsið fleiri viðskiptavinum en áttu að vinnast með nýja stílum. Einnig segja heimildir innanhúss hjá Valentino að Alessandra Faccinetti hafi átt í miklum erfiðleikum með að vinna með samstarfsfólki sínu.

Það eru Maria Grazia Chiuri og Pier Paolo Piccioli sem taka nú við hönnuninni en þau hafa í tíu ár starfað hjá Valentino í fylgihlutahönnun svo sem töskum, skóm og fleiru. Fylgihlutir hafa einmitt verið í mikilli sókn hjá Valentino sem skiptir gríðalegu máli í dag í tískunni því mörg tískuhús byggja hagnað sinn á fylgihlutum. Fyrir vikið var tískupressan ekki mjög vingjarnleg í umfjöllun sinni um sýningu Valentino en lofaði mikið hönnun Alber Elbaz hjá Lanvin. Verslunareigendur og innkaupastjórar segja reyndar á bak við tjöldin að fatnaður Lanvins sem sýndur var sé ónothæfur þrátt fyrir að tískublaðamenn tali um næstum fullkomna sýningu í blöðunum.

En svona virkar tískuheimurinn, annað hvort ertu „in“ eða „out“ sem ekki er alltaf í samræmi við listræna sköpun eða hæfileika. Þannig dettur ekki nokkrum manni í hug að gagnrýna Karl Lagerfeld og segja að hann hjakki í sama farinu hjá Chanel og að það sé langt síðan hann hafi gert nokkuð annað en endurvinna gamlar lummur Coco. Flestir tískublaðamenn eru sömuleiðis með afslátt í tískuhúsunum ef þeir eru ekki hreinlega hlaðnir gjöfum. Þannig tryggja rótgróin tískuhús sér góða umfjöllun.

*bergb75@free.fr*



Úlpa á 10.500 krónur og stígvél á 8.500 krónur.

Kjóll og samfella á 9.500 krónur.

## Vandað og endingargott

**Á Íslandi hefur nú fyrsta Nucleo-verslunin verið opnuð utan Ítalíu.**

Nucleo hefur opnað sérverslun á Íslandi, í sama húsnæði og kvenfataverslunin Basler í Skipholti 29 b.

Nucleo er ítalskt merki sem selur barnafatnað ætlaðan börnum á aldrinum 0 til 14 ára. Er þetta í fyrsta sinn sem verslun undir merkjum Nucleo er opnuð utan Ítalíu.

Fötin þykja falleg, vönduð og endingargóð.

Þess má geta að í Basler er hægt að fá Olang-kuldskó í öllum stærðum, bæði á börn og fullorðna, sem þegar hafa náð ágætum vinsældum á Íslandi.

*- aóv*

HAUSTÚTSALA
í 3 DAGA
Frá fimmtudegi til laugardags
16. til 18. október
20% afsláttur af öllum vörum




Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík.
Sími 551-5814, th.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






**FLESTIR** eru sammála um að súkkulaði geti verið ótrúlega ljúffengt. Sumum ber svo saman um að það sé þar að auki hollt, en ýmsar rannsóknir virðast rökstyðja það. Í ljós hefur komið að súkkulaði inniheldur umtalsvert magn andoxunarefna sem hafa verndandi áhrif á hjartað.



















Guðbjörg Ósk og starfsfólk Heilsusetursins bjóða starfsmönnum banka að koma frítt á námskeið að eigin vali í allt að fjóra tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tími til að líta inn á við

**Í Heilsusetrinu er boðið upp á hug- og heilsurækt í notalegu umhverfi. Þar er hægt að stunda fjölbreytta hreyfingu ásamt því að nálgast heilandi meðferð og ráðgjöf af ýmsu tagi.**

Heilsusetrið var opnað í Faxafeni 14 í byrjun mánaðarins en þar er boðið upp á bæði hug- og heilsurækt. Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir er annar eigandi setursins og segir hún að þar verði á heildrænan hátt hægt að vinna með líkama og sál.

Á staðnum er hefðbundinn tækjasalur, fjöldi jóganámskeiða, pilates og dans meðferð en einnig er boðið upp á heilandi meðferð og ráðgjöf af ýmsu tagi. Má þar nefna heilsunudd, höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun, heilsuráðgjafa, hómópata og ýmislegt annað sem fólk tengir gjarnan óhefðbundnum lækningar.

„Við verðum með kynningar og fyrirlestra til að kynna þessar aðferðir en hugmyndin er að fólk geti leitað fjölbreyttra lausna hjá okkur og fengið miklar upplýsingar á einum stað.“

Guðbjörg Ósk segir mikið lagt upp úr því að umhverfið sé rólegt og notalegt og í móttökunni er að finna bókasafn og setustofu þar sem hægt er að nálgast bækur, hljóð- og mynddiska sem tengjast hug- og heilsurækt.

Námskeiðin í Heilsusetrinu eru mörg hver nýstárleg og má nefna líkamsrækt fyrir foreldra og börn og námskeiðið Heilsu og hamingju sem byggir á Hatha-yoga.

En hvernig er að fara af stað með rekstur í ríkjandi efnahagsástandi? „Ef það er eitthvað sem fólk hefur þörf fyrir núna þá er það að hlúa að sjálfu sér. Eftir alla útrásina held ég að það sé kominn tími til að fólk fari að líta inn á við. Hér leggjum við áherslu á persónulegri þjónustu og munum leiðbeina fólki á milli meðferðaraðila og námskeiða sem henta,“ segir Guðbjörg Ósk.

Hún segir starfsmenn Heilsusetursins vilja leggja sitt af mörkum til samfélagsins og hafa þeir ákveðið að bjóða bankastarfsmönnum og öðrum sem mæðir mikið á að koma frítt á námskeið að eigin vali í allt að fjóra tíma. Þá segist Guðbjörg ætla að brydda upp á ýmsum skemmtilegheitum en hún stendur meðal annars á bak við Mamma mía-sýningarnar þar sem bíógestum gefst kostur á að syngja með söngvamyndinni vinsælu.

*vera@frettabladid.is*

Sérfræðingar í Tansaníu telja að ný gerð af malaríulyfi geti bjargað lífi fjölda afrískra barna sem ganga með sjúkdóminn. Pillan er með kirsuberjabragði og auðvelt að gleypa og vonast sérfræðingarnir til að það verði til að auka líkurnar á að börnin innbyrði hana. Hingað til hefur pillan mælst vel á meðal barna í Tansaníu.







# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 16. OKTÓBER 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Komdu ruslinu
í öruggt skjól



Sorptunnuskýli
Snyrtileg lausn frá Steypustöðinni MEST

Gerðu garðinn frægan

Malarhöfði 10
110 Reykjavík

Sími 4 400 400
www.mest.is

mest




Ora býður upp á fjölbreyttar tegundir af síld, hver annarri gómsætari.
MYND/WWW.ORA.IS

# Silfur hafsins frá Ora

Ora hefur útvegað Íslendingum hágæða síld í nánast tuttugu ár og hafa skapast ýmsar hefðir í kringum framleiðsluna.

Á haustin kemur haustsíldin á markað, í byrjun nóvember kemur hátíðarsíldin og að lokum kemur jólasíldin á markað um jólin. „Jólasíldin kemur með nýju bragði á hverju ári og hefur gert það frá árinu 2003. Viðskiptin hafa aukist mikið undanfarna daga. Fiskvörurnar frá Ora hafa selst mjög vel og í raun hefur allt gengið okkur í haginn. Óhætt er að segja að síldin sé eins konar þjóðarstolt Íslendinga og er alltaf jafnvinsæl,“ segir Hjördís Ósk Óskarsdóttir, markaðsstjóri Ora, og bætir við: „Að vísu hefur unga fólkið oftast verið heldur hrætt við síldina en það breytist oft með aldrinum.“

Árið 1988 hófu stjórnendur Ora vinnu við að koma hugmyndum sínum um nýjar síldarvörur á íslenskan markað. Niðurstaðan úr þeirri hugmyndavinnu var sú að kynna síldarvörulínu sem myndi bera af í gæðum og bragði. Árið 1989 hófst síðan farsælt samstarf við síldarvinnsluna Óskar ehf. um val og vinnslu á besta fáanlega hráefni fyrir framleiðsluna. Ora Lúxus Síld kom á markað nokkrum mánuðum síðar og má segja að neytendur hafi tekið vörunni með opnum örmum allt frá upphafi, en gagnrýnendur gáfu síldinni frá Ora strax hæstu einkunn í fjölmiðlum.

Ora framleiðir níu tegundir af síld og telst hún víða ómissandi á jólunum. Þess má til gamans geta að síldin er gífurlega holl og inniheldur meðal annars mikið af Omega-3 fitusýrum. *- mba*



„Auðvelt er að finna skemmtilega Skagfirðinga til að tala um hesta en ég ætla að fjalla um möguleikana sem felast í kjötinu,“ segir Friðrik V. Karlsson matreiðslumeistari. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Ekki lengur guðlast

**Hrossakjöt er afbragðshráefni ef rétt er með það farið. Kokkarnir Friðrik V. á Akureyri og Þórhildur María Jónsdóttir ætla að sanna það í Hótel Varmahlíð á skemmti- og fræðslukvöldi næsta laugardagskvöld.**



Hótel Varmahlíð er umgjörð hátíðahaldanna enda alltaf með hrossakjöt á matseðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

„Það er ekki amalegt að kunna að matreiða hrossakjöt á krepputímum,“ segir Svanhildur Pálsdóttir, hótelstjóri í Hótel Varmahlíð, þegar hún er spurð út í veisluna sem fram undan er. Hún talar af reynslu því á hótelinu hennar er ljúffeng eðalsteik úr hrossi ávallt á matseðlinum.

„Stefnan hjá okkur er ekki bara að velja íslenskt heldur er grunnhráefni matarins á matseðlinum alltaf skagfirskt,“ segir hún. Tekur fram að hugmyndin að hrossaveislunni sé komin frá Örnu Björgu Bjarnadóttur hjá Sögusetri íslenska hestsins og útkoman sé samstarfsverkefni margra aðila. Maturinn sem þau Friðrik V. og Þórhildur töfri fram sé miðpunktur hátíðahaldanna en einnig muni Hrafnkell Lárusson sagnfræðingur fjalla um hrossakjötsát landsmanna allt frá almennu forboði til daglegrar neyslu, Jói í Stapa muni fara með forboðnar vísur og Gunnar Rögnvaldsson taka lagið með



Hrossasteik er bragðmikil og meyr ef rétt er að farið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

gestum. Fólk komi til með að eiga notalega kvöldstund samhliða því að kynna sér forvitnilega sögu hrossakjötsneyslu, bragða á gómsætum réttum og fara heim með nýjar hugmyndir.

„Maturinn er svolítið leyndarmál og ég ætla að kynna hvern rétt á staðnum,“ segir Friðrik V. sem ætlar að leggja sitt af mörkum til hrossaveislunnar með eldamennsku og fróðleik. „Mér finnst spennandi verkefni að fá að elda úr hesti í Skagafirði þar sem ég hélt það væri nánast guðlast. Auðvelt er að finna skemmtilega Skagfirðinga til að tala um hesta en ég ætla að fjalla um möguleikana sem felast í kjötinu með nútímaeldamennsku að leiðarljósi. Það þekkja allir saltað og reykt hrossakjöt og bjúgu en ég tel hrossakjöt eiga heima á veisluborðum og tók saman nokkrar uppskriftir sem mig langar að gefa fólki á staðnum.“

Friðrik segir fullorðið hross henta vel í steikur. Galdurinn sé að leyfa því að hanga og elda það ekki of mikið. „Folaldakjötið er líka gott bæði hrátt og eldað og tekur vel við reyk,“ lýsir Friðrik og er sannfærður um að hrossaveislan sé upphafið að einhverju meiru. „Hún verður örugglega árlegur viðburður og eftir svona tíu ár flykkjast útlendingar hingað til að taka þátt í henni.“ *-gun*



Flatkökur með hangikjöti eru þjóðlegur og góður veislumatur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sígildar í veisluna

Fáir réttir eru þjóðlegri en flatkökur einkum ef þær eru skreyttar með hangikjöti, enda hefur sá ágæti matur verið borinn á borð landsmanna í veislum og á tyllidögum svo lengi sem elstu menn muna.

Einn afkastamesti flatkökuframleiðandi á Íslandi er fyrirtækið Ömmubakstur. Ingólfur Garðarsson, bakarameistari og framleiðslustjóri fyrirtækisins, segist hafa orðið var við að vinsældir þessarar tilteknu vöru hafi aukist að undanförnu. „Ég held að það sé að nokkru leyti vegna þess að fólk er að vakna til vitundar um hollustu og heilsufæði. Flatkökurnar okkar hjá Ömmubakstri eru fitulitlar, sykurlausar og í þær er notað lyftiduft í staðinn fyrir ger. Þær innihalda að sjálfsögðu hveiti, en hlutfallið af heilhveiti og rúgmjöli er mjög hátt. flatkökur eru því prýðilegur kostur fyrir þá sem vilja huga að heilsunni.“

Þrátt fyrir auknar vinsældir í kjölfar heilsutískunnar undanfarin ár hafa flatkökur alltaf selst vel og eru, ásamt kleinum og laufabrauði, helsti vöruflokkur Ömmubaksturs. Ingólfur segir flatkökuframleiðendur þó alltaf finna vissan kipp í flatkökusölu á vorin þegar fermingar eru í algleymi. „Flatkökur með hangikjöti eru sívinsælar á veisluborðum landsmanna en einnig hefur færst í aukana að fólk beri þær fram með öðru áleggi, til að mynda laxi. Við verðum vör við það á vorin að fólk er að smyrja í veislurnar því að þá eykst salan, sérstaklega á heilum, óskornum flatkökum.“

Flatkökur eru hollur og bragðgóður kostur og er um að gera að prófa sig áfram með að skreyta þær með gómsætum áleggstegundum. *- vþ*

# Gómsætir munnbitar og molar

Íslendingar hafa löngum gætt sér á Síríus-súkkulaði og þá bæði raðað molunum ofan í sig eintómum eða notað þá í bakstur og heita drykki. Framleiðsla þessa góðvinar landans hófst árið 1933 og hefur hún haldist nær óbreytt síðan.




Flestir þekkja tvöfalda Síríus Konsum-súkkulaðið í smjörpappírsumbúðunum en útlit þess er nánast upprunalegt.
Hægt er að fá sama súkkulaðið í 100 g pakkningum í hvítu bréfi og í 300 g pakkningum í plasti og þótt mörgum finnist það bragðast öðruvísi en smjörbréfssúkkulaðið þá er þetta allt sama súkkulaðið, að sögn Rúnars Ingibjartssonar, matvælafræðings hjá Nóa Síríus, um leið og hann nefnir fleiri rótgrónar tegundir. „Pipp hefur verið framleitt í nærri fimmtíu ár og Síríus-lengjan er orðin álíka gömul.

Á síðustu árum hafa ýmsar nýjungar litið dagsins ljós sem allar byggjast á grunni Síríus-súkkulaðisins. Má þar nefna 70 prósent súkkulaði, 56 prósent súkkulaði og appelsínusúkkulaði. „Við vildum fylgja tíðarandanum og kröfu neytenda um meiri fjölbreytni. Viðtökurnar á 70 prósent súkkulaðinu fóru langt fram úr væntingum og er það mest selda 70 prósent súkkulaðið á markaðnum.“ *- ve*

# Fjallalamb hf Kópaskeri og Strikamerki hf

hafa þróað upprunakerfi sem upplýsir neytendur um hvaðan afurðir Fjallalambs koma

Þú kaupir ½ skrokk, lest á merkimiða kassans og kannar svo jörð framleiðanda á netinu






FJALLALAMB KÓPASKERI

Vörurnar eru til sölu hjá öllum söluaðilum Fjallalambs

Strikamerki

Sími 465 2140 • fjallalamb@fjallalamb.is www.fjallalamb.is






Frú Clara G. Waage með silfursmíðaðan barnaskó eftir hönnun Steinars Waage, sem portúgalskir framleiðendur hans sendu honum óvænt sem glaðning og til heiðurs með skósendingu sunnan að. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskir barnaskór í skínandi silfursmíð

**Leitun er að íslensku smábarni sem ekki hefur tekið fyrstu skrefin í barnaskó frá Steinari Waage en skósmíðin sú er íslensk, sígild og góð.**











Fyrstu skór barnsins líta eins út í dag og þeir gerðu þegar Steinar Waage hannaði þá og lét framleiða fyrir sig í Portúgal á sjöunda áratugnum. Foreldrar íslenskra barna nútímans klæða nú börn sín í nákvæmlega eins barnaskó S.Waage og þeir sjálfir klæddust í sinni bernsku. Fyrstu skórnir fást í hvítu, rauðu og bláu, en grófari skórnir í rauðu, bláu og brúnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það hafði alltaf verið erfitt að fá skó handa íslenskum börnum því þau hafa breiðari fætur en gengur og gerist. Það varð því úr að Steinar hannaði sína eigin barnaskólínu sem fyrirtæki í Portúgal bauðst til að útfæra með honum og framleiðsla hófst upp úr 1965. Skósmíðin tókst svona ofsalega vel og sló öll met í sölu áratugum saman,“ segir frú Clara G. Waage, ekkja Steinars Waage skókaupmanns. Hann rak verslun í eigin nafni frá árinu 1956 en verslanirnar seldu þau hjónin þegar Steinar veiktist árið 2000.

„Skórnir voru alfarið hugarsmíð Steinars, sem ákvað útlit og átti veg og vanda að hönnun og efnisvali. Hann valdi í skóna leður sem hentaði vel íslenskri veðráttu og var slitsterkt og endingargott. Skórnir reyndust einstaklega vel og kom varla fyrir að kvartað væri yfir galla í öllum þessum ósköpum sem við seldum um árin,“ segir Clara sem ásamt Steinari seldi tugþúsundir skópara á íslenska barnafætur.

„Fyrstu skór barnsins, sem enn eru kallaðir svo, fengust upp í stærðina 25, en fljótlega lét Steinar framleiða barnaskó fyrir eldri börn með grófari botni, sem enn eru framleiddir og sívinsælir eins og þeir fyrstu. Báðir voru fótlaga skór sem pössuðu vel fyrir innlegg, sem Steinar framleiddi í áratugi,“ segir Clara og aftekur hláturmild að hugmynd hafi nokkru sinni kviknað um útflutning á íslensku barnaskónum sem þó höfðu slegið svo rækilega í gegn.

„Maður hugsaði nú ekki svo langt í „den tid“ enda áttum við fullt í fangi með að afgreiða býsnin öll af skóm hér heima. Pantanir lágu fyrir í bunkum meðan innflutningur gekk hægar fyrir sig en nú og maður var hringjandi út heilu kvöldin til að láta vita um nýja sendingu til landsins,“ segir Clara og minnist óvænts glaðnings með einni skósendingunni frá Portúgal.

„Þá var þar í fallegur pakki með barnaskóm úr ekta silfri á marmaraplatta frá Portúgölum, því salan hafði slegið öll met og þótti undur. Skórnir voru alltaf merktir S. Waage og eru held ég enn, enda skrítið ef svo væri ekki þar sem Íslendingar þekkja bæði nafnið og gæðin af eigin raun, og hafa skætt börn sín í slíkan skófatnað á fimmta áratug,“ segir Clara sem minnist tímanna í skóbúðinni með hlýju.

„Þetta voru góðir tímar og alltaf gaman þegar maður hefur ánægju af vinnu sinni. Almenningur var alltaf svo þakklátur, hlýlegur og notalegur við okkur, og því fékk maður mikið út úr því að gera sitt besta fyrir hann. Margir áttu orðið í manni hvert einasta bein og sögðu manni ævisöguna, ef lítið var að gera. Við höfðum því mikla ánægju af þessu bæði tvö og er margs að sakna frá þessum tíma.“

*- þlg*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU
Ali
#1 AF NÝSLÁTRUÐU
Ali svínabógur
Aðeins
499-
kr./kg.
merkt verð 554 kr./kg.
ÍSLENSK MATVARA
AF NÝSLÁTRUÐU
Ali
Grísakjöt
#1 AF NÝSLÁTRUÐU
Ali svínahakk
Aðeins
530-
kr./kg.
merkt verð 884 kr./kg.
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSAN
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSAN
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSAN
40%
AFSLÁTTUR
Ali svínakótelettur
1.070 kr./kg. merkt verð 1.783 kr./kg.
40%
AFSLÁTTUR
Ali svínagúllas
1.127 kr./kg. merkt verð 1.878 kr./kg.
40%
AFSLÁTTUR
Ali svínasnitsel
1.127 kr./kg. merkt verð 1.878 kr./kg.
30%
AFSLÁTTUR
Ali helgarskinka
1.335 kr./kg. merkt verð 1.907 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
3019 TAKTIK / 15.10.08.



Íslenski fáninn blaktandi við hún á Lögbergi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Upp rísi þjóðlíf!

Ekkert er þjóðlegra né vekur með þjóðinni jafnmikinn samhug og geðshræringu og íslenski fáninn í tignarlegu og rammíslensku umhverfi Þingvalla. Þegar tækifærum til ferðalaga fækkar, en nauðsyn er að blása þjóðarstolti í brjóst landsmanna eftir ósanngjarna ágjöf svokallaðra „vinaþjóða“, er fátt jafn- yndislega upplífgandi og haustlitaferð á helgasta stað landsins. Eftir létta göngu um Almannagjá, magnaða litadýrð og jarðfræðiundur þjóðgarðsins er blátt áfram dásamlegt að tylla sér niður í hreinu, íslensku lofti, undir fagurlitum þjóðfánanum, með heitt kókó úr íslensku súkkulaði og rjóma á brúsa, flatkökur með hangikjöti, harðfisk, ástarpunga og sultuborna lagtertu undir svanga tönn. *- þlg*

# Nú er tími fyrir lopapeysur

**Prjónahönnuðurinn vinsæli Védís Jónsdóttir á heiðurinn að öllum uppskriftunum í nýjustu prjónabókinni frá Ístex.**

Í nýjustu prjónabókinni frá Ístex má finna uppskriftir að hentugum og fallegum flíkum fyrir unga sem aldna af báðum kynjum. Uppskriftirnar eru allar eftir Védísi Jónsdóttur prjónahönnuð en hún segist fyrst og fremst sækja í brunn íslenskrar prjónahefðar í hönnun sinni.

„Ég gekk út frá þjóðlegum hefðum við hönnunarvinnuna og þannig eru allar peysurnar í bókinni byggðar upp með hringlaga axlarstykki í einni eða annarri mynd,“ segir Védís. „Ég sæki mér þó innblástur víða og beiti fyrir mig aðferðum og munstrum sem koma annars staðar frá; til að mynda má finna keltneskar vísanir í sumum uppskriftanna. Útfærslan er þó á endanum þannig að þetta virkar allt mjög íslenskt.“

Óhætt er að segja að lopapeysan hafi hlotið uppreist æru hin síðari ár og orðið að hálfgerðri tískuflík. Peysur úr smiðju Védísar hafa verið afar vinsælar hjá íslensku prjónafólki og því liggur beint við að spyrja hvernig henni þyki að sjá nánast daglega fólk íklætt hönnun sinni. „Mér finnst það voðalega notalegt,“ segir hún. „En ég er löngu hætt að telja hversu oft ég sé fólk í peysum sem ég hef hannað. Til að mynda gafst ég upp á menningarnótt fyrir nokkrum árum að reyna að telja hversu marga ég sá í lopapeysunni með rennilásnum en hún var þá gríðarlega vinsæl. En ég sé reyndar dálítið eftir því að hafa ekki klippt myndir út úr blöðunum af fólki í hönnun minni því þær hafa nefnilega verið fjölmargar.“

Nýjasta prjónabókin frá Ístex er sú 28. í röðinni og hefur selst afar vel. Védís telur slæm tíðindi síðustu vikna valda því að fólk leiti í prjónaskap. „Það er gott fyrir sálina að prjóna; það er róandi og veitir öryggistilfinningu. Að auki er það ódýrt og þar sem framleiðsla Ístex er alíslensk hefur hún ekki hækkað í verði eins og flest annað. Ég tel því að ef við eigum einhvern tímann að vera í lopapeysum þá sé það nú. Ég sá í sjónvarpinu að einhver þeirra sem er í forsvari fyrir nýju bankana var í lopapeysu í viðtali; það er tímanna tákn.“ *- vþ*



Védís Jónsdóttir hannaði margar af þeim lopapeysum sem notið hafa mikilla vinsælda upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# Vandaðar íslenskar innréttingar

Íslendingar eru kröfuharðir. Þeir velja vandaðar innréttingar, enda býr lengi að fyrstu gerð. Við hjá trésmiðju GKS tökum að okkur allt tréverk innanhúss og klárum verkin frá tilboði til uppsetningar, allt eftir þínum óskum. **Hafðu samband og við klárum málið með þér.**







*Gæði - Kunnátta - Sveigjanleiki*

**Trésmiðja GKS ehf** • Funahöfða 19 • Sími 577 1600
Netfang: gks@gks.is • Veffang: www.gks.is

GKS




Actavis er leiðandi fyrirtæki á sviði samheitalyfja og hefur það að meginmarkmiði að bjóða viðskiptavinum sínum um heim allan gæðalyf. Við viljum skara fram úr og saga okkar sýnir glöggt áherslu okkar á hágæða lyf, góða þjónustu og breitt vöruúrval.

*Kynntu þér meira á* ***www.actavis.is*** *og* ***www.actavis.com***

actavis

# Keramikkjallari með stóra sál

Keramikverkstæði og gallerí Koggu hefur verið í kjallaranum á Vesturgötu 5 síðastliðin 23 ár. Þar geta listunnendur komið við og fjárfest í fallegum leirlistaverkum.

Það má með sanni segja að keramikverkstæði Koggu sé einn af föstu póstunum í miðbæ Reykjavíkur, enda orðin fá fyrirtækin sem hafa haldið sig í sama húsnæði svo áratugum skiptir. „Kaffihúsið Mokka er góð fyrirmynd, lítið, þrautseigt, vinalegt og mannlegt,“ segir Kogga og hlær. „Fólk þekkir verkstæðið mitt, enda hef ég engu breytt í 23 ár. Ég var heppin að finna þetta húsnæði árið 1985, þá var Minjavernd að gera það upp en það er alfriðað. Þessi kjallari er lítill, en hefur stóra sál og staðsetningin í kjarna gömlu Reykjavíkur er að mínu skapi. Það var reyndar staðsetningin sem gaf mér þá hugmynd að opna líka



**Kogga hefur rekið verkstæði og gallerí á Vesturgötu 5 síðustu 23 árin.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gallerí, því upphaflega ætlaði ég einungis að hafa hér verkstæði. Mörg íslensk fyrirtæki flytja oft, umbreyta yfirbragði og stækka við sig, það er allt gott og blessað ef vel gengur. Starf listiðnaðarmanns er ekki þess eðlis að þenjast út, enda rek ég verkstæðið ekki á þeim forsendum. Hér skapa ég mína list og vinn að henni jafnt og þétt, er með langan vinnudag og er sátt svo lengi sem ég get haldið því áfram.“

Gripir úr smiðju Koggu eru til á mörgum íslenskum heimilum og víðar, enda versla ferðamenn einnig hjá henni. „Margir erlendir ferðamenn hafa ekki áhuga á fjöldaframleiddum minjagripum til þess að minna sig á veru sína hér,“ segir Kogga. „Ég verð þvert á móti vör við að ferðamenn vilja gripi sem gerðir eru á Íslandi, af ást á landi og þjóð og vinnunni sjálfri.

Íslendingar koma aftur á móti til mín í leit að gjöf vegna einhvers tilefnis, eða einfaldlega vegna þess að þá langar að eignast grip eftir mig.“ *- vp*



**Egill hefur notið dyggrar aðstoðar eiginkonu sinnar við bólstrunina en annars er hann eini starfsmaðurinn á verkstæðinu.**


HOLLUSTA

VELJUM ÍSLENSKT




Rétt næring eykur andlegan og líkamlegan styrk og stuðlar að betri heilsu.

Gæðafiskur er framleiddur með kældri framleiðsluaðferð sem tryggir ferskleika og næringargildi vörunnar. Gæðafiskur inniheldur ríflega fimmfalt meiri næringu en sama þyngd af ferskum ýsuflökum.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA

Sölustaðir
10-11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Staðarskáli, Verslunin Vísir, Verslunin Þingholt, Bláa lónið, World Class, Hreyfing, Heilsubúð Náttúrulækningafélags Íslands.


# Endurnýjun líf hjá Bólstrun Á

**Egill Ásgrímsson hefur unnið við bólstrun í fjöldamörg ár og tók við bólstrunarverkstæði föður síns. Enn hefur hann feykinóg að gera í faginu.**

Bólstrun Ásgríms er rekstur sem hefur verið við lýði í áratugi. Ásgrímur P. Lúdvíksson stofnaði verkstæðið sem er nú í eigu sonar hans, Egils Ásgrímssonar bólstrara. „Þegar ég byrjaði vann ég við að framleiða húsgögn en pabbi var með þrjá til fjóra menn í vinnu. Ég er hins vegar einn núna en konan mín hefur verið að aðstoða mig við þetta en fer nú að hætta því hún er orðin það fullorðin,“ segir Egill og kímir. Hann er þó ekki að fara að leggja árar í bát.



„Ég hef alltaf nóg að gera og undanfarin ár hefur verið góða vinnu að hafa eins og verið hefur alls staðar í þjóðfélaginu,“ segir Egill og bætir við að ekki hafi verið minna að gera hjá sér á krepputímum, en hann hefur lifað tímana tvenna. „Þegar kreppa hefur skollið á þá hefur ekkert verið minna að gera í bólstrun. Þá er fólk oft meira heima og fer kannski að spekúlera meira í heimilinu og því sem þarf að gera. Þannig að það er







**Bólstrun er mikil vandvirknisvinna og handverk. Egill hefur stundað bólstrun í áratugi en hann byrjaði á verkstæði föður síns sem hann rekur nú.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# daga sgríms



ekkert víst að það komi mjög hart niður á okkur en maður veit það svo sem ekki núna þar sem þetta er svo rosalegt,“ segir Egill, sem veit til þess að sumum hafi gengið illa að leysa út efni og áklæði þar sem skortur er á gjaldeyri. „Ég hef þó ekki lent í því enn þá. Ég versla við fyrirtæki úti og var að panta núna fyrir helgina og fæ enn þá sendingar. Ég hef alltaf verslað út á krít og þeir treysta mér bara, enda hef ég lengi skipt við þá.“

Helstu verkefni Egils felast í viðgerðum á gömlum húsgögnum og hafa viðskiptin verið stöðug undanfarin tíu til fimmtán ár. „Það er helst að þetta sé aðeins árstíðabundið, ólíkt því sem áður var þegar oft var mun meira að gera á veturna. Þetta er orðið mun jafnara núna,“ útskýrir Egill. Þá var oft tekið til hendinni fyrir jól og fermingarveislur. Með lengri sumarfríum hafa viðskiptin þó færst jafnar yfir árið. „Þá notar fólk oft tímann til að taka til heima hjá sér.“

Húsgögnin sem Egill fær til meðferðar eru antíkhúsgögn allt frá fimmtíu ára yfir í rúmlega hundrað ára gömul. Þó kemur fyrir að fólk láti breyta nýjum húsgögnum. „Þá er fólk kannski að leita að ákveðnum stíl en vill skipta um áklæði. Það er þó ekki algengt,“ segir Egill. Áklæðin eru valin í samræmi við stíl húsgagnanna og innbú viðskiptavinarins en Egill kaupir efnin frá birgjum í Hollandi.

„Það getur verið gífurleg vinna að laga gamla stóla. Það þarf oft að taka þá upp og binda upp fjaðrir. Þetta getur verið mun meiri vinna en að búa til nýjan stól frá grunni,“ útskýrir Egill en mikið handverk. Þess má að lokum til gamans geta að Meistarafélag bólstrara fagnaði áttatíu ára afmæli í apríl síðastliðnum en bólstrun hefur verið stunduð á Íslandi frá því um aldamótin 1900. *-hs*

**●UNNIÐ ÚR NÁTTÚRUEFNUM** Dýrfinna Torfadóttir gullsmiður notar gjarnan náttúruleg efni eins og lax- og hlýraroð, hross- og hreindýrshár og kindahorn í skartgripi sína í bland við eðalmálmana gull og silfur.

Dýrfinna hóf gullsmíðanám árið 1975 úti í Noregi því enginn vildi taka hana í læri hér heima á þeim tíma. Hún er nú meðal þekktustu skartgripasmiða landsins og kveðst reyna að hafa vöruverð við allra hæfi.



**● GRÆÐANDI ÍSLENSKAR JURTIR** Græðirinn frá Sóleyju er lífrænt smyrsl án aukaefna. Það er unnið úr íslenskum jurtum eftir aldargamalli uppskrift sem hefur varðveist í fjölskyldu Sóleyjar Elíasdóttur leikkonu. Um er að ræða alhliða smyrsl sem nota má á exem, þurrkubletti, ertingu í húð, varaþurrk, bleiuútbrot, sveppasýkingu og margt fleira. Þá virkar smyrslið sérstaklega vel á brunasár og hafa margir borið þess vitni.








Ásgerður Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði, vonast til að samstarfsverkefni framleiðslufyrirtækja og hönnuða skili nýjum verðmætum til þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Verðmæti í hönnun

**Útflutningsráð Íslands stendur fyrir samvinnuverkefni íslenskra framleiðslufyrirtækja og hönnuða í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands.**

Íslensk framleiðslufyrirtæki verða pöruð saman við íslenska hönnuði í samstarfsverkefni á vegum Útflutningráðs Íslands og Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Kynningarráðstefna var haldin í gær á Hótel Nordica þar sem fyrstu þrjú fyrirtækin sem hafa verið valin voru kynnt. Þau eru Fossadalur, Villimey og Glófi. Fyrirtæki geta þó sótt um til 20. október en gert er ráð fyrir að fyrirtækin verði alls sex til átta. Tilgang verkefnisins segir Ásgerður Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði, vera að efna til samstarfs framleiðslufyrirtækja og hönnuða og búa til verðmæti.

„Með því að leiða saman íslensk fyrirtæki og hönnuði erum við að vonast til þess að fram komi nýjar vörur sem munu skapa aukin verðmæti og hugsanlega ný markaðstækifæri fyrir framleiðslufyrirtækin. Við byrjuðum á þessu verkefni í haust og auglýstum eftir fyrirtækjum og höfum fengum góðar viðtökur,“ segir Ásgerður. „Í framhaldinu munum við auglýsa eftir hönnuðum sem geta þá komið með hugmyndir fyrir þau fyrirtæki sem voru valin. Hver hönnuður getur sent inn tillögur til tveggja fyrirtækja og svo verður reynt að para saman hönnuði og þau fyrirtæki sem þykir henta og fagráðið sér um það.“

Í fagráði verkefnisins sitja Hrafnkell Birgisson vöruhönnuður, Helga Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs 66°norður og Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Útflutningsráð hefur áður komið að svipuðum verkefnum svo sem 8+8 made in Hafnarfjörður en þetta er í fyrsta sinn sem hönnuðir og framleiðslufyrirtæki eru valin saman á þennan hátt.

Á ráðstefnunni á Nordica Hotel sem var vel sótt héldu meðal annars fyrirlestra hönnuðurinn Max Barenburg sem hannaði barnastólinn Bugaboo sem margir þekkja. Verkefnið hefur gengið vel að sögn Ásgerðar en áætlað er að það verði komið af stað í byrjun nóvember þegar hönnuðir og fyrirtæki hafa verið valin saman. Niðurstaðna er svo að vænta með vorinu.

„Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og það finnst mér jákvætt miðað við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir í dag. Nú þarf bara að horfa til framtíðar.“

*- rat*


PRÓTÍNBOMBUR!




HOLLUSTA

Næringargildi harðfisks og bitafisks kemur flestum á óvart. Það fara fimm kíló af ferskum roðlausum beinlausum ýsuflökum í að búa til eitt kíló af Gullfiski. Gullfiskur notar kælda framleiðsluaðferð, sem þýðir að ferskleikinn heldur sér og næringargildi vörunnar rúmlega fimmfaldast við það að vatnið er dregið úr henni.

Vísindamenn Matís hafa staðfest að Gullfiskur er ótrúlega hollur. Rúmlega 80% hágæða prótín sem næra vöðva líkamans, Omega 3 og nauðsynleg vítamín og snefilefni.

BÓNUS

Veljum íslenskt í Bónus

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita



Hans Jóhannsson smíðar hljóðfæri sem hann hannar sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hljóðfærasmiður með eigin stíl

Hans Jóhannsson fiðlusmiður hefur rekið vinnustofu við Ingólfsstræti í 30 ár. Hann hannar alla sína smíði sjálfur.

„Ég smíða aðallega fiðlur en líka víólur, selló og kontrabassa. Ég fer eftir klassískri línu en hef alveg mitt fingrafar á því. Ég teikna allt sem ég geri frá byrjun, þó innan strangrar fagurfræði. Flestir sem ég þekki til, sem eru að smíða alls staðar í heiminum, eru að gera eftirlíkingar af 17. til 18. aldar hljóðfærum.“

Hans segist hafa nóg að gera og pantanir fram í tímann bíði hans á verkskránni. Viðskiptavinir hans eru um allan heim enda hljóðfæramarkaðurinn ekki svo stór hér á landi.

„Það er frekar lítill markaður hér en þó er hlutfallslega mikið af hljóðfæraleikurum á Íslandi miðað við stærð samfélagsins. Ég smíða aðallega fyrir atvinnufólk, kennara og hljóðfæraleikara úr sinfóníunni. Konsertmeistarinn á til dæmis bæði fiðlu og víólu eftir mig en það hafa verið um það bil átta til tólf hljóðfæri eftir mig í hljómsveitinni hverju sinni.“

Hans vinnur einn á vinnustofunni en undanfarin tvö ár hefur hann unnið að gæluverkefni eins og hann kallar það með Ólafi Elíassyni myndlistarmanni og fleirum. „Klassíska fiðlan hefur verið nánast óbreytt frá barrokktímabilinu en við erum að hanna nýja tegund af strokhljóðfæri sem á við 21. öldina; erum að finna hjólið upp á nýtt byggt á fagurfræði og tæknilegri þekkingu dagsins í dag. Samt vildum við líka halda í hefðina þannig að hvaða fiðluleikari sem er á að geta tekið upp hljóðfærið og fundið sig eins og heima hjá sér.“

*- rat*


Lindu suðusúkkulaði
Súkkulaðisamleikur sælkerans
Linda
Suðu Súkkulaði
200 gr.
PIPAR • SÍA • 60484
Lindu suðusúkkulaði - ómótstæðilega gott!
Linda



**Hver bolli er einstakur þar sem hönnuðurinn notar gamla bolla og gefur þeim nýtt líf.**
MYND/WWW.BIRKILAND.IS

# Bollar á fæti

Þessir sérstöku bollar eða glös, fer eftir því hvernig á þá er litið, eru hugarfóstur íslenska hönnuðarins Hrafnkels Birgissonar. Bollarnir kallast „Hoch die Tassen“ sem útleggst nokkurn veginn sem „lyftum bollum“ og vísar í aukna hæð þeirra sem fæst með því að bregða vínglasfæti undir bollana.

Hrafnkell stundaði nám bæði í Saarbrücken og Berlín. Hann hefur að mestu sinnt sjálfsprottnum nýsköpunarverkefnum á breiðu sviði innan vöruhönnunar og vinnur mikið í hönnunarteymum með öðrum hönnuðum. Hann býr og starfar í Berlín og Reykjavík og er með heimasíðuna www.hrafnkell.com. Bollarnir hans fást víða og má þar meðal annars nefna vefsíðuna www.birkiland.is.



**Pönnukökur eru nánast þjóðarréttur Íslendinga en flestir eiga einhverjar skemmtilegar minningar þeim tengdar.**

# Íslenskar pönnur

Pönnukökur eru ljúffengt íslenskt kaffibrauð sem slær alltaf í gegn þegar gesti ber að garði. Bestar eru þær rúllaðar upp með sykri eða brotnar saman utan um væna slettu af rjóma. Einnig er skemmtilegt að prófa nýjar fyllingar eins og súkkulaði eða síróp og hella upp á heitt kakó með.

Pönnukökurnar er best að baka á rammíslenskri pönnukökupönnu en þær hafa verið framleiddar hjá Málmsteypunni síðan árið 1943. Fyrst voru þær steyptar í sandi en fljótlega var farið að steypa pönnurnar í álmótum. Talsverð vinna liggur í hverri pönnu en þær þarf að slípa til og pússa. Pönnurnar eru því góð eign sem geta enst kynslóða á milli.

*- rat*

# Íslenskur lúxuspappír



Papco er íslenskt fyrirtæki sem stofnað var árið 1983 og framleiðir meðal annars hreinlætispappír, sápur og hanska. Eitt er víst og það er að sífellt er spurn eftir klósettpappír en hvernig gengur í samkeppni við erlenda aðila?

„Sala hjá okkur hefur aukist undanfarið frekar en hitt. Við erum stórir á neytendamarkaði og framleiðum til dæmis klósettpappír fyrir allar verslanir á Íslandi, þar sem annríki hefur verið undanfarið. Unnið var á vöktum hjá okkur til þess að anna eftirspurn,“ segir Guðmundur Ólafur Hermannsson, sölufulltrúi fyrirtækjasviðs Papco, og bætir við: „Ég held að á þessum tímum fari fólk að hugsa sig um og velji frekar íslenska framleiðslu. Það eru því spennandi tíma framundan fyrir okkur.“

Nýjasta varan frá Papco er séríslenskur hágæðaklósettpappír sem kallast Fífa. „Þessi pappír er fyrsta flokks og er í senn ódýr og notendavænn,“ segir Ólafur sannfærandi.

Papco hefur mikið verið í styrktarsölum í því augnamiði að hjálpa skólum og íþróttafélögum að fjármagna ferðalög og útskriftaferðir. Auk þess að selja klósettpappír hefur fyrirtækið sérhæft sig í framleiðslu á eldhúspappír og áprentuðum servíettum fyrir fyrirtæki og veitingastaði. Papco framleiðir einnig hreinsiklúta fyrir bíla, eldhúsrúllur, poka og fleiri hreinlætisvörur. Nýlega fór Papco að bjóða upp á fleiri vörur til fjáröflunar sem gerir leiðir til fjáröflunar fjölbreyttari en áður.



**ÞEGAR VALINN ER LAMPI** við aðaldyr húss skal hafa hugfast að hann lýsi á húsið og aðkomuna að húsinu en ekki framan í þann sem kemur að húsinu því það getur valdið óþægindum. Á það ekki síst við þegar alveg dimmt er orðið. Frá þessu er greint í bókinni 500 hollráð.





Shaggy-spagettímotta fæst í Teppabúðinni – Litaver. Hún er 160 x 230 cm að stærð og kostar 54.900 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Austurlensk motta 133 x 195 cm. Kjörin við antíkhúsgögn og klassískt innbú. Fæst í Teppabúðinni – Litaver á 19.900 krónur.



Þessi motta kallast Nevada Shaggy og er 80 x 150 cm. Mottan er vélofin í Belgíu og er efnið afrafmagnað þannig að ekkert loðir við. Mottan fæst í Persíu á 13.500 krónur.



Hringlaga Pinocchio-mottur frá HAY fást í Epal. Minni gerð kostar 44.200 krónur en stærri 114.400..

# Mjúkt undir iljar

**Mottur og teppi skapa notalega stemmningu á heimilinu og geta rammað inn umhverfi sitt. Fallegt er til dæmis að setja smekklega mottu undir borðstofuhúsgögn eða sófahornið og afmarka þannig það svæði.**

Mottur og teppi fást í ýmsum stærðum og gerðum. Á heimilum þar sem klassískt er umhorfs fer oft vel á því að hafa mottu með hefðbundnu mynstri frá Mið-Austurlöndum. Einnig eru til rómantískari mottur með blómamynstri og fyrir stílhreinni heimili er fjöldinn allur af einlitum mottum með mismunandi áferð.

Eitt það vinsælasta þessa dagana eru svokallaðar spagettímottur þar sem efnisþræðir hríslast út um allt líkt og spagettí. Þegar gengið er á þeim er tilfinningin líkust því að ganga á mjúkum mosa eða í grasi. Velúrmottur hafa einnig rutt sér til rúms en þær eru einstaklega mjúkar viðkomu. -hs



Velúrmotturnar hjá Heimahúsinu eru 170 x 240 cm að stærð og kosta 79.800 krónur. Þær fást í svörtu, ljósu og brúnu og eru sérdeilis mjúkar viðkomu. MYND/HEIMAHÚSIÐ


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

;ALLT MATUR
Alla föstudaga

Jólahlaðborð
á Hótel Stykkishólmi

Jólahlaðborðið á Hótel Stykkishólmi er í hæsta gæðaflokki í umhverfi sem er einstakt, hér er ekkert til sparað í hráefni, umgjörð eða þjónustu. Hótel Stykkishólmur er glæsilegt, nýuppgert hótel í hinu ægifagra umhverfi Snæfellsness. Öll herbergin eru vel búin með t.d. þráðlausu interneti og hótelið státar af einni glæsilegustu svítu landsins.







Föstudaginn 21. nóvember
Föstudaginn 28. nóvember
Föstudaginn 6. desember

Laugardaginn 22. nóvember
Laugardaginn 29. nóvember
Laugardaginn 6. desember

Verð á Jólahlaðborði er aðeins 5.500 kr. á mann
Gisting á föstudagskvöldið er 4000 kr. á mann með morgunmat
Gisting laugardagskvöld er á 4.500 kr. á mann með morgunmat

MATSEÐILL

Úr sjó og vatni
Fennel grafinn lax með sinnepssósu
Skelfisksalat og paté með ferskum kryddjurtum
Reyktur silungur með piparrótarkremi
Jólasíld að skandinavískum hætti
Ciabatta með kavíar og sýrðum rjóma

Villibráð
Grafin gæs með kastaníuhnetumauki
Hreindýra paté með bláberja- og krækiberja compott
Dádýrasteik með ristuðum villisveppum og spergil
Kalkúnabringa með súrsuðum sveppum og sætum kartöflum

Salöt og meðlæti
Epla & sellerí-salat, rauðrófusalat, súrsað gúrkusalat, kartöflusalat, brauðbollur, laufabrauð, rúgbrauð, smjör

Aðalréttir
Gljáð ofnbökuð hunangsskinka
Nautahryggvöðvi „léttreyktur" með steiktum lauk
Hangikjöt með uppstúfi og kartöflum
Ofnbakaður saltfiskur með kremuðu bankabyggi

Transerað af kokkunum
Íslenskt lambalæri & Grísa-purusteik

Meðlæti
Gratineraðar kartöflur, sykurbrúnaðar kartöflur, ferskt markaðs grænmeti og rauðkál
rauðvínssósa, villisveppasósa

Eftirréttir
Ris a la mande með sólberjasaft og kirsuberjum,
Hindberjaberja- og Apríkósuband,
Ávaxtasalat, Créme brûllée,
Vanillusósa, Hindberjasósa

Hotel Stykkishólmur
hotelstykkisholmur@simnet.is
Pantaðu í síma: 430 2100
www.hotelstykkisholmur.is

Hringhotels
www.hringhotels.is

## Stíflubjónusta

Stíflubjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun
Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

**Ólöf spámiðill**
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot ofl. S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna.

Spákona spáir í spil og ræður drauma. Ekkert mín.gjald. Þú hringir & pantar tíma & ég hringi í þig. S. 865 5524 Inga.

- Símaspá - Spái í Tarot, ræð drauma og fleira. Elísabet 663 0813 & 554 3306.

Símaspá-draumráðningar: 9086414, 5535395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

Verktaki getur bætt við sig verkefnum í flísalögn. Uppl. í s. 770 5451.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Nú á allt að seljast!!
Grindur fyrir upphengd salerni verð 20 þús, barskápar, sturtuklefar með gufu, fluorlampar 2x58w IP65 - verð 4000 þús, og mfl. Baðinnréttingar frá 68 þús.
Sími 849 7813
ISmart

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Klassískur gítarpakki frá 12.900 kr. Þjóðlagagítar frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

## Til bygginga

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

Óskum eftir að kaupa stillansa, palla og fleira sem við kemur byggingarvinnu. S. 865 2782 eða á redon@simnet.is

15fm vinnuskúr á hjólum. Gott verð. Fæst í skiptum fyrir kambstál og timbur. S. 892 4624.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Heildsala



Fyrirtæki - Verslanir
Jólalína 2008. Mikið úrval umbúðalausna fyrir fyrirtæki og verslanir. Pappír á rúllum, krullubönd, pokar, körfur, sellofan og fl.
S: 575-0200 www.danco.is DANCO

# HEILSA

## Heilsuvörur

Þú nærð góðum árangri með Herbalife



FYRIR EFTIR
Bergrún Ingimarsdóttir
Sími: 861 5512
beco@simnet.is / www.bergrun.is
Sjálfstæður dreifingaraðili

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

## Nudd

Whole body massage Telepone 841 8529.

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Þjónusta

**Álftanes - Jóga**
Styrkur - Jafnvægi - Slökun - Jógakennsla fyrir alla á frábærum rólegum stað við ströndina. Tímar eru á mán. & fim. kl. 17.30 & 19.00. Uppl. yogadis@hotmail.com S. 698 2545.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla



Jógakennaranám með Guðjóni Bergmann hjá World Class 2009. Kynningarfundur í Laugum 21.okt. kl.20:00. Skráning og nánari upplýsingar á www.gbergmann.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.**



Yndisleg 1 árs inniköttur (læða) fæst gefins vegna sérstakra aðstæðna. Búr og taska fylgir með. Uppl. í s.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

GISTING AKUREYRI - orlofshus.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

**45 fm íbúð í Fjallalind til leigu. Innif. hiti, rafm. og net. Skiptist í rúmgott herbergi, eldhús og baðherbergi. Wc með sturtu. Laus strax. V. 87 þ. á mán. 3 mánuðir fyrirfram. S. 899 3847.**

Til leigu 325 fm. verslunar og skrifstofuhúsnæði í Kópavogi. Húsnæðið er í góðu ástandi. Upplýsingar í síma 824-0220

Gistiheimili langtímaleiga Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. S. 824 4530.

**Íbúðir til leigu**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

2 rooms for rent with balcony, down town 101 (Bankastræti), sharing Bathroom, living room and big kitchen with washing machine. Only orderliness (reglusemi) people, no smoking or partying aloud. Available now. Information 897 7922.

Flott 2 herb. íbúð í 104 Rvk til leigu 1.nóv. Leiga 100 þús. Birna nr. 8213879

Til leigu 165 m2 einbýli við Elliðavatn, stór garður og bílskúr. 2 stór svefnherbergi, 2 baðherbergi, heitipottur inni í garðhúsi. Leigist með eða án húsgagna. Laus fljótlega, s. 696 0730.

75.fm íbúð nálægt H.Í og miðbæ til leigu. V. 150þ. á mán. m/rafm. og hita. Uppl. í s. 899 2230.

Nýuppgerð 4-5 herb, 103fm íbúð í 105 til leigu. 11 tölvutenglar víðsvegar í íbúð tengd ljósleiðara eða adsl. 165þ + veitur 696 3692.

Snotur 82 fm (3-4 herb.) íbúð til leigu í Vesturbænum. Verð 140þ. á mán. Nánari uppl. í s. 693 1836 eftir kl. 18.

Virkilega flott 5 herbergja einbýli til leigu á Selfossi. Húsið sem var byggt 2005 er 206 m2 að stærð. 4 góð svefnherbergi, 2 baðherb, stofur, eldhús, þvottarhús, og bílskúr með geymslulofti. Stór sólpallur. Húsgögn geta fylgt. Leiguskipti á eign á höfuðborgarsvæðinu kemur einnig til greina. Skammt-/Langtímaleiga. Upplýsingar í síma 869 1078 Drífa eða 690 9600 Haraldur.

Skemmtileg 3 herbergja íbúð í miðbæ Garðabæjar (við garðartorg) til leigu. Íbúðin er hin snyrtilegasta og á frábærum stað. Góð geymsla er í íbúðinni. Skammt-/Langtímaleiga. Leiguskipti á stærri eign koma til greina. Húsgögn geta fylgt. Upplýsingar veitir Haraldur í síma 690 9600.

2. herb. íbúð með baði, stóru holi og eldh. Mjög góð leiga. Með breiðbandi og nettengingu. Er staðs. í 109. Uppl. í s. 896 5613.

Björt og falleg 2 herberb. íbúð í rólegu hverfi í 104. Sérinngangur. Laus fljótlega. Sími 847 1160.

65 fm 2 herb. íbúð með sérinng. í tvíbýli til leigu, Reykjanesbæ. Sér inng. 75 þ. m/hita&rafm. Laus strax eða frá og með 1. nóv. Uppl. í s. 841 7139.

Í 104, falleg 4. herb. sérhæð. Stofa, 3svh. eldh. bað, geymsla og þvh. Stutt í leik, grunn og menntask. Leiga 145þ. rafm. hiti og hússj. innif. S: 8643456/5533151

60 ferm íbúð til leigu í Hafnarfirði. Húsgögn að hluta til. Verð kr. 100.000 með hussjóði, hita og rafmagni. Uppl. Í Síma 8974766

Herb. til leigu m/ aðg. að baðh.. á sv. 105. Uppl. í s. 562 0952 & 663 8108.

Stór Stúdíóíbúð, 65 fm. í Mörkinni / Vogahv. V. 78 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 568 3600 & 898 7868 milli kl. 13-16.

Tvær íbúðir, ein 75 fm og hin 35 fm til leigu á sv. 190. Uppl. í s. 898 6368.

## Húsnæði óskast

4 herbergja íbúð óskast til leigu í Hafnarfirði á 100 þús. pr má.n eða 5 herbergja á 120 þús. pr mán. Uppl. í s. 897 2794.

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

## Til sölu



**SÓFALIST - NETVERSLUN**
Sími 692 8022 - www.sofalist.is
Glæsileg spönsk rúmteppi **á gamla genginu!**
Nú er hægt að gera góð kaup.
Mikið úrval.-

**SÓFALIST - NETVERSLUN**
mikið úrval af áklæðum á sófa og stóla




www.sofalist.is
Sími 692 8022








NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir


# Saumað í kreppu og góðæri

Ég er lítil handavinnukona og get ekki sagt að ég hafi vakið aðdáun fyrir hannyrðir í gegnum tíðina. Er þó með eitt verk í smíðum sem hefur verið í vinnslu um áratugaskeið. Þannig háttaði til snemma á níunda áratugnum að ég fékk minni háttar krosssaumsæði, ég var tíu ára og saumaði nokkrar myndir. Svo var það fyrir ein jólin að mér var gefin falleg jólamynd til útsaums sem ég uppfull af eldmóði hóf að telja út og sauma. Gelgjan nálgaðist hins vegar og áhuginn á handavinnunni dofnaði. Jólamyndin góða lenti því hálfköruð inni í skáp og þar við sat um langt skeið. Meira en tuttugu árum síðar dró ég ólétt myndina upp úr glatkistunni.



Ég var á leiðinni í saumaklúbb þegar myndin fannst og tók hana með, sá þarna tækifæri til að rétta hlut minn í saumaklúbb þar sem vill svo til að hannyrðir eru oft við höndina. Síðan þá hef ég gripið í verkið öðru hvoru á haustmánuðum og sú varð raunin í saumaklúbb nú í vikunni. Eftir ekki svo hressandi umræður um efnahagsmál fannst mér ekki annað hægt en að taka upp þráðinn við fortíðina og draga fram handavinnuna.

Það er indælt að sauma út, í góðæri sem kreppu, og það hillir meira að segja undir að ég ljúki myndinni. Mér varð ljóst þegar ég tók hana fram núna að það eru bara örfá snjókorn og fuglar eftir. Ekki myndi ég þó veðja á að myndin klárist í ár, ég hef valið handavinnustundir af slíkri kostgæfni undanfarin ár. Hvað ég svo geri þegar myndinni lýkur er óljóst mál. Kannski að ég ráðist í að klára ponsjóið sem ég byrjaði að hekla á árið 2004. Fyrirséð verklok á því eru þá um 2030.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÍTRÓ ÚTSALAN ER HAFIN

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



Flottar húfur, hanskar o.fl. o.fl.



Hjálmar, allt að 40% afsláttur

Hjálmar og annar öryggisbúnaður á tilboði



Láttu drauminn rætast á góðu hjóli



Dekk og aukahlutir á ótrúlegu verði



**VENTO TRITON – verð 199.000 kr.** – verð áður 220.000 kr.
50 cc, tvígengis, sjálfskipt, loftkælt, 5 hestöfl, 94 kg.

ALLT AÐ 100% FJÁRMÖGNUN



**TERRAMOTO (motorcross) – verð 159.900 kr.** – verð áður 180.000 kr.
125 cc, fjórgengis, 4 gíra, loftkælt, 9,5 hestöfl, 66 kg.



Kraftmikil fjórhjól á lágmarksverði

MÓTORSPORT JÓLAGJAFIR
Leðurjakkar, gallar, peysur, ofl. ofl.



Jakkar, allt að 70% afsláttur

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220. WWW.NITRO.IS
Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Höfn, Reyðarfirði og Ólafsvík.

NITRO

**!** **Kl. 20**
*Haldnir verða tónleikar í Norræna húsinu í kvöld kl. 20 á vegum listahátíðarinnar Sequences, en henni lýkur senn. Á tónleikunum má sjá og heyra afraksturinn af samstarfi Bjarkar Viggósdóttur og bandarísku listakonunnar Caroline Mallonée. Ásamt þeim koma fram Borgar Magnason, Hákon Aðalsteinsson og Kristín Marínella Friðjónsdóttir. Aðgangur er ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Gallery verður Projects

Tekið hefur til starfa sýningarrýmið 101 Projects. Eins og nafnið gefur til kynna er 101 Project á vegum 101 Gallery og byggir á grunni þess, enda rekið í sama húsnæði. Í sýningarrýminu 101 Projects verður áfram boðið upp á samtímamyndlist, með aukinni áherslu á sýningar framsækinna, alþjóðlegra myndlistarmanna. Listrænn stjórnandi 101 Projects er Birta Guðjónsdóttir. Heiðurinn af fyrstu sýningunni í hinu endurskírða sýningarrými fær ísraelska myndlistakonan Tamy Ben-Tor. Hún hefur að mestu starfað á sviði myndbandsverka, en er jafnframt þekkt fyrir gjörninga sína, sem hún hefur flutt við mikil fagnaðarlæti í leikhúsum, á gjörningahátíðum og næturklúbbum. Hún kemur sjálf fram í verkum sínum, bregður sér í ýmis gervi og leikur karaktera, sem hún byggir á þekktum erkitýpum. Verk hennar eru full af gálgahúmor og beittri gagnrýni Ben-Tor á hennar eigin persónulegu aðstæður.

Á sýningunni í 101 Projects, sem opnuð verður í kvöld kl. 18, verða sýnd ný myndbandsverk. Þess ber að geta að sýningin er hluti af listahátíðinni Sequences sem staðið hefur yfir síðustu daga við mikinn fögnuð íslenskra listunnenda. Sýningin stendur svo til 16. nóvember. -vþ



**MYNDBANDALIST** Hluti úr verki eftir Tamy Ben-Tor.

### > Ekki missa af

Ný danskri á Akureyri. Sveitin verður með tvenna tónleika á Græna hattinum á laugardag kl. 20 og 23. Þar frumflytja þeir Turninn í heild sinni auk þess að kíkja í skjóðuna sem geymir öll gömlu lögin. Hljómsveitin fagnaði 20 ára afmæli í fyrra og sendi frá sér nýtt lagasafn, Turninn í vikunni. Forsala fer fram í Pennanum, Akureyri.

## Adiga fær Booker

Indverski rithöfundurinn Aravind Adiga hlaut í fyrradag hin eftirsóttu Booker-bókmenntaverðlaun fyrir skáldsögu sína The White Tiger.

Bókin fjallar um viðskiptagosann Balram Halwai sem lýgur, prettar og svíkur sig úr sárri fátækt upp í hæstu hæðir blómstrandi viðskiptalífsins í Bangalore. Halwai er sögumaður bókarinnar og er því sem sagt sannkölluð andhetja. Dómarar Booker-verðlaunanna voru þó sammála um að Adiga takist merkilega vel upp með að halda samúð og áhuga lesandans með Halwai, þrátt fyrir ógeðfellda hegðun hans og hugsanagang.

Nokkra athygli vekur að The White Tiger er fyrsta útgefna skáldsaga Adiga. Hann er fjórði höfundurinn sem vinnur til Booker-verðlauna fyrir sína fyrstu bók, en seinastur til að vinna það afrek var DBC Pierre árið 2003. Adiga er að auki næstyngsti vinningshafinn til þessa, aðeins 33 ára gamall. Yngsti vinningshafinn var Ben Okri sem vann árið 1991, þá 32 ára gamall. Adiga þótti framan af ekki sérlega sigurstranglegur, enda atti hann kappi við reynda höfunda á borð við Sebastian Barry og Amitav Ghosh.

Formaður Booker-dómnefndarinnar, Michael Portillo, sagði keppnina hafa verið óhemjujafna í ár en bók Adiga hafi einfaldlega verið nægilega sláandi til þess að hljóta verðlaunin.

- vþ

## Fjórir dansar frumsýndir

**Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í kvöld samsetta dagskrá með fjórum nýjum dansverkum eftir fjóra íslenska dansahöfunda. Allt eru þetta dúettar, samdir fyrir tvo dansara.**

Höfundar þessara nýju verka eru Gunnlaugur Egilsson, Lára Stefánsdóttir, Peter Anderson og Sveinbjörg Þórhallsdóttir. ÍD lofar fjölbreyttri kvöldstund með samblandi af drama, húmor, dulúð, rómantík og síðast en ekki síst fallegum og tilfinningaríkum dansi.

Djöflafúgan eftir Gunnlaug Egilsson fjallar um tvær manneskjur og togstreitu þeirra milli veruleika og ímyndunar. „Stundum eru þær samhljóma en oft á flótta í sitt hvora áttina,“ segir í kynningu verksins. Gunnlaugur hefur um langt árabil starfað í Svíþjóð sem dansari en hefur samið fjölda verka, unnið við gerð tónlistarmyndbanda og komið að nokkrum stuttmyndum sem danshöfundur.

Peter Anderson á verkið Ekki beint, kannski á sýningunni í kvöld: „Getur sönn vinátta sprottið af átökum og togstreitu?“ spyr hann í aðfararorðum: „Stundum lærum við að meta fólk með því að takast á við það – þegar ýmislegt óvænt brýst upp á yfirborðið.“ Peter Anderson hefur starfað hjá dansflokkum víða um Evrópu og hefur verið fastráðinn dansari hjá ÍD frá árinu 2001.



**LEIKLIST** Hannes Þór Egilsson og Emilía Benedikta Gísladóttir í Svaninum eftir Láru Stefánsdóttur. MYND ÍD/GOLLI

Konurnar tvær sem eiga verk á dagskrá kvöldsins eru Lára Stefánsdóttir og Sveinbjörg Þórhallsdóttir. Lára er eldri í hettunni, hóf störf hjá ÍD þegar flokkurinn var stofnaður og var þá búin að dansa frá blautu barnsbeini. Hennar verk kallast Svanurinn: „Lítið ævintýri um mann sem hvílist í faðmi fölnandi minninga sem birtast í vitund hans eins og ljós og skuggar. En í djúpi hjarta hans þekkir hann leyndardóma daga sinna og drauma.“ Lára Stefánsdóttir hefur samið fjölda dansverka fyrir ÍD, Pars pro toto og öll helstu leikhús landsins. Lára hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín, m.a. fyrir Lúnu og Elsu, en bæði verkin samdi hún fyrir ÍD og hefur flokkurinn sýnt þau víða um heim.

Yngri er Sveinbjörg Þórhallsdóttir en hennar verk kallast Skekkja: „Þráhyggja og persónuleikaröskun fólks tekur á sig ýmsar birtingarmyndir og hefur áhrif á hversdagslegar athafnir þess. Tilvera einstaklinga skekkist sem og samband þeirra á mili.”

Sveinbjörg hefur viðtæka reynslu sem dansari og danshöfundur og hefur unnið við uppfærslur í öllum atvinnuleikhúsum Reykjavíkur. Sveinbjörg hefur samið fjölda dansleikhúsverka í samstarfi við listamenn úr ólíkum listgreinum.

pbb@frettabladid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
Frumsýning 17. október
**Örfá sæti laus** á fyrstu átta sýningar

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
Ekki missa af eldfjörugum söngleik og ekta diskófjöri!
lau. 18/10 **uppselt**, sýningum lýkur í nóvember

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 19/10 **örfá sæti laus**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
sun. 19/10 tvær sýningar **örfá sæti laus**



Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning í Kassanum
**Frumsýning 24. október**

Macbeth
William Shakespeare
Blóð vill blóð...
Ekki missa af ögrandi sýningu
Takmarkaður sýningafjöldi

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Nú á leikferð um landið, sýningar í Reykjavík í nóvember

www.leikhusid.is



# Hart í bak aftur á svið

**Annað kvöld frumsýnir Þjóðleikhúsið Hart í bak eftir Jökul Jakobsson á Stóra sviðinu í leikstjórn Þórhalls Sigurðssonar. Er þetta í þriðja sinn sem verkið er sett á svið í Reykjavík en það var frumsýnt 1962 í Iðnó.**



**LEIKLIST** Þórir Sæmundsson sem Láki, strákurinn sem vill komast burt úr þorpinu.
MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

Hart í bak hefur löngum verið sagt tímamótaverk, naut gríðarlegra vinsælda þegar Leikfélag Reykjavíkur var að breytast í atvinnuleikhús. Það átti sér þó fyrirrennara í vinsældasýningum íslenskum, meira að segja á sviði Iðnó, eins og Kjarnorku og kvenhylli eftir Agnar Þórðarson og Deleríum Búbónis eftir þá Múlabræður, Jónas og Jón. Sá nýi tónn sem sleginn var í verkinu, en áður hafði Jökull komið á svið verkinu Pókók, var sumpart sóttur til Tennessee Williams, en Gísli Halldórsson, leikari og leikstjóri, réði miklu um hvernig Hart í bak varð til og hafði fáum árum fyrr leikið í Glerdýrum Tennessee. Hart í bak hóf hinn skamma en afkastamikla feril Jökuls sem leikskálds. Jökull hefði orðið 75 ára nú í haust. Þjóðleikhúsið minnist höfundarins með uppsetningu sinni, en Jökull átti mest af sínum ferli framan af í Iðnó í skjóli Sveins Einarssonar en síðari hlutann í Þjóðleikhúsinu.

Í Hart í bak kynnumst við sögu reykvískrar fjölskyldu sem má muna sinn fífil fegurri. Jónatan skipstjóra var eitt sinn trúað fyrir óskafleyi þjóðarinnar, en hann sigldi skipinu í strand. Nú situr hann fyrir utan húskofa fjölskyldunnar, gamall og blindur, og ríður net. Dóttir hans, Áróra, sem eitt sinn þótti besti kvenkostur bæjarins, sér fyrir fjölskyldunni með spákonuvinnu og þiggur fé fyrir næturgreiða. Í Láka syni hennar logar eldur, en hann sér hvergi leið til að láta drauma rætast.

Í sviðsetningu Þórhalls Sigurðssonar leikur Gunnar Eyjólfsson Jónatan og Áróru leikur Elva Ósk Ólafsdóttir. Þórir Sæmundsson leikur Láka og ungu stúlkuna leikur Þóra Karítas Árnadóttir. Pálmi Gestsson leikur Finnbjörn skransala en aðrir leikendur eru Esther Talía Casey, Hjalti Rögnvaldsson, Kjartan Guðjónsson, Friðrik Friðriksson og Þórunn Lárusdóttir. Baldur Trausti Hreinsson tekur við hlutverki Friðriks á fyrstu sýningunum.

Sigurjón Jóhannsson hannar leikmynd sýningarinnar og gerir búninga ásamt Margréti Sigurðardóttur. Um tónlist og hljóðmynd sér Jóhann G. Jóhannsson en Jóhann Bjarni Pálmason hannar lýsingu. pbb@frettabladid.is




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 16. október 2008**

**➜ Tónleikar**

**20.00 Fimmtudagsforleikur** Hljómsveitirnar Hvar er Mjallhvít, Happy Funeral, Óskar Axel og Coral koma fram ásamt danshópnum Ice on fire. Aðgangur ókeypis. Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5.



**➜ Opnanir**

**16.30 Sauðskinn, saffían og shirtingur** Opnun sýningar í tilefni af aldarafmæli bókbandsstofu í Þjóðarbókhlöðunni, Arngrímsgötu 3.

**➜ Sýningar**

**Þjóðin, landið og lýðveldið** Sýning á ljósmyndum og kvikmyndum Vigfúsar Sigurgeirssonar frá 1936-1960 í myndasal Þjóðminjasafnsins, Suðurgötu 41. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

**➜ Tónlist**

**22.00 Bít Box kvöld** Reggae/Dub hljómsveitin Ojba Rasta spilar reggae-húsganga í bland við frumsamið efni. Aðgangur ókeypis. Glaumbar, Tryggvagötu 20.

**12.15 Hádegistónleikar** Haukur Gröndal og Kjartan Valdemarsson leika frumsamda tónlist í Vonarsal SÁÁ, Efstaleiti 7.

**21.00 Jazzkvintettinn Draumar og hljómsveitin Spilispil** verða með tónleika á Kaffi Rósenberg, Klapparstíg 25.

**➜ Uppákomur**

**Listahátíðin Sequences stendur nú yfir. Nánari upplýsingar á www.sequences.is**

**19.00** Klive heldur tónleika í tengslum við Airwaves í Kling & Bang, Hverfisgötu 42.

**22.00** FM Belfast & Reykjavík! verða með tónleika í The Lost Horse Gallery, Skólastræti 1.

**➜ Leiklist**



**20.00 Þjóðleikhúsið** verður með sýningu á leikritinu **Sá ljóti í Sláturhúsinu**, menningarsetri á Egilsstöðum.

**➜ Myndlist**

**Sólveig Eggertz** sýnir akrýlmyndir á Hrafnistu, menningarsal á 1. hæð. Sýningin er opin alla daga og stendur til 10. nóv.

**Pleinairism** i8 gallery er með sýningu á verkum 38 myndlistarmanna frá ýmsum löndum. i8 gallery,Klapparstíg 33. Opið þri.- fös. 11.00-17.00 og lau. 13-17.00. **Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



**> Gekko snýr aftur**
Kvikmyndafyrirtækið Twentieth Century Fox hyggst, í ljósi atburða á efnahagsmörkuðum heimsins, hraða framleiðslu framhaldsmyndar um ævintýri auðmannsins gráðuga Gordons Gekko, sem Michael Douglas túlkaði á ógleymanlegan hátt í kvikmyndinni Wall Street. Í nýju myndinni þarf Gekko að takast á við óstöðuga fjármálamarkaði 21. aldarinnar.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Roy vann verðlaun Norðurlandaráðs

Sænski kvikmyndaleikstjórinn Roy Anderson og framleiðandi hans Pernilla Sandström fengu í gær kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2008 fyrir kvikmyndina Þið, sem lifið: „Í þessari stórkostlegu kvikmynd Þið, sem lifið veltir Roy Andersson fyrir sér lífinu, dauðanum og veikleikum mannskepnunnar. Með einstökum stílog tilþrifum í myndatöku og frásagnartakti vekur þessi sinfónía daglegs lífs okkur til umhugsunar um gildi kvikmynda, en kennir okkur líka að skynja kvikmyndafrásögn á nýjan hátt. Í stað hefðbundinnar línulegrar frásagnar er Þið, sem lifið gerð úr röð samsettra atriða, sögubrotum úr heimi sem er í senn dapur og afkáralega fyndinn. Þessar meinfyndnu og tragísku svipmyndir sýna okkur manninn í sinni fegurstu og ljótustu mynd, þær koma okkur til að hlæja og vekja okkur til umhugsunar. Í stuttu máli minnir Þið, sem lifið okkur á kosti kvikmyndarinnar, að hún getur miðlað afar persónulegri sýn á heiminn,“ segir í áliti dómnefndar. Myndin var frumsýnd í Cannes 2007 í Un Certain Regard-keppninni. Hún var framlag Svía til Óskarsverðlaunanna. Hún vann einnig til Gullþrennu-verðlaunanna í Chicago í ár og er tilnefnd til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna. Anderson sagði í gær verðlaunin hafa mikla þýðingu: „ Ég tel ástæðu til að hrósa Norðurlandaráði fyrir viðleitni til að setja kvikmyndina á stall og meta sem æðri list, eins og gert hefur verið með öðrum verðlaunum fyrir tónlist og bókmenntir. En auk þess heiðurs sem verðlaunin eru mér skipta þau einnig máli í raun, vegna þess að peningarnir sem fylgja viðurkenningunni veita mér einstakt tækifæri til að flýta rannsókn og handritagerð fyrir næstu kvikmynd mína, en þar mun mér gefast tækifæri til að nýta nýja tækni.“



**KVIKMYNDIR** Roy Anderson hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.

# Terroristamyndir

Baader Meinhof Komplex, kvikmynd Uli Edel, skekur nú þýskt samfélag en hún var frumsýnd í þýskumælandi löndum 25. september. Þykir ýmsum nóg um þá athygli sem upprifjun á blýárum Evrópu vekur. Myndin er að fara hinn hefðbundna rúnt um Evrópu. Hún verður sýnd á kvikmyndahátíðinni í London í nóvember. Hún var frumsýnd í Svíþjóð í gær, en ekki er vitað um frumsýningu hennar hér á landi enn.

Í Danmörku verður hún frumsýnd í apríl, en þar í landi eru menn líka uppteknir af slóð hermdarverkamanna. Baader Meinhof Komplex byggir á stórri rannsókn sem kom út á bók. Skyldur hópur borgarskæruliða í Danmörku, Blekinggadebanden, hefur líka fengið sitt rannsóknarverk í tveimur bindum sem eru efniviður í kvikmyndir. Stóð lengi í vetur mikill slagur milli Danmarks Radio og Zentropa og TV2 um rétt á sögunni og er nú að skýrast að tvær langar sjónvarpsseríur verða í boði á dönsku sjónvarpsstöðvunum í vetur sem fjalla um efnið frá ólíkum sjónarhólum.

Andstætt blóði drifinni slóð Baader Meinhof í bankaránum, sprengjuárásum og átökum við lögreglu, var hópurinn í Blekinggade bara í bankaránum, þótt þar félli einn lögreglumaður. Hópurinn rændi fjölda banka og kom ránsfengnum í hendur PFLP, samtaka til frelsunar Palestínu. Þeir voru handteknir um síðir rétt eins og Baader Meinhof-hópurinn og dæmdir í fangelsi. Fæstir félagar þýska hópsins kembdu hærurnar: forystumenn hans styttu sér aldur í Stamheim-fangelsinu sem byggt var yfir þau. Ekki er vitað til að íslenskar sjónvarpsstöðvar hafi tryggt sér þessar væntanlegu þáttaraðir.

- pbb




**KVIKMYNDIR** Stríðið gegn ríkinu – kunn forsíða Spiegel eftir ránið á Schleyer.



**TIL MÓTS VIÐ ÖRLÖGIN** Þrjár aðalpersónur Sex Drive komast í hann krappann á ferð sinni um Bandaríkin.

# Ekið inn í fullorðinsárin

**Kvikmyndin Sex Drive verður frumsýnd í kvikmyndahúsum á Íslandi og í Bandaríkjunum á morgun. Segja fróðir menn að hér sé kominn réttmætur arftaki American Pie-myndanna.**

Í Sex Drive fylgja áhorfendur eftir hinum seinheppna Ian, 18 ára gömlum Bandaríkjamanni, sem á sér þann draum heitastan að missa sveindóminn áður en hann hefur háskólanám að hausti. Honum gengur illa að nálgast konur í sumarstarfi sínu sem kleinuhringjasölumaður og þykir botninum endanlega náð þegar yngri bróðir hans nær sér í kærustu.

Ian leitar á náðir veraldarvefjarins og kynnist þar hinni sjóðheitu Ms. Tasty sem gefur honum til kynna að hún sé til í tuskið. Vandinn er bara sá að Ian þarf að komast frá Chicago til Flórída til þess að láta drauminn rætast. Hann tekur því bíl eldri bróður síns traustataki og leggur af stað í langferð yfir Bandaríkin ásamt tveimur bestu vinum sínum til móts við manndóm sinn og örlög. Það þarf vart að taka það fram að ferðalangarnir lenda í ýmsum ævintýrum á leiðinni og fullorðnast talsvert.

Sex Drive er markaðssett sem arftaki American Pie-myndanna, en sá ágæti bálkur naut mikilla vinsælda um heim allan í lok tuttugustu aldarinnar og blábyrjun þeirrar tuttugustu og fyrstu. Yrkisefni myndanna eru enda svipuð; ástin, lífið og ekki síst kynlífið. Myndirnar fjalla um hið viðkvæma skeið þegar unglingsárunum er við það að ljúka og alvara fullorðinsáranna að taka við og þær takast á gamansaman hátt á við hin margvíslegu vandamál sem að fólki steðja á þessum aldri. Það þarf vart að minna kvikmyndaáhugafólk á að American Pie-myndirnar urðu að lokum svo margar að ekki er hlaupið að því að henda reiður á endanlegum fjölda þeirra. Fróðlegt verður að sjá hvort Sex Drive-veldið verður jafnmikið um sig þegar upp er staðið.

Kvikmyndagerðarfólkið sem stendur að Sex Drive hefur komið víða við í kvikmynda- og sjónvarpsbransanum vestanhafs. Leikstjóri myndarinnar er Sean Anders, en hann er einnig annar handritshöfunda ásamt John Morris. Nú er bara að bíða og sjá hvort þeir félagar hafa náð að seiða fram grínsmell vetrarins.

vigdis@frettabladid.is

# Í kvennafans á Manhattan

Á morgun frumsýnir Myndform kvikmyndina Konur. Myndin skartar hópi þrautþjálfaðra leikkvenna með þær Meg Ryan og Annette Bening í broddi fylkingar. Hér er á ferðinni endurgerð á samnefndri mynd frá 1939 sem George Cukor vann eftir að hann var rekinn frá Gone with the wind. Mynd sú er sögufræg: 130 konur konu fram í henni og þar var safnað saman öllum helstu leikkonum MGM á sínum tíma. Myndin er gerð eftir samnefndu leikriti eftir Claire Booth Luce sem sýnt var á Broadway 1936, en handritið vann hún árið 1939 ásamt Anitu Loos með aðstoð F. Scott Fitzgerald.

Þessi nýja uppsuða úr hárbeittri sýn á stöðu velmegandi kvenna á Manhattan á fjórða áratugnum er tilkomin vegna áhuga Diane English, leikstjóra, handritshöfundar og framleiðanda sem á að baki hina vinsælu þætti um Murphy Brown sem hér voru sýndir fyrir margt löngu. Meðal annarra leikkvenna sem koma fram í þessari nýju gerð er Candice Bergen. Önnur þekkt andlit sem sjást í nýju gerðinni eru Debra Messing, Jada Pinkett Smith, Carrie Fisher og Bette Midler.

Konur er kómedía um konur í stórborg, heim giftra kvenna sem búa við velsæld, ekki ólíkt því sem við þekkjum úr Sex and the City, utan þær eru ögn eldri og komnar í hjónaband. Vinátta og vantraust, framhjáhald og fleðuskapur eru blandan í þessum kokteil, sem lýsir fáguðu lífi sem byggir þó á sömu gildum og byggja upp vinahóp og kunningja.

- pbb



**KVIKMYNDIR** Hópur kvenna í safaríkum hlutverkum. Annette Bening í hlutverki sínu í Konum sem sýnd er í Háskólabíói og Laugarásbíói.

MYND: MYNDFORM



# 30% afsláttur

## af ÖLLUM vítamínum og fæðubótarefnum




**Omega-3**
Gerðar hafa verið fjölmargar rannsóknir á áhrifum Omega-3 fitusýra, einkum EPA og DHA, sem birtst hafa í vísindaritum víða um heim og jafnframt er fjallað um jákvæða eiginleika þeirra í fjölmiðlum með reglulegu millibili.
Því hefur meðal annars verið haldið fram að Omega-3 fiskiolía hafi jákvæð áhrif á andlega heilsu og dragi úr liðverkjum og morgunstirðleika. Omega-3 fitusýrur hafa einnig góð áhrif á hjarta- og æðakerfi auk þess að gegna mikilvægu hlutverki við uppbyggingu heila og miðtaugakerfis.

OPIÐ til 20 alla daga

# EAS fitubrennsluvörur

eru mikilvægur hluti af hverri grenningaráætlun




Svalandi og grennandi orkudrykkur sem gerir þér kleift að ná fram meiri afköstum í baráttunni við aukakílóin.

Yfirburða fæðubót sem getur gert gæfumuninn þegar stefnt er að hámarks árangri í grenningu.

Thermo DynamX fitubrennsluhylki auka grunnbrennslu líkamans sem þýðir einfaldlega að þú nærð meiri árangri við sama erfiði.

Thermo DynamX er fitubrennsluvara þróuð til að flýta þyngdartapi, auka orkustig og einbeitingu.

Innihaldsefni Thermo DynamX vinna saman að auknum hvíldarefnaskiptahraða sem er lykilatriði til að auka brennslu á hitaeiningum.

Thermo DynamX inniheldur m.a. grænt te, hvítt te, oolong te, þeóbrómín, koffín, guarana, cayenne pipar og engifer.

Fyrir mestan árangur ætti að nota vöruna samhliða hollu mataræði og markvissri hreyfingu.




Gildir til 19. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > SVEPPIR Í MATINN

*Tími sveppatínslu nær frá miðju sumri og stundum langt fram á haust, svo margir luma eflaust á slatta af matarsveppum á þessum tíma árs. Gott er að þurrka sveppina eða steikja þá við vægan hita til að ná vökvanum úr þeim áður en þeir eru frystir. Sveppina er svo kjörið að nota út í súpur eða pottrétti á köldum haustkvöldum.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN BJARTMAR ÞÓRÐARSON LEIKARI OG LEIKSTJÓRI

# *Gæti ekki verið án taílensks matar*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Án nokkurs vafa myndi það vera taílenskur matur og allt karrý! Tom kha-ghai súpa er mjög ofarlega á listanum og ég eyði miklum tíma heima hjá mér í að elda taílenskan mat.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það myndi vera máltíð sem ég borðaði á eþíópískum veitingastað á Manhattan. Allt borðað með höndunum af súrdeigspönnukökum – sterkir kjöt- og grænmetisréttir, súrdeigspönnukökunum svo dýft í chutney úr chili, sítrónusafa, lauk og tómötum. Ég slefa enn þá við tilhugsunina.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég á í frekar stormasömu sambandi við ferska tómata en borða allt sem unnið er úr þeim. Grænar ólívur vekja líka með mér þó nokkurn hrylling en samt er ég sólginn í pestó. Annars er það nú frekar fátt sem ég treð ekki í mig af íslenskri neysluáfergju.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Blessuð kryddin bjarga öllu og eiga eftir að redda kreppusúpunni fyrir horn.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Þegar krónan hrundi eldaði ég bara jólamat. Skellti mér út í búð og keypti stærðarinnar stykki úr svíni sem ég skellti í ofninn. Svo var svínka étin með nýjum kartöflum, grænum baunum, brúnni sósu og öðru tilheyrandi meðlæti.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Það myndi vera mjólk í kaffið. Svo reynir maður nú að eiga eitthvað smá á brauð, helst léttost með grænmeti. Svo er sódavatn algjörlega ómissandi.



**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Hænu, hún myndi verpa ofan í mig og halda mér félagsskap. Svo þegar björgunarskipið kæmi myndi ég tína ferskar kryddjurtir og kokka hænuna á opnum eldi.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Pitsa sem ég fékk úti á Mallorca þegar ég var tíu ára kemur upp í hugann. Það var kótiletta á henni miðri og búið að raða vínberjum í kringum kótilettuna af miklu listfengi. Ekki vond, en ekkert sérstaklega girnileg heldur.

# Haustleg gulrótasúpa

Á köldum haust- og vetrarkvöldum er fátt betra en heit súpa. Það þarf ekki að vera flókið eða tímafrekt að útbúa ljúffenga súpu og það er um að gera að nota uppskeru sumarsins til að töfra fram máltíð sem yljar allri fjölskyldunni.



**HEITT OG LJÚFFENGT** Það er fátt betra en heit súpa og brauð á köldum haust- og vetrarkvöldum.

### Gulrótasúpa með sítrónurjóma fyrir fjóra

25 gr. smjör
1 stór laukur
1 tsk. rifið ferskt engifer
2 hvítlauksgeirar
600 gr. gulrætur skornar í bita
675 ml kjúklingasoð

**Sítrónurjómi**
Rifinn börkur af einni sítrónu
Sýrður rjómi
Ferskur graslaukur

Bræðið smjörið í potti við vægan hita. Bætið lauknum út í og steikið þar til hann verður mjúkur. Setjið þá engifer og hvítlauk út í, svo gulræturnar og steikið í tvær mínútur til viðbótar.

Setjið kjúklingasoðið út í og hitið að suðu. Lækkið þá hitann og látið malla í um tuttugu mínútur eða þar til gulræturnar eru orðnar mjúkar.

Útbúið sítrónurjómann á meðan súpan kólnar aðeins og geymið hann í kæli.

Maukið súpuna með töfrasprota eða í blandara, setjið aftur í pottinn, hitið upp og kryddið með salti og pipar. Þynnið með kjúklingasoði ef þarf.

Súpan borin fram í skálum, sítrónurjóminn settur síðast og graslauknum stráð yfir.

# Fíkjur og hunang

Fíkjur, ostur og hunang eru himnesk þrenning og skemmtileg tilbreyting við hinn hefðbundna ostabakka með kexi og sultu. Fíkjurnar mega annaðhvort vera ferskar eða grillaðar, allt eftir smekk, en þær eiga að vera upp á sitt besta á þessum árstíma og því um að gera að njóta þeirra nú.

Komið góðum ricotta-osti fyrir á bakka, skerið fíkjur í sneiðar og raðið í kringum hann. Dreypið fljótandi hunangi yfir herlegheitin og krýnið ostinn að lokum með ferskri mintu og möndluflögum. Einfalt og unaðslegt á kvöldin eða í matarboðinu.



**ÖÐRUVÍSI OSTABAKKI** Gefðu sultunum frí og berðu fram fíkjur ásamt ricotta-osti og hunangi. NORDICPHOTOS/GETTY


Hinar vinsælu barna-afmæliskökur færðu hjá okkur

batman, barbie, dóra, pirates of the caribian, litla hafmeyjan, kærleiksbangsarnir og margar fleiri disney fígúrur.

Þú getur séð fleiri myndir inn á:
www.okkarbakari.is



"bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur"

Opnunartíminn er sem hér segir:
Mánud.til föstud. Kl.7.30 – 18.00
Laugardag Kl.8.00-16.00
Sunnudag kl. 9.00 – 16.00

OKKAR BAKARÍ
Iðnbúð 2 - Garðabæ - sími: 565 8070


# Þingvallableikjan best

**Hallgrímur Ólafsson leikari hefur í nógu að snúast í Borgarleikhúsinu. Þegar tími gefst til nýtur hann þess að elda góðan fisk.**

„Ég hirði allan fisk og bý til alls konar góðgæti úr honum," segir Hallgrímur Ólafsson leikari. „Konan mín borðar ekki kjöt svo ég elda mikinn fisk. Þá bulla ég bara eitthvað því ég á hvorki vigt né mælitæki og klúðra því yfirleitt uppskriftum," útskýrir Hallgrímur sem er önnum kafin í Borgarleikhúsinu þar sem hann leikur í Fló á skinni og Fólkinu í blokkinni.

„Ég er mikill veiðimaður og veiddi töluvert í sumar þegar ég var í fríi. Þá tók ég bara sojasósu með mér og borðaði mikið hráan fisk á bakkanum. Bleikjan er í uppáhaldi og þá sérstaklega Þingvallableikjan. Hún er svo feit og góð. Uppáhaldsmaturinn minn er samt saltkjöt, baunir og kjötsúpa, en mér finnst bara töff að borða matinn sem ég veiði," segir Hallgrímur sem kveðst ekki sakna þess að fá kjöt á heimilinu.

„Ég fæ mjög góðan mat í Borgarleikhúsinu. Þar er eldað alvörukjöt og það leikur allt í höndunum á þeim. Nema um daginn þegar það var slátur í matinn. Það er ekki matur heldur eitthvað sem við borðuðum því það var ekkert annað til. Það er kannski það sem við þurfum að fara að éta núna út af kreppunni." segir Hallgrímur og hlær. „Slátur og grjónagrautur er eitthvað sem ég get ekki borðað," bætir hann við.

„Mér finnst lykilatriði að finna svolítið bragð af matnum og finnst sterkur matur mjög góður. Ég elda stundum fiski- eða kjötsúpur og þá set ég chili og engifer út í," segir Hallgrímur að lokum og gaf okkur girnilega uppskrift að Þingvallableikju. **alma@frettabladid.is**



**HRIFINN AF STERKUM MAT** Hallgrími finnst lykilatriði að finna svolítið bragð af matnum og notar gjarnan chili og engifer við eldamennskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Draumur Þingvallaveiðimannsins

2 vænir chili-gaurar
1 búnt ferskt kóríander
slatti af hvítlauk
1 feitur hnulli af engiferrót
1 meðalstór blaðlaukur
1 paprikuhlussa, rauð
slatti af kartöflum (helst smælki)
1 væn Þingvallableikja, kannski tvær, fer algerlega eftir veiðimanni.
nokkrir humarhalar eða annars konar heldri manna sjávarfang
2 dósir af kókosmjólk
vatn
salt og pipar
grænmetiskraftur

*Allt grænmetið nema kartöflurnar og paprikan steikt í potti með smá olíu, kryddað með salti og pipar. Vatni og grænmetiskraftinum bætt út í ásamt kartöflunum. Næst er kókosmjólkinni hellt saman við og saltað eftir smekk. Beðið er síðan eftir því að suðan komi upp og þá er fiskinum ásamt paprikunni bætt saman við og látið standa í smá stund. Borið fram með hvítlauksbrauði og hamingju. Svo eru herlegheitin melt með umhyggju og alúð.*

# Ferskur og einfaldur matur

„Við opnuðum eldhúsið fyrir rúmum hálfum mánuði," segir Númi Þorkell Thomasson, kokkur á skemmti- og veitingastaðnum Boston á Laugavegi. Eldhúsi staðarins var lokað síðustu jól, en Númi hefur nú endurvakið eldamennskuna á Boston með opnun veitingastaðarins Segurmo.

„Við leggjum mikið upp úr einföldum réttum í bland við hefðbundin íslenskan mat. Til dæmis bjóðum við alltaf upp á plokkfisk og kjötsúpu. Matseðillinn breytist svo vikulega á mánudögum þar sem við bjóðum upp á mismunandi grænmetis-, fisk- og kjötrétti," útskýrir Númi sem hefur starfað sem einkakokkur Bjarkar Guðmundsdóttur á nokkrum túrum söngkonunnar. Sjálfur hefur hann komið að tónlist því hann spilaði trommur með Andhéra, en trommar nú með hljómsveitinni Borko.

Númi nýtur dyggrar aðstoðar Sigurðar Magnúsar Finnssonar í eldhúsinu. Hann er einnig kunnugur tónlistarbransanum því auk þess að vera aðstoðarkokkur Núma er hann sem er hann hristuleikari hljómsveitarinnar Singapore Sling.

„Við reynum að velja úr tiltölulega ódýru en góðu hráefni. Í þarsíðustu viku vorum við til dæmis með folaldakjöt og í síðustu viku buðum við upp á hrefnu. Aðstaðan í eldhúsinu er lítil og það er ekki mikið pláss til að geyma hluti, svo maturinn er alltaf nýr og ferskur," bætir hann við.

Aðspurður segir hann verðið vera í algjöru lágmarki. „Það er allt nánast gefins hérna. Þrátt fyrir lágt verð eru samt engir smáskammtar og fólk fær nóg fyrir peninginn," segir Númi að lokum.

-ag



**HELDUR VERÐI Í LÁGMARKI** Númi segir skammtana á Boston vel útilátna þrátt fyrir að verðið sé í algjöru lágmarki.





eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

> **TÖKUR HAFNAR**

Tökur eru hafnar í Þýskalandi á nýrri stríðsmynd Quentins Tarantino, Inglorious Bastards. Þrír leikarar hafa bæst í hópinn, þeir Omar Doom og Michael Bacall sem báðir léku í síðustu mynd Tarantinos, Death Proof, og Julie Dreyfus, sem fór með hlutverk Sophie Fatale sem missti annan handlegginn svo eftirminnilega í Kill Bill, enn einni Tarantino-myndinni.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Skautalag komið út

Hljómsveitin Ghostigital hefur gefið út nýtt lag sem nefnist Hoovering Hoover Skates, eða Svífandi ryksuguskautar. Fjallar textinn um uppfinningamann sem er í skýjunum yfir nýjasta sköpunarverki sínu. Listahópurinn Weird Girls hefur búið til myndband við lagið þar sem hjólaskautar leika stórt hlutverk.

Næstu tónleikar Ghostigital verða á Iceland Airwaves í kvöld á Tunglinu. Á morgun heldur sveitin síðan til London þar sem hún spilar á hátíðinni Frieze Art Fair. Þar hefur galleríið Kling & Bang sett upp barinn Sirkus og mun Ghostigital spila þar á laugardag og sunnudag.

Nóg er um að vera hjá Ghostigital því í seinustu viku gaf hún þjóðinni endurhljóðblöndun Gus Gus af laginu Hvar eru peningarnir mínir? í tilefni af fjármálakreppunni. Fram undan hjá sveitinni er svo útgáfa á nýrri plötu, Aero, sem hún tók upp með Skúla Sverrissyni og Finnboga Péturssyni. Einnig spilar sveitin í desember á hátíðinni Nightmare Before Christmas ásamt Mugison og fjölda erlendra hljómsveita.



**GHOSTIGITAL** Hljómsveitin Ghostigital hefur gefið út lagið Hoovering Hoover Skates.

## Madonna og Guy Ritchie að skilja

**Staðfest hefur verið að hjónaband Madonnu og Guys Ritchie sé á enda. Þau ákváðu að greina frá skilnaðinum því þau telja sig ekki geta búið lengur við rifrildi og deilur. Einkum hafa deilurnar staðið um það að Madonna vill ættleiða annað barn en Guy er því andvígur.**

**Hjónakornin stefna að því að vera búin að ganga frá skilnaðinum fyrir jól. Þau hafa lengi reynt að vinna úr sínum vandamálum en vissu þó bæði innst inni að þetta mundi enda með skilnaði, að því er erlendir miðlar greina frá.**







# Trúum því að leti sé dyggð

**Fyrsta plata hljómsveitarinnar Slugs er komin út og heitir einfaldlega Slugs. Teitur bassaleikari segir tónlist sveitarinnar afar greddulega.**

*Á umslagi fyrstu plötu Slugs er stærðar svín með ámáluðu nafni hljómsveitarinnar. Er Slugs svona svínsleg hljómsveit?*

„Nei nei, við höfum bara mikinn áhuga á svínum," segir Teitur bassaleikari, talsmaður sveitarinnar í þessu viðtali. „Þetta eru skemmtilegar skepnur, krúttlegar og vanmetnar og eingöngu til þess að vera étnar. Við höfum líka dálæti á svínaafurðum, til dæmis beikonskinku."

*Þekkið þið þetta svín á umslaginu?*

„Já, þetta er hún Freyja. Hún er í Húsdýragarðinum. Svo vill til að einn helsti aðdáandi sveitarinnar heitir líka Freyja svo við erum komnir með tvö Slugs-svín."

Strákarnir hafa verið í hinum og þessum böndum í gegnum tíðina. Vinnsla plötunnar tók langan tíma og hún var í mikilli þróun og deiglu mánuðum saman. „Ég myndi segja að músikin okkar sé aðallega ávöxtur samveru okkar. Það er engin stefna tekin og svolítið frjálst flæði og gredda í gangi."

Teitur játar á sig þó nokkurn sameiginlega áhuga hljómsveitarmeðlima á pönkuðu subburokki og hljómsveitum eins og Butthole Surfers, The Jesus Lizard og The Cramps. En hvað með framtíðina?

„Við ætlum bara að halda Slugslífsstílnum áfram. Hann gengur út á þá útópísku pælingu að þurfa ekki að vinna. Það er raunhæft markmið núna. Þótt þú haldir að þú eigir peninga þá áttu þá ekki. Við trúum því að leti sé dyggð."

Slugs spila á Hressó kl. 21.30 í kvöld og fyrir framan Smekkleysu-búðina á Laugavegi kl. 16 á laugardaginn.

drgunni@frettabladid.is



**DÁLÆTI Á SVÍNAAFURÐUM, TIL DÆMIS BEIKONSKINKU** Hljómsveitin Slugs frá vinstri: Geiri gítar, Sindri söngur, Andrea bakrödd, Heisi trommari og Teitur bassaleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÁSTFANGIN** Jessica Simpson er ánægð með kærasta sinn, ruðningskappann Tony Romo, og vill helst eignast með honum sex börn.

## Vill eignast sex börn

Jessica Simspon segist vilja eignast sex börn með kærasta sínum Tony Romo. Í viðtali við ástralska dagblaðið Daily Telegraph segist Jessica gjarnan vilja hafa sex börn hlaupandi um húsið, en til þess þurfi hún að hefja barneignir mjög fljótlega. Hún segir Romo bera alla þá kosti sem hún geti hugsað sér, hún elski hann heitt og sé stolt af því að vera kærasta hans.

Aðspurð segist hún ekki sjá eftir því að hafa gert raunveruleikaþættina Newlyweds með fyrrverandi eiginmanni sínum, söngvaranum Nick Lachey, og segist ekki taka sjálfa sig of alvarlega.






## Umbreyting húðarinnar – fullkomin mýkt.



Tímamót í förðun. Ný örþekjutækni umbreytir púðurögnum þannig að þær breiðast yfir húðina eins og mýksta satín. Farðinn umbreytir yfirborði húðarinnar svo hún verður silkimjúk og rennislétt.

Inniheldur sérstaka blöndu með örfínum ögnum sem slétta húðina og vernda gegn skaðlegum efnum sem veikja varnir húðarinnar og geta gert hana grófa.

Hentar konum á öllum aldri og hvaða húðtegund sem er.

Perfect Smoothing Compact Foundation
**Lykillinn að fullkominni húð.**

## SHISEIDO VIKA Í HAGKAUP 16.-22. OKTÓBER

Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum og Garðabæ.

Nýtt augnkrem sem birtir upp augnsvæðið
Nýr púðurfarði fyrir allar konur
Nýju haustlitirnir
Glæsilegir gjafakassar



Flott hliðartaska fylgir með ef verslað er fyrir 6.000 kr. eða meira.*

* Gildir á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE BUNNY | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| PINAPPLE EXPRESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 4 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| PINAPPLE EXPRESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MIRRORS | kl. 10.20 | 16 |
| RAFMÖGNUÐ REYKJAVÍK | kl. 5.30 - 6.45 | L |
| BABYLON A.D. | kl. 5.45 - 8 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE BUNNY | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| HAMLET 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE BUNNY | kl. 8 - 10 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| MAMMA MIA | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

## Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RIGHTEOUS KILL | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - Ísl. Tal | kl. 6 (650 kr.) | L |
| MAMMA MIA | kl. 8 og 10 | L |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

## SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SEX DRIVE Forsýning | kl. 8 - 10:20 | DIGITAL | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:20 | VIP | |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | | L |
| QUEEN RAQUELA | kl. 8 -10:10 | | 12 |
| PATHOLOGY | kl. 8 - 10:10 | | 16 |
| WILD CHILD | kl. 5:50 - 8 | | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | | L |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 5:50(3D) | | L |
| TROPIC THUNDER | kl. 10:10 | | 16 |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 5:50 | | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE Forsýning | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| QUEEN RAQUELA | kl. 10:20D | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 6 - 8:10 | L |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 6 - 8:10 | 12 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 | 16 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 8 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| CHARLIE BARTLETT | kl. 10:10 Síð. sýn. | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 8 | 12 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 8 | 12 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| QUEEN RAQUELA | kl. 10:10 | 12 |





# Wanderlust valið myndband ársins

Myndbandið við lag Bjarkar Guðmundsdóttur, Wanderlust, af plötunni Volta hlaut þrenn verðlaun á bresku VMA-tónlistarmyndbandahátíðinni, þar á meðal fyrir myndband ársins. Einnig var myndbandið verðlaunað fyrir bestu listrænu stjórnunina, sem var í höndum Isaiah Saxon. Bar Björk þar sigurorð af þekktum flytjendum á borð við Hot Chip, The Liars og Flight of the Concords. Að auki var Wanderlust valið besta indímyndbandið.

Fyrirtækið Encyclopedia Pictures, sem er í eigu leikstjóranna Isaiah Saxon og Sean Hellfritsch, framleiddi hið sjö mínútna langa myndband, sem var búið til í tví- og þrívídd. Framleiðslan tók níu mánuði en í myndbandinu fer Björk í dularfullan leiðangur niður á og fær á leið sinni hjálp frá sérstæðum uxum.

Ekki er langt síðan myndband Chris Cunningham við lag Bjarkar, All is Full of Love, var valið annað besta myndband sögunnar af tónlistarstöðinni MTV. Í fimmta sæti í þeirri kosningu var lag Sigur Rósar, Svefn-g-englar.



**WANDERLUST** Björk fær aðstoð frá sérstæðum uxum í myndbandinu við lagið Wanderlust.

# Cheadle í Iron Man 2

Leikarinn Don Cheadle mun taka við hlutverki Terrence Howard sem Jim Rhodes, besti vinur Robert Downey Jr. í framhaldsmyndinni Iron Man 2. Samningaviðræður við Howard gengu ekki upp og var þá leitað til Cheadle, sem ku vera í miklu uppáhaldi hjá framleiðandanum Marvel Studios.



**DON CHEADLE**

Talið er að persóna Rhodes muni leika stærra hlutverk í framhaldinu en myndin er sögð fjalla um baráttu járnmannsins við hátæknivædda þrjóta. Leikstjóri verður hinn sami og áður, Jon Favreau, og Downey snýr aftur sem milljarðamæringurinn Tony Stark. Einnig er talið öruggt að Gwyneth Paltrow verði aftur í hlutverki aðstoðarkonu Stark, Pepper Potts. Iron Man 2 er væntanleg í bíó vorið 2010.

## ICELAND AIRWAVES: DAGUR 2

# *Sílspikað í Hafnarhúsinu*

Spikfeitt tónlistarkvöld bíður gesta á Airwaves í kvöld og eflaust verður sílspikaðasta upplifunin á Listasafni Reykjavíkur. Þar spila þrjár áhugaverðar erlendar sveitir í beit.

Kvöldið hefst á íslenska rafgrúinum **Biogen** kl. 19, en kl. 20.15 er komið að hljómsveitinni **The Mae Shi**. Þetta er sex manna band frá Los Angeles. Músíkin er tilraunakennt, sýrulegið og melódískt rafrokk, útkoman ekki ósvipuð og ef hljómsveitirnar Deerhoof, Led Zeppelin og Flaming Lips hefðu ákveðið að sameinast. Nýjasta platan heitir HLLYH og fékk 9 af 10 í einkunn fyrr á árinu í NME.

Næst er enska hljómsveitin **Florence & The Machine** kl. 21. Þar fer fremst í flokki 21 árs söngkona að nafni Florence Welch. Hún var uppgötvuð við að syngja inni á klósetti í partíi fyrir 18 mánuðum en er nú ein af þeim efnilegustu í bransanum. Hetjurnar hennar eru Patti Smith, Kate Bush og Björk, og hún hljómar ekki ósvipað og PJ Harvey á fyrsta tímabili ferils hennar. Bæði The Mae Shi og Florence eru gefin út af enska merkinu Moshi Moshi, sem hefur lengi verið viðloðandi Airwaves.

Næst koma aðrir Bretar, dúettinn **Fuck Buttons** kl. 21.45. Samfarahnapparnir hafa vakið mikla lukku fyrir fyrsta albúmið sitt, Street Horrrsing, sem kom út á þessu ári. Þar rís og hnígur transvekjandi og fallegur rafhávaðaniður sem fær mestu karlmenni til að verða lina inni í sér. Tónleikar dúettsins þykja mikilfenglegir svo vissara er að mæta með vasaklút.

Eðalmennin í **Gus Gus** klára svo kvöldið á nautnafullu sjói og fara á svið kl. 22.45.

**- drg**

### MEIRA GOTT Í KVÖLD

Á Tunglinu spyrja **Ghostigial** hvar peningarnir þeirra séu (kl. 21:30) og **XXX Rottweiler** hundar rífa kjaft strax á eftir.

Sænska gæðapoppsöngkonan **El Perro del Mar** treður upp á Nasa kl. 22:15.

**Æla** loka sultufínu pönkkvöldi á Hressó kl. 23.

**1985!** stíga á svið á miðnætti og ljúka massívu hipp-hopp-kvöldi á 22.



**FUCK BUTTONS** Hávaðaniður sem lætur karlmenni gráta.


# Að týna barni

Magnþrungin fjölskyldusaga sem heillað hefur milljónir lesenda.

„Þessi saga, um barn sem fæðist með Downs-heilkenni og þann þétta vef lyga og leyndarmála sem þá fer af stað, er meistaralega unnin og óvæntasta metsölubók sumarsins.“

The Courier-Journal




BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

NÝ BÓK

# Saman á ný?

Samband leikkonunnar Jennifer Aniston og söngvarans Johns Mayer hefur verið undir smásjánni að undanförnu, en síðast bárust fregnir af sambandsslitum þeirra í september síðastliðnum eftir tólf vikna samband. Nú eru uppi vangaveltur um hvort parið hafi tekið aftur saman eftir að þau sáust í innilegum faðmlögum og kyssast á flugvelli í Los Angeles síðastliðinn mánudag.

Jennifer Aniston, sem er 39 ára, er sögð vilja láta reyna aftur á samband þeirra Johns Mayer, sem er 30 ára og hefur því verið í reglulegu sambandi við söngvarann að undanförnu. Parið mun hafa komið saman í einkaflugvél til LA frá New York þar sem Jennifer Aniston undirbjó kynningarherferðir fyrir nýjustu kvikmyndir sínar He's just not that into you og Marley and me, en John slakaði á eftir að hafa nýlega lokið við tónleikaferðalag um heiminn.



**VILDI HEFJA NÝTT SAMBAND** Jennifer Aniston er sögð hafa saknað Johns Mayer og viljað hefja nýtt samband með söngvaranum.

# Grínistar málsvarar Íslands

Á meðan íslenskir ráðamenn gera lítið af því að verja þjóð sína í Bretlandi fyrir ásökunum forsætisráðherrans Gordons Brown hafa þarlendir fjölmiðlar leitað á náðir íslenskra grínista í von frekari um útskýringar á efnahagskrísunni.

Uppistandararnir Rökkvi Vésteinsson og Snorri Hergill Kristjánsson hafa báðir verið í hlutverki málssvara Íslands í viðtölum að undanförnu, Rökkvi hjá breska ríkisútvarpinu og Snorri Hergill hjá sjónvarpsstöðinni ITV, en Snorri hefur verið búsettur í London.

Eftir kynningu útvarpsmanns sem sagði Rökkva einn mesta grínista Íslands minntist Rökkvi á þorskastríðið og íslenska víkinga í viðtalinu við BBC Radio og bætti því við að vegna lágs gengis krónunnar væri núna hárrétti tíminn fyrir útlendinga að sækja landið heim til að kynnast fallegri náttúrunni, rétt eins og fögru kvenfólkinu. Spurður út í hátt bjórverðið sagði hann það litlu máli skipta því menn þurfi ekki að kaupa eins marga bjóra og í Bretlandi því kvenfólkið væri svo fagurt.



**RÖKKVI VÉSTEINSSON** Uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson var nýverið í viðtali hjá breska ríkisútvarpinu BBC.

Annar Íslendingur sem breskir fjölmiðlar hafa leitað til og hefur ekki heldur komið nálægt stjórnmálum er Rúnar Birgisson, umboðsmaður Megasar.

Rúnar hafði á sínum tíma umboð fyrir Sky-sjónvarpsstöðina á Íslandi og var af því tilefni fenginn í viðtal á stöðinni þar sem hann reyndi hvað hann gat að verja heiður Íslands.

Gaman verður að sjá hvert breskir fjölmiðar leita næst eftir fréttum af Íslandi. Kannski Laddi sé næstur á blaði? **- fb**



**BUÐU ÞÝFIÐ UPP Á EBAY** Emmett-hjónin stálu meðal annars hátískufatnaði og fótboltaskóm frá David og Victoriu Beckham.

# Húshjálpin var þjófur

Fyrrverandi vinnuhjú Beckham-hjónanna, parið Eric og June Emmett, rændu heimili Davids og Victoriu og buðu þýfið upp á vefsíðunni eBay. Upp komst um parið eftir að foreldrar Victoriu Beckham, Tony og Jackie Adams, fengu ábendingu um uppboðið. Þau könnuðu málið og komust þá að því að umræddur hlutir voru horfnir af heimili Beckham-hjónanna, en þar á meðal var hátískufatnaður Victoríu og fótboltaskór af David Beckham.

Eftir að hafa tilkynnt málið til lögreglu var gerð húsleit hjá Emmett-hjónunum, þar sem hlutirnir fundust, en þau neita allri sök í málinu. Emmett-hjónin, sem eru á sextugsaldri, höfðu starfað á heimili Victoriu og Davids Beckham í tíu ár þegar atburðurinn átti sér stað og meðal annars séð um Beckham-höllina á meðan fjölskyldan var að heiman.



**RIDLEY SCOTT** Leikstjórinn Ridley Scott ætlar að kvikmynda vísindaskáldsöguna The Forever Wars.

# Barist við geimverur

Næsta verkefni leikstjórans Ridleys Scott á eftir Nottingham verður kvikmyndun á vísindaskáldsögu Joe Haldeman, The Forever Wars. Sagan fjallar um hermenn sem berjast við geimverurnar Taurans eftir að þær hafa ráðist á jörðina. Tímaflakk og ormagöng koma þar einnig við sögu.

Scott vildi gera myndina fyrir 25 árum en þurfti að hætta við vegna þess að honum tókst ekki að tryggja sér kvikmyndaréttinn. Þetta verður því fyrsta mynd hans byggð á vísindaskáldsögu síðan Alien og Blade Runner komu út fyrir allmörgum árum. Síðasta mynd Scott, Body Of Lies, með Leonardo DiCaprio í aðalhlutverki var frumsýnd vestanhafs um síðustu helgi.


upp á við
um þig
um gleðina
jákvætt
um ástina
um það sem skiptir máli
með eldmóði
um náttúruna
„við getum þetta"
um börnin okkar
um lífið
**hugsaðu**
á nýjan hátt
um heilsuna
hvetjandi
skipulega
**með bjartsýni um framtíðina**
um fjölskylduna
fram á veginn
um vinina
um Ísland
um ástvini
um ný tækifæri

**ÞJÓÐINA Í TAKT**

**á Ingólfstorgi föstudaginn 17. október kl. 17:00**

Við Íslendingar þurfum að standa saman og fagna lífinu sem ein þjóð!

Hittumst og stillum saman strengi í taktföstum trommuslætti á **Ingólfstorgi föstudaginn nk. kl. 17:00. Karl Ágúst Úlfsson** leiðir þjóðina í takt og eru allir hvattir til að mæta með sína trommu, hrísgrjónahristu, pott, plastfötu, sleif, pönnu, baunahristu eða allt hvað sem gefur frá sér góðan takt.

**Nú mæta allir saman; mömmur, börn, ömmur, makar, pabbar, frænkur, afar, frændur, vinir, vinnufélagar en aðallega þú!**

Allir sem koma að uppákomunni gefa vinnu sína.

pixel prentþjónusta
KRÍA design
practical
www.practical.is

## > Fara KR-ingar aftur illa með ÍR-inga?

Þrír fyrstu leikir Iceland Express-deildar karla í körfubolta fara fram í kvöld og margra augu verða á leik Reykjavíkurfélaganna KR og ÍR í DHL-Höllinni. ÍR sló KR óvænt út úr úrslitakeppninni í vor en KR-ingar hafa hefnt fyrir það með tveimur stórsigrum í haust, fyrst 97-56 í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins og svo 90-68 í Powerade-bikarnum. Aðrir leikir kvöldsins eru leikur FSu og Njarðvíkur í Iðu á Selfossi og leikur Grindavíkur og Stjörnunnar í Grindavík. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15.



# sport

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: VIÐURKENNIR AÐ ÍSLENSKA LIÐIÐ HAFI VERIÐ HEPPIÐ Í GÆR

## *Ég sagði að hlutirnir myndu falla fyrir okkur*



Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson var sposkur á svip þegar ummæli Srecko Katanec, landsliðsþjálfara Makedóníu, um að Makedóníumenn hefðu verið mun betri aðilinn voru borin undir hann.

„Verð ég þá ekki að segja að við höfum verið betri aðilinn? Nei, ég viðurkenni alveg að við vorum ef til vill örlítið heppnir. Við héldum hins vegar leikskipulaginu og héldum haus og ég hef alltaf sagt að ef við myndum gera það, þá myndu hlutirnir fara að falla með okkur. Það gerðist núna í þessum leik,“ segir Ólafur.

Ólafur kvað spilamennsku Makedóníumanna ekki hafa komið sér á óvart.

„Við höfum jafnan lagt leikina þannig upp að við reynum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að halda eigin marki hreinu, en nú vildi ég snúa taflinu við. Við ætluðum að pressa þá hátt strax í upphafi og koma marki á þá á fyrstu fimmtán mínútunum. Ég veit ekki betur en það hafi staðið fimmtán á leikklukkunni þegar markið kom,“ segir Ólafur sem kvað seinni hálfleikinn hafa verið talsvert erfiðan að horfa á.

„Ég var mjög ánægður með fyrri hálfleikinn en eftir að menn skora hafa þeir oft tilhneigingu til þess að falla til baka í stöðunni 1-0 og halda fengnum hlut og við gerðum það í seinni hálfleik. Makedónarnir breyttu líka um leikkerfi í seinni hálfleik og settu aukamann í framlínuna og mér fannst við virka dálítið smeykir og hræddir þá. Við þurftum að bregðast við því með skiptingum og kannski komu þær aðeins of seint.“

Ólafur er ágætlega sáttur við stöðuna í 9. riðli þegar fyrri umferð er lokið hjá íslenska landsliðinu. „Þessi leikur var algjör úrslitaleikur fyrir okkur upp á framhaldið að gera og það var ánægjulegt að taka þrjú stig til þess að halda sér í baráttunni. Því við erum ekkert langt frá Skotum og Norðmönnum í getu og ég tel Makedóníu vera þar aðeins á undan.“

**1-0**

Ísland – Makedónía

Laugardalsvöllur., áhorf.:5.527 Dereli frá Tyrklandi (6)

*1-0 Veigar Páll Gunnarsson (16.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–16 (3–7) |
| Varin skot | Gunnleifur 7 – Milosevski 2 |
| Horn | 3–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 5–14 |
| Rangstöður | 8–10 |



**SLAKUR** Eiður Smári fann sig engan veginn og meiddist síðan

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Katanec, þjálfari Makedóníu:

## Við vorum miklu betri

**FÓTBOLTI** „Við vorum miklu, miklu betri í leiknum. Við sköpuðum okkur í það minnsta tíu góð marktækifæri til þess að skora en Ísland skoraði úr sínu eina marktækifæri í leiknum. Hvað getur maður sagt? Svona getur fótboltinn verið. Það ber þó að hrósa Íslandi fyrir sigurinn,“ segir landsliðsþjálfarinn Screcko Katanec hjá Makedóníu.

Katanec vildi lítið tjá sig um möguleika Makedóníu í baráttunni um annað sætið í 9. riðli.

„Við tökum bara einn leik í einu og teljum stigin að riðlinum loknum. Þetta tap var vonbrigði,“ segir Katanec. - óþ

# Skúta Ólafs skipstjóra á réttri leið

**Ísland vann sinn fyrsta sigur í undankeppni HM undir stjórn Ólafs Jóhannessonar í gær er Makedóníumenn lágu í Dalnum, 1-0. Það er mikill stígandi í leik liðsins undir stjórn Ólafs og möguleikar í stöðunni.**

**FÓTBOLTI** Ísland vann góðan, en afar tæpan, 1-0 sigur á Makedóníu í Laugardal í gær. Íslenska liðið spilaði mjög vel í fyrri hálfleik en gaf allt of mikið eftir í þeim síðari og var heppið að fá ekki á sig jöfnunarmark.

Íslenska liðið tók völdin á vellinum mjög fljótlega, náði yfirráðum á miðjunni og sótti af nokkrum krafti. Hin umtalaða úrslitasending klikkaði þó ítrekað.

Eftir rúmlega stundarfjórðungsleik komst Ísland síðan yfir. Eiður Smári tók frekar slaka aukaspyrnu sem þó hitti Brynjar Björn í teignum, þaðan datt boltinn frekar óvænt fyrir Veigar Pál sem kláraði skot sitt auðveldlega af stuttu færi.

Talað var um það fyrir leikinn að mikilvægt væri fyrir Ísland að skora snemma þar sem búast mætti við að Makedóníumenn yrðu pirraðir í kjölfarið. Þessir spádómar rættust því Makedóníumenn brotnuðu við markið og urðu frekar pirraðir og þá sérstaklega sóknarmenn liðsins sem ítrekað voru dæmdir rangstæðir. Þeir voru þess utan andlausir og máttlausir. Nenntu ekki einu sinni að brjóta á íslenska liðinu.

Það var gaman að sjá leik íslenska liðsins. Leikmenn geisluðu af sjálfstrausti og þorðu að halda boltanum vel innan liðsins en á það hefur Ólafur þjálfari lagt mikla áherslu. Þrátt fyrir oft og tíðum fínt spil úti á velli gekk ekkert að skapa færi en Ísland leiddi engu að síður með einu marki í leikhléi.

Það var fátt sem benti til annars á fyrstu mínútum síðari hálfleiks en að Ísland myndi halda áfram að stýra leiknum. Þá skiptu Makedóníumenn Vancho Trajanov inn af bekknum, breyttu um áherslur í leik sínum og náðu í kjölfarið völdum á miðsvæðinu og þar með á leiknum.

Íslenska vörnin fór allt í einu að gefa færi á sér og Makedóníumenn fengu ein fjögur gullin færi til þess að jafna leikinn en voru annaðhvort algjörir klaufar eða Gunnleifur varði vel frá þeim. Besta færið fékk stjarna þeirra, Goran Pandev, en hann skaut boltanum í Indriða Sigurðsson fyrir opnu marki. Þar slapp íslenska liðið heldur betur fyrir horn.

Sóknarleikur íslenska liðsins var svo gott sem enginn í síðari hálfleik og munaði talsvert um að Eiður Smári fann sig engan veginn og frammistaða hans kristallaðist er hann virtist slasa sig við að mótmæla rangstöðudómi.

Þrátt fyrir slakan síðari hálfleik hélt íslenska liðið hreinu og fagnaði þar með fyrsta sigri sínum í undankeppni HM innilega.

Ísland er því enn á lífi í riðlinum og á vissulega möguleika að blanda sér í keppnina um annað sæti riðilsins. Þó er ljóst að liðið verður að rífa stig á útivelli og óþarfa tap gegn Skotum á heimavelli gæti bitið liðið í afturendann þegar upp verður staðið.

Það dylst engum að Ólafur Jóhannesson er á hárréttri leið með íslenska liðið. Það hefur tekið stórstígum framförum undir hans stjórn og það er stígandi í hverjum leik. Leikmenn hafa mikið meira sjálfstraust en áður og sérstaklega er ánægjulegt að sjá liðið þora að halda og spila boltanum.

Ólafi hefur einnig tekist að rífa upp andann í liðinu og nú leggja allir leikmenn sig fram af heilum hug en það var því miður ekki þannig. Með slíku hugarfari og sífellt vaxandi sjálfstrausti getur liðið haldið áfram að ná góðum úrslitum. henry@frettabladid.is



**SIGURMARKIÐ** Veigar Páll liggur í grasinu eftir að hafa skotið boltanum í markið. Hermann Hreiðarsson er ekki fjarri því að setja tána í boltann en gerði það sem betur fer ekki því þá hefði líklega verið dæmd rangstæða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRAMMISTAÐA ÍSLENSKA LIÐSINS

**BYRJUNARLIÐIÐ**

| | |
|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifsson , markvörður | 8 |
| Fumlaus frammistaða hjá Gunnleifi fyrir utan nokkrar slakar spyrnur. Varði oft mjög vel og búinn að gulltryggja sæti sitt í liðinu. | |
| Grétar Rafn Steinsson , hægri bakvörður | 6 |
| Stóð vaktina ágætlega í vörninni en lét lítið að sér kveða í sókninni. | |
| Kristján Örn Sigurðsson, miðvörður | 8 |
| Enn og aftur besti varnarmaður íslenska liðsins. Hrikalega traustur. | |
| Hermann Hreiðarsson , miðvörður | 7 |
| Sterkur og gaf fá færi á sér. | |
| Indriði Sigurðsson , vinstri bakvröður | 6 |
| Fínn í vörninni en tók lítinn þátt í sókninni eins og Grétar Rafn. | |
| Birkir Már Sævarsson, hægri kantmaður | 4 |
| Kom lítið út úr Birki sem fyrr og staða hans í liðinu hlýtur að vera í hættu. | |
| Brynjar Björn Gunnarsson, tengiliður | 6 |
| Meiddist snemma en stóð fyrir sínu þær mínútur er hann spilaði. | |
| Stefán Gíslason, tengiliður | 5 |
| Sterkur framan af en gaf mikið eftir í síðari hálfleik. | |
| Emil Hallfreðsson, vinstri kantmaður | 4 |
| Mikið í boltanum og oft of lengi með hann. Kom ekkert út úr hans aðgerðum. Allt of einfættur og það háði honum oftar en einu sinni í leiknum. | |
| Eiður Smári Guðjohnsen, sóknartengiliður | 3 |
| Týndur og tröllum gefinn. Skapaði ekkert, ógnaði ekkert, kom sér lítið í boltann og skilaði engu. | |
| Veigar Páll Gunnarsson, framherji | 6 |
| Líflegur og ógnandi framan af en fjaraði svo undan honum. Skoraði mark og hefur sýnt í síðustu tveim leikjum að hann á heima í liðinu. | |

**VARAMENN**

| | |
|---|---|
| 26. Arnór Gunnarsson fyrir Brynjar Björn Gunnarsson | 6 |
| Kom sterkur inn en gaf mikið eftir í síðari hálfleik eins og Stefán. | |
| 65. Pálmi Rafn Pálmason fyrir Veigar Pál Gunnarsson | 5 |
| Ísland lítið í sókn þær mínútur sem hann spilaði og Pálmi því ekki áberandi. | |
| 81. Theódór Elmar Bjarnason fyrir Eið Smára Guðjohnsen | - |

Eiður Smári og Veigar Páll ánægðir með sigurinn og Veigar með rassinn sinn:

# Mjög fínt að hafa stóran rass

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen hafði afar hægt um sig í íslenska liðinu í gær en var auðvitað ánægður með sigurinn.

„Ég held þetta sé kærkomið, ekki bara fyrir okkur, heldur alla þjóðina. Á krepputímum verðum við að standa saman og við gerðum það í kvöld,“ sagði Eiður Smári og bætti við: „Við lögðum upp með að skora snemma og það tókst. Þetta var ekki fallegasti fótbolti í heimi. Undanfarna leiki höfum við verið að spila ágætlega og fá ekkert út úr því. Í kvöld hékk þetta kannski á þunnum þræði en við sóttum og náðum uppi með þrjú stig, svona er fótboltinn.“

Eiður var ekki alveg sáttur við tyrkneska dómara leiksins en þvertekur fyrir að hafa meiðst við að mótmæla rangstöðudómi. „Ég tognaði aftan í læri og það verður bara að sjá hvað kemur út úr því. Ég hugsa að ég verði mjög tæpur um helgina,“ sagði Eiður.

Hetjan Veigar Páll var eðlilega sáttur. „Nú erum við aftur komnir með möguleika á að komast upp úr riðlinum, það hefði verið svolítið vonleysi ef við hefðum tapað þessum leik, þannig að þetta var mjög mikilvægur sigur,“ sagði Veigar. „Við ætluðum að byrja á því að sækja grimmt og okkur tókst það og settum markið frekar snemma. Eftir markið vorum við aðeins of varkárir og duttum óþarflega langt niður, við hugsuðum svolítið um það að verja þessi þrjú stig þegar við vorum komnir yfir. Vörnin hélt náttúrulega gríðarlega vel í dag, við fáum þrjú stig í lokin þannig að við erum sáttir,“ sagði Veigar sem játaði að smá heppnisstimill hefði verið á markinu.

„Það er mjög fínt að hafa stóran rass til að ná að taka á móti boltanum. Það er leyfilegt að hafa smá heppni í þessu og það var þannig hjá mér,“ sagði Veigar glettinn að lokum. - sjj



**HETJAN** Veigar Páll er heldur betur búinn að stimpla sig inn í landsliðið. Hann þakkaði rassinum sínum fyrir aðstoðina við markið FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Undankeppni HM 2010*

**1. RIÐILL**

Malta-Ungverjaland 0-1
0-1 Sandor Torghelle (23.)

**2. RIÐILL**

Lettland-Ísrael 1-1
Lúxemborg-Moldóva 0-0
Grikkland-Sviss 1-2
0-1 Alexander Frei, víti (42.), 1-1 Angelos Charisteas (68.), 1-2 Blaise N'Kufo (77.)
**Stigin:** Grikkland 9, Ísrael 8, Sviss 7, Lettland 4, Lúxemborg 4, Moldóva 1.

**3. RIÐILL**

Tékkland-Slóvenía 1-0
1-0 Libor Sionko (64.)
Slóvakía-Pólland 2-1
0-1 Euzebiusz Smolarek (70.), 1-1 Stanislav Sestak (85.), 2-1 Stanislav Sestak (86.).
Norður-Írland-San Marínó x-x
1-0 David Healy (30.), 2-0 Grant McCann (43.), 3-0 Kyle Lafferty (56.), 4-0 Steve Davis (75.)
**Stigin:** Slóvakía 9, Pólland 7, Slóvenía 7, Tékkland 4, Norður-Írland 4, San Marínó 0.

**4. RIÐILL**

Rússland-Finnland 3-0
1-0 Sjálfsmark (22.), 2-0 Sjálfsmark (65.), 3-0 Andrej Arshavin (89.).
Þýskaland-Wales 1-0
1-0 Piotr Trochowski (72.)
**Stigin:** Þýskaland 10, Rússland 6, Wales 6, Finnland 4, Aserbaídsjan 1, Liechtenstein 1.

**5. RIÐILL**

Bosnía-Armenía 4-1
1-0 Emir Spahic (31.), 2-0 Edin Dzeko (39.), 3-0 Zlatan Muslimovic (55.), 3-1 Vardan Minasyan (85.). 4-1 Zlatan Muslimovic (89.)
Eistland-Tyrkland 0-0
Belgía-Spánn 1-2
1-0 Wesley Sonck (6.), 1-1 Andrés Iniesta (36.), 1-2 David Villa (88.).
**Stigin:** Spánn 12, Tyrkland 8, Belgía 7, Bosnía 6, Eistland 1, Armenía 0.

**6. RIÐILL**

Króatía-Andorra 4-0
1-0 Ivan Rakitic (16.), 2-0 Ivica Olic (32.), 3-0 Luka Modric (75.), 4-0 Ivan Rakitic, víti (86.)
Hvíta-Rússland-England 1-3
0-1 Steven Gerrard (12.), 1-1 Pavel Sitko (28.), 1-2 Wayne Rooney (50.) , 1-3 Rooney (74.).
**Stigin:** England 12, Króatía 7, Úkraína 7, Hvíta-Rússland 3, Kasakstan 3, Andorra 0.

**7. RIÐILL**

Litháen-Færeyjar 1-0
1-0 Danilevicius (22.)
Austurríki-Serbía 1-3
0-1 Milos Krasic (15.), 0-2 Milan Jovanovic (18.), 0-3 Ivan Obradovic (24.), 1-3 Marc Janko (80.)
**Stigin:** Serbía 9, Litháen 9, Frakkland 4, Austurríki 4, Rúmenía 4, Færeyjar 1.

**8. RIÐILL**

Georgía-Búlgaría 0-0
Írland-Kýpur 1-0
1-0 Robbie Keane (5.)
Ítalía-Svartfjallaland 2-1
1-0 Alberto Aquilani (10.), 1-1 Mirko Vucinic (19.), 2-1 Alberto Aquilani (29.)
**Stigin:** Ítalía 7, Írland 7, Búlgaría 3, Svartfjallaland 3, Georgía 2, Kýpur 1.

**9. RIÐILL**

Noregur-Holland 0-1
0-1 Mark van Bommel (63.)
Ísland-Makedónía 1-0

**Staðan í riðlinum**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Holland** | **3** | **3** | **0** | **0** | **5-1** | **9** |
| Skotland | 3 | 1 | 1 | 1 | 2-2 | 4 |
| **Ísland** | **4** | **1** | **1** | **2** | **4-6** | **4** |
| Makedónía | 3 | 1 | 0 | 2 | 2-3 | 3 |
| **Noregur** | **3** | **0** | **2** | **1** | **2-3** | **2** |


Tuskur
sem létta þrifin
Klútar
Grisjur
Svampar
Pottasvampar
Gólfklútar
Rykklútar
- allt til þrifa

TAKK hreinlæti ehf.
Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
Kíktu á heimasíðuna okkar
www.takk.is


Hermann Hreiðarsson og Grétar Rafn Steinsson:

# Sanngjörn úrslit

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson stóð vaktina vel í gær. „Að sjálfsögðu var þetta sanngjarn sigur, við unnum 1-0. Þeir fengu einhver færi, en við fengum fín færi í Hollandi og skoruðum ekkert, svona er fótboltinn,“ sagði Hermann eftir leikinn. „Það er búinn að vera góður stöðugleiki í þessu en þetta snýst um að fá stig. Ég held við eigum þetta alveg skilið og þetta er mikill léttir. Riðillinn er galopinn og það gerir þetta skemmtilegt,“ sagði Hermann.

Íslenska liðið byrjaði leikinn framarlega sem virtist koma Makedóníumönnum á óvart „Við héldum hárri línu og þetta var ekkert mikið vandamál hjá okkur þarna aftast. Fyrsta korterið slátraði þessu, það er engin spurning, við lögðum grunninn að sigrinum þar,“ sagði Hermann.

Grétar Rafn Steinsson kom aftur inn í liðið eftir að hafa misst af leiknum gegn Hollandi vegna meiðsl. „Við stóðum okkur vel, sérstaklega í fyrri hálfleik, hefðum mátt fara aðeins ofar á völlinn í síðari hálfleik en ég er mjög ánægður með liðið og frammistöðu þess,“ sagði Grétar Rafn.

„Þeir pressuðu okkur ofarlega á vellinum og þá þurftum við að beita sendingum fram. Við vorum auðvitað ekki með Heiðar uppi og vorum því ekki að vinna eins marga bolta. Fyrri hálfleikurinn var líklega einn besti hálfleikur okkar í lengri tíma og ef hitt liðið skorar ekki þá er það nóg,“ sagði Grétar Rafn kátur. **- sjj**



**SIGURREIFIR** Hermann Hreiðarsson fór mikinn eftir leik, svo mikinn að menn lágu í gólfinu út af látunum í honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## ÚRSLITIN Í GÆR

### N1-deild karla í handbolta

Valur – Haukar 35-23 (21-8)

**Mörk Vals:** Elvar Friðriksson 8/1 (15/2), Baldvin Þorsteinsson 6/1 (6/1), Arnór Þór Gunnarsson 6 (8), Sigfús Páll Sigfússon 4 (6), Orri Freyr Gíslason 3 (3), Sigurður Eggertsson 3 (9), Arnar Sveinn Geirsson 2 (2), Ingvar Árnason 1 (2), Ólaf ur Haukur Gíslason 1 (2), Anton Rúnarsson 1 (4)
**Varin skot:** Ólafur Haukur Gíslason 21/2 (42/6 50%), Pálmar Pétursson 2/2 (4/4 50%)
**Hraðaupphlaup:** 8 (Arnór 4, Baldvin 3, Ingvar)
**Fiskuð víti:** 3 (Sigfús Sigurðss., Sigurður, Ingvar)
**Utan vallar:** 16 mínútur
**Mörk Hauka:** Andri Stefan 5 (8), Gísli Jón Þórisson 4/2 (7/3), Sigurbergur Sveinsson 4/3 (12/5), Kári Kristján Kristjánsson 3 (3), Gunnar Berg Viktorsson 2/1 (5/2), Tryggvi Haraldsson 1 (1), Pétur Pálsson 1 (2), Freyr Brynjarsson 1 (2), Hafsteinn Ingason 1 (4), Arnar Jón Agnarsson 1 (6), Elías Már Halldórsson (1)
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 10 (33/2 30,3%), Gísli Guðmundsson 1 (13 7,7%)
**Hraðaupphlaup:** 4 (Andri 2, Pétur, Hafsteinn)
**Fiskuð víti:** 9 (Pétur 3, Kári 2, Andri, Hafsteinn, Gunnar, Arnar)
**Utan vallar:** 6 mínútur

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **5** | **3** | **2** | **0** | **149-124** | **8** |
| FH | 4 | 2 | 1 | 1 | 120-116 | 5 |
| **HK** | **4** | **2** | **0** | **2** | **105-113** | **4** |
| Haukar | 4 | 2 | 0 | 2 | 111-109 | 4 |
| **Akureyri** | **4** | **2** | **0** | **2** | **106-108** | **4** |
| Fram | 3 | 2 | 0 | 1 | 84-82 | 4 |
| **Stjarnan** | **3** | **0** | **1** | **2** | **64-74** | **1** |
| Víkingur | 3 | 0 | 0 | 3 | 86-99 | 0 |

### Iceland Express kvenna

Keflavík-Haukar 60-65 (50-49)

**Stig Keflavíkur:** Pálína Gunnlaugsdóttir 19, Birna Valgarðsdóttir 12, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 10, Svava Ósk Stefándóttir 9 (7 frák.), Bára Bragadóttir 6, Lóa Dís Másdóttir 2, Halldóra Andrésdóttir 2.
**Stig Hauka:** Kristrún Sigurjónsdóttir 23 (7 frák öst), Slavica Dimovksa 21 (4 stolnir), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 8 (12 fráköst), Helena Hólm 5, María Lind Sigurðardóttir 2, Guðbjörg Sverrisdóttir 2, Telma Björk Fjalarsdóttir 2 .

Grindavík-KR 63-73 (33-31)

**Stig Grindavíkur:** Jovana Lilja Stefánsdóttir 16 (5 stoðs.), Ólöf Helga Pálsdóttir 12, Íris Sverris dóttir 10, Helga Rut Hallgrímsdóttir 8 (11 frák.), Ingibjörg Jakobsdóttir 8, Petrúnella Skúladóttir 5, Mary Sciat 2, Lilja Ósk Sigmarsdóttir 2.
**Stig KR:** Hildur Sigurðardóttir 21 (9 frák., 8 stoðs.), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 17 (7 frák.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9, Helga Einarsdóttir 7, Guðrún Arna Sigurðardótir 6, Kristín Björk Jónsdóttir 4, Brynhildur Jónsdóttir 4, Heiðrún Kristmundsdóttir 3, Dóra Björk Þrándardóttir 2.

Hamar-Snæfell 83-59 (47-36)

**Stig Hamars:** Lakiste Barkus 34, Julia Demirer 16 (10 frák.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 14, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 7, Dúfa Ásbjörnsdóttir 6, Hafrún Hálfdánardóttir 4, Salbjörg Sævarsdóttir 2.
**Stig Snæfells:** Debra Ashley 16 (15 frák.), Unnur Ásgeirsdóttir 15, Berglind Gunnarsdóttir 7, Sara Sædal Andrésdóttir 6, Gunnhildur Gunnarsdóttir 5, Sara Magnúsdóttir 4, María Björnsdóttir 4, Björg Einarsdóttir 2,

Fjölnir-Valur 46-72




**ÁTTA MÖRK** Elvar Friðriksson skorar hér eitt af átta mörkum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Haukar voru niðurlægðir

**Valsmenn sýndu allar sínar bestu hliðar og skelltu Íslandsmeisturunum í gær. Valsmenn eru enn taplausir í deildinni og með þriggja stiga forskot á toppnum.**

**HANDBOLTI** Valsmenn tóku Íslandsmeistara Hauka í kennslustund þegar liðin mættust á Vodafonevellinum að Hlíðarenda í gær, 35-23.

Valsmenn mættu mjög ákveðnir til leiks og skoruðu þrjú fyrstu mörk leiksins og sá Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, sér ekki fært annað en að taka leikhlé eftir aðeins þriggja mínútna leik.

„Stundum virkar að taka leikhlé og hrista upp í mönnum. Þetta er það verkfæri sem maður hefur þegar leikurinn er byrjaður en því miður gekk það ekki í þetta skipti. Þetta var ekki smá einbeitingarleysi heldur var vandamálið mjög djúpt og það hjá öllu liðinu. Við erum að vakna við vondan draum. Við verðum að sýna meiri stöðugleika,“ sagði Aron.

Valsmenn léku 4-2 vörn þar sem þeir gengu langt út í vinstri skyttu Hauka og miðjumanninn en hægri skyttan fékk meira pláss til að athafna sig sem virkaði fullkomlega þar sem sú staða er vandræðastaða hjá Haukum.

„Gunnar Berg var valinn mikilvægasti leikmaðurinn í fyrra og hefur reynst okkur erfiður þannig að við hugsum þetta ekki endilega þannig.

Þetta gekk upp í dag og það gekk erfiðlega hjá þeim að finna svör við þessu. Elvar var frábær í bakverðinum og Fúsi í miðjunni og svo var Baldvin frábær fremst í vörninni. H

ann er besti varnarmaðurinn í þessari stöðu á landinu og líklega þó víðar væri leitað,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, um varnarleikinn.

„Þetta var mjög skrítið. 21-8 í hálfleik. Maður hefði aldrei getað giskað á þetta. Við vorum frábærir. Ég held að Meistaradeildin hafi truflað þá. Þeir mæta sterku liði á sunnudaginn en það er engin afsökun.“

Allt gekk upp hjá Val í leiknum og ef liðið hefði ekki slakað á í lokin hefði sigurinn getað orðið enn stærri. Varnarleikur og markvarsla Vals var frábær og sóknarleikurinn gekk mjög vel.

Haukar voru aldrei tilbúnir í leikinn og virtust leikmenn liðsins vera með Meistaradeildarleikinn á sunnudaginn í huganum þegar þeir gengu inn á völlinn.

„Við vorum gjörsamlega vankaðir þegar við gengum inn á völlinn. Við hringsólum á vellinum eins og höfuðlaus her og á tímabili hélt ég að boltinn væri heitur og Valsararnir gengu auðvitað bara á lagið og keyrðu í bakið á okkur og refsuðu okkur grimmt.

Því miður náðum við ekki að rífa okkur út úr þessu og vorum teknir í kennslustund. Eins og þetta lítur út þá töpum við öllum leikjum á meðan við erum í Meistaradeildinni,“ sagði Aron.

**- gmi**

Okkar riðill í undankeppninni:

## Holland í mjög góðum málum

**FÓTBOLTI** Hollendingar eru komnir í lykilstöðu í riðli Íslands í undankeppni HM eftir 1-0 sigur á Norðmönnum í Ósló í gær.

Það var tengdasonur þjálfarans Bert van Marwijk, Mark van Bommel, sem skoraði sigurmarkið á 63. mínútu með viðstöðulausu skoti fyrir utan teig eftir hornspyrnu. Holland er nú með fimm stiga forskot á Skotland og Ísland sem eru í 2. sætinu en Norðmenn eru aftur á móti á botninum með aðeins tvö stig úr þremur leikjum.

„Ég bjóst við norskum stormi en það gerðist ekki. Norðmenn beittu bara löngum sendingum og treystu á föstu leikatriðin,“ sagði van Marwijk eftir leik.

„Við vorum ótrúlega óheppnir og áttum skilið betri úrslit. Við höldum áfram meðan það er von og nú stefnum við á umspilið,“ sagði Age Hareide, þjálfari norska liðsins.

**- óój**



**HETJUNNI FAGNAÐ** Wayne Rooney skoraði tvö mörk og var vel fagnað af félögum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Undankeppni HM:

## England enn á sigurbraut

**FÓTBOLTI** Gott gengi enska landsliðsins undir stjórn Ítalans Fabio Capello hélt áfram í gær er Englendingar lögðu Hvít-Rússa í Minsk, 1-3.

Steven Gerrard kom Englendingum yfir á 11. mínútu en Pavel Sitco jafnaði eftir um hálftíma leik. Wayne Rooney kláraði síðan leikinn fyrir Englendinga með tveimur mörkum í síðari hálfleik.

England er því búið að vinna alla fjóra leiki sína í riðlinum undir stjórn Capello.

**- hbg**

ÖNDVEGIS BÓKMENNTIR
á hálfvirði
ÍSLENSK KLASSÍK
ERLEND KLASSÍK
Fáðu sígilda íslenska og erlenda klassík senda heim sex sinnum á ári með 50% afslætti frá almennu kiljuverði.
Nýttu þér einstakt inngöngutilboð. Engar skuldbindingar.
tvær kiljur kr.695 við inngöngu í klúbbinn
Skráðu þig núna í Klassíska kiljuklúbbinn á www.forlagid.is eða hringdu í síma 575 5600.
ÞÚ SPARAR 3.265 KRÓNUR
*Að viðbættu sendingargjaldi.

Hægt er að velja úr öllum kiljum sem klúbburinn setur fram á heimasíðu sinni.
Klassíski kiljuklúbburinn
GULLKISTA BÓKAUNNENDA

Iceland Express kvenna hófst með heilli umferð í gær:

## Fyrsta tap Keflavíkur heima í 18 mánuði

**KÖRFUBOLTI** Iceland Express kvenna hófst í gær með heilli umferð og Haukar og Grindavík sóttu bæði góða útisigra á Suðurnesin. Hamar og Valur hófu einnig tímabilið á sigri.

Haukakonur komu mörgum á óvart með því að vinna fimm stiga sigur á Íslandsmeisturum Keflavíkur í Keflavík í gær en þetta var fyrsta tap Keflavíkur á heimavelli síðan 14. apríl 2007.

Keflavíkurliðið var búið að vinna 24 heimaleiki í röð fyrir leikinn í gær og hafði enn fremur ekki tapað í átján leikjum. Liðið hefur þegar unnið tvo titla á tímabilinu.

Leikurinn var æsispennandi en Haukar höfðu þó lengst af frumkvæðið. Kristrún Sigurjónsdóttir var mjög sterk með 23 stig fyrir Hauka og Slavica Dimovska skoraði 21 stig í sínum fyrsta deildarleik með liðinu. Pálína Gunnlaugsdóttir fór fyrir liði Keflavíkur og skoraði meðal annars átta fyrstu stig liðsins en það dugði ekki til.

KR-konur byrja tímabilið vel en þær unnu tíu stiga sigur í Grindavík í gær, 63-73, þar sem fyrirliðinn Hildur Sigurðardóttir gældi við þrefalda tvennu með 21 stigi, 9 fráköstum og 8 stoðsendingum. Sigrún Ámundadóttir átti einnig mjög góðan dag og þá sérstaklega í fyrri hálfleik þegar hún skoraði 12 af 17 stigum sínum.

Hamar vann góðan sigur á nýliðum Snæfells í Hveragerði, þar sem Lakiste Barkus skoraði 34 stig og þá unnu Valskonur öruggan sigur á Fjölni í Grafarvogi, 46-72.

**- óój**



**STIGAHÆST** Kristrún Sigurjónsdóttir fór fyrir sigri Hauka í Keflavík en hún var stigahæst með 23 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KRÓNAN
fyrst og fremst... ódýr!




| Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Lindir | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|



> **Jack McBrayer**

„Mér finnst það alltaf jafnskrítið þegar ég vinn með einhverjum sem er frægur, einhverjum sem ég hef margoft séð en þekki samt ekki neitt.“ McBrayer leikur Kenneth í þættinum 30 Rock sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGIST MEÐ DAGVAKTINNI OG SVÖRTUM ENGLUM

# *Sólveig og Pétur Jóhann standa upp úr*

Skiptar skoðanir eru á meðal samstarfsfélaga minna um það hversu góðir þættirnir Dagvaktin og Svartir englar eru í raun og veru. Flestir telja þeir að hvorugur þátturinn sé virkilega góður en sumir horfa þó áfram á meðan aðrir hafa gefist upp.

Sjálfur er ég nokkuð hrifinn af báðum þáttum þó svo að í báðum tilvikum finnist mér vanta töluvert upp á til að þeir geti talist frábær skemmtun.

Í Svörtum englum stendur Sólveig Arnardóttir sig best og ljóst að reynsla hennar úr þýskum sjónvarpsþáttum hefur komið henni að góðum notum. Steinn Ármann er einnig góður í sínu hlutverki en aðrir standa þeim töluvert að baki og stingur þar í augun stirðbusalegur leikurinn. Fær maður sterklega á tilfinninguna að sumir eigi erfitt með að greina á milli þess að leika í leikhúsi og í sjónvarpi. Sigurður Skúlason finnst mér dæmi um þetta, þó svo að einn vinnufélagi minn sé þar á öndverðum meiði og finnist hann sem klæðskerasniðinn í hlutverkið.

Dagvaktin fór vel af stað og voru fyrstu tveir þættirnir fínir en næstu tveir aðeins síðri. Uppáhaldspersónan mín er tvímælalaust hinn aumkunarverði Ólafur Ragnar, sem virðist eini heiðarlegi og eðlilegi maðurinn í þáttunum, eins langt og það nær. Georg Bjarnfreðarson og Gugga eru aftur á móti einum of ýktar persónur, þó svo að vel sé hægt að hlæja að þeim inn á milli.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** F1: Við Rásmarkið STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30** Help Me Help You STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** CSI. Miami SKJÁREINN



▶ **21.50** Prison Break STÖÐ 2



▶ **22.25** Sex hlekkir (Six Degrees) SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Krakkar á ferð og flugi** (e)

**17.50 Lísa** (12:13) (e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.25 Kallakaffi** (7:12) Íslensk gamanþáttaröð sem gerist á kaffihúsi sem Kalli og Magga, nýskilin hjón, reka. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Bræðrabylta** Íslensk stuttmynd frá árinu 2007. Höfundur og leikstjóri er Grímur Hákonarson og aðalhlutverk leika Björn Ingi Hilmarsson og Halldór Gylfason. (e)

**20.45 Hvað um Brian?** (What About Brian?) (24:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.

**21.30 Trúður** (Klovn IV) (9:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.25 Sex hlekkir** (Six Degrees) (13:13) Bandarísk þáttaröð. Þræðirnir í lífi sex New York-búa tvinnast saman þótt fólkið þekkist ekki neitt.

**23.10 Svartir englar** (4:6) Íslensk spennuþáttaröð byggð á sögum eftir Ævar Örn Jósepsson. (e)

**23.55 Kastljós** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The Ant Bully**

**10.00 Field of Dreams**

**12.00 Tenacious D: The Pick of Destiny**

**14.00 To Walk with Lions**

**16.00 The Ant Bully**

**18.00 Field of Dreams**

**20.00 Tenacious D: The Pick of Destiny**

**22.00 Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby**

**00.00 Small Time Obsession**

**02.00 Straight Into Darkness**

**04.00 Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby**

**06.00 I'ts a Boy Girl Thing**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Justice League Unlimited, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félaga.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (171:300)

**10.15 Grey's Anatomy** (16:36)

**11.15 The Moment of Truth** (2:25)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Forboðin fegurð** (53:114)

**13.45 Forboðin fegurð** (54:114)

**14.35 Ally McBeal** (16:23)

**15.25 Friends**

**16.00 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.23 A.T.O.M.**

**16.48 Litlu Tommi og Jenni**

**17.13 Bold and the Beautiful**

**17.38 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.48 Hlaupin**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (13:22)

**19.55 Friends** (14:25)

**20.20 The Celebrity Apprentice** (6:13)

**21.05 Las Vegas** (15:19) Enn fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæframenn og aðrar veikgeðja sálir.

▶**21.50 Prison Break** (3:22) Michael Scofield braust út úr fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.

**22.35 Licence to Kill**

**00.40 Fringe** (1:22)

**01.25 Stone Cold**

**02.50 Las Vegas** (15:19)

**03.35 Prison Break** (3:22)

**04.45 Friends**

**05.10 The Simpsons** (13:22)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 HM 2010 - Undankeppni** Útsending frá leik Noregs og Hollands.

**17.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**17.55 Inside the PGA**

**18.20 Undankeppni HM 2010** Útsending frá leik Brasilíu og Kólumbíu.

▶**20.00 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**20.40 Utan vallar með Vodafone** Spjallþáttur þar sem rætt er um íþróttir á mannlegum nótunum. Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti í myndver og ræða málin.

**21.30 Ultimate Fighter**

**22.25 NFL deildin**

**22.50 10 Bestu**

**00.20 Undankeppni HM 2010** Útsending frá leik Hvíta-Rússlands og Englendinga.

**02.00 Formúla 1 2008** Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Kína.

**06.00 Formúla 1 2008** Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Kína.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Bolton úr ensku.

**19.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

**19.55 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.25 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 2002. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**20.55 PL Classic Matches** Blackburn - Norwich, 1992.

**21.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.

**22.35 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**23.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**00.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og Arsenal.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Innlit / Útlit** (e)

**09.35 Vörutorg**

**10.35 Óstöðvandi tónlist**

**15.45 Vörutorg**

**16.45 Charmed** (e)

**17.35 Dr. Phil**

**18.20 Rachael Ray**

**19.05 What I Like About You** (e)

**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Family Guy** (13:20) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**20.30 30 Rock** (6:15) Bandarísk gamansería sem hlaut nýverið Emmy-verðlaunin annað árið í röð sem besta gamanserían. Jack fellur fyrir þingkonu og ástin blossar upp þrátt fyrir að þau séu ekki sammála um pólitík. Liz heldur að nýr nágranni sinn sé hryðjuverkamaður.

**21.00 House** (7:16) Kvikmyndagerðarmenn eru að gera heimildarmynd um ungling með afskræmt andlit sem er að fara í hættulega lýtaaðgerð. Þegar sjúklingurinn fær hjartaáfall skömmu fyrir aðgerðina er kallað á House til að komast að því hvað kom fyrir.

▶**21.50 CSI. Miami** (4:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Þegar þau rannsaka dularfullt dauðsfall háskólanema finna þau vísbendingar um að fyrrum félagi, sem þau töldu vera dauðann, sé enn á lífi.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 America's Next Top Model** (e)

**00.20 How to Look Good Naked** (e)

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**

**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


NÝ ÍSLENSK SKÁLDSAGA

Útgáfudagur 16. október 2008

— Fyrsta skáldsaga höfundar —

Allt sem gerst hefur, getur gerst
og allt sem getur gerst, gerist
– í tímans eilífu elfu.

VÁFUGL



VÖXTUR

Söguleg skáldsaga um framtíð þjóðar

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.35
### Licence To Kill



Öll fimmtudagskvöld í vetur mun Stöð 2 bjóða upp á mynd úr langlífasta og vinsælasta kvikmyndabálki sögunnar. Myndaröðin sígilda um njósnara hennar hátignar, James Bond. Talið er niður, það er byrjað á nýrri myndunum og þær síðan sýndar í réttri tímaröð allt til hinnar fyrstu. Að þessu sinni er komið að seinni myndinni af þeim tveimur sem skörtuðu hinum velska Timothy Dalton í hlutverki Bonds. Þóttu þær myndir öllu alvörugefnari en myndirnar með forvera hans, Rogers Moore. Dalton er enda virtur sviðsleikari og hafði það að markmiði að gera Bond virðulegri. Í Licence to Kill er Bond á óvenju persónulegum nótum þegar hann ákveður að hefna fyrir morð á félaga sínum en til þess er hann reiðubúinn að leggja feril sinn að veði og hætta á það að missa leyfið til að drepa.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Bræðrabylta
### Sjónvarpið KL. 20.20

Stuttmyndin Bræðrabylta eftir Grím Hákonarson var valin besta leikna stuttmyndin á Kvikmyndahátíðinni í Melbourne árið 2007. Sama ár hlaut hún einnig viðurkenninguna á Norrænu stuttmyndahátíðinni Nordisk Panorama. Myndin fjallar um tvo samkynhneigða glímumenn og ástarsamband þeirra en þeir halda sambandinu leyndu fyrir sveitungum sínum og hittast reglulega á glímuæfingum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Sveigur
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Frá draumi til draums
**23.13** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (38:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (39:260)
**17.00 Seinfeld** (2:24)
**17.30 Help Me Help You** (2:13)
**18.00 Punk'd** (12:16)
**18.30 Kenny vs. Spenny** (6:13)
**19.00 Hollyoaks** (38:260)
**19.30 Hollyoaks** (39:260)
**20.00 Seinfeld** (2:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
**20.30 Help Me Help You** (2:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúrú sem hjálpar veiku fólki við að takast á við raunveruleikann en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
**21.00 Punk'd** (12:16) Rokkhljómsveitin P.O.D kemur að slysstað þar sem olíubíll hefur farið á hliðina og valdið mengun. En vandræðin eru rétt að byrja hjá félögunum.
**21.30 Kenny vs. Spenny** (6:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa við hvor annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu greinum. Þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblíusölu og kossakeppni.
**22.00 Ghost Whisperer** (48:62)
**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, eru í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, ræðir um hagsmuni neytenda.
**21.30 Íslands safarí** Umsjónarmaður er Akeem Richard Oppong, formaður félags Íslands Panorama. Hann ræðir um fjölmenningu og fjölþjóðlegt samfélag.

## DR 1

**11.00** Aftenshowet med Vejret **11.30** Plan dk **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Hannah Montana **15.00** Drengene og pigerne fra Klassen **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Hvor er vi landet? **18.30** Aldrig mere fængsel **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** SOS **20.50** Sugar Rush **21.15** Eureka **22.00** Hul igennem **22.45** Naruto Uncut

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Fabrikken **13.30** Ace Lightning **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Verdensarven **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Uhu **16.30** Peo **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.50** TV-aksjonen Blå Kors. Det hemmelige landet **17.55** Dyrisk **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Rebus **20.40** Tracey Ullmans USA **21.05** Kveldsnytt **21.20** Urix **21.50** Min venn roboten **22.40** Spooks

## SVT 1

**11.55** Plus **12.25** Fråga doktorn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Kärleksagenterna **14.55** Bernard **15.00** Sagor från Zoo **15.10** Storasyster och lillebror **15.15** En unge till **15.20** Yoko! Jakamoko! Toto! **15.25** Lisas sagoshow **15.40** Evas superkoll **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Andra Avenyn **19.00** Höök **20.00** Debatt **20.45** Grosvold **21.30** Kulturnyheterna **21.45** Uppdrag Granskning **22.45** Toppform **23.15** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Svona þrjár sígó og kaffi. Því miður hef ég ekki náð að verða berjahristings-týpan.“*

Rapparinn Poetrix, Sævar Daníel Kolandavelu

# Ingvi Hrafn tekur Egil Helga í kennslustund

„Egill gerði sig að fífli. Og ef ég hefði verið yfirmaður hans hefði ég rassskellt hann,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson sjónvarpsstjóri á ÍNN. Hann er að tala um Egil Helgason og frægt viðtal hans í Silfri Egils við Jón Ásgeir Jóhannesson síðastliðinn sunnudag.

„Gallinn er sá að Egill er möst sí tíví – eða á íslensku: Silfur Egils er verð að sjá sjónvarp. Ég, eins og hálf þjóðin settist niður til að fylgjast með viðtalinu. En hann bara fríkar út og gerir sjálfan sig að fífli,“ heldur Ingvi Hrafn áfram.



**INGVI HRAFN** Trúði vart sínum eigin augum þegar hann sá Egil gera sig að algeru fífli í viðtali við Jón Ásgeir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann ætlar að kenna Agli hvernig á að gera þetta enda einhver reyndasti sjónvarps- og blaðamaður landsins. „Já, úr þessu verður bætt á Hrafnaþingi [þætti Ingva á ÍNN]. Jón Ásgeir hefur þekkst boðið mitt um að koma og verið er að athuga hvenær hægt er að finna tíma í það. Það verður tæpitungulaust en kurteist. Þannig fær maður fram upplýsingar. Ég er með 20 til 30 spurningar sem ég vil spyrja. Og hef á tilfinningunni að Jón Ásgeir vilji gjarnan svara. Það þýðir ekkert að hegða sér eins og fífl, verða brjálaður og öskra á viðmælanda sinn. Þetta er með ólíkindum.“

Ingvi Hrafn telur það varasamt þegar fréttamenn á borð við Egil telja sig vera orðnir talsmenn og sál þjóðarinnar. Og reiðast fyrir hönd hennar. „Hann er ríkisstarfsmaður og ber skylda til að spyrja og laða fram þær upplýsingar sem við ætlumst til að hann geri í þessum þætti. Ég trúði vart mínum eigin augum né eyrum.“

-jbg



**EGILL HELGASON** Er heppinn að Ingvi Hrafn er ekki yfirmaður hans því þá hefði hann sætt rassskellingum frá Ingva.



**LÁRÉTT 2.** ofstopi, **6.** guð, **8.** laus greinir, **9.** fornafn, **11.** mun, **12.** benda, **14.** safna saman, **16.** bardagi, **17.** fúadý, **18.** mælieining, **20.** þys, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT 1.** gryfja, **3.** íþróttafélag, **4.** eyja, **5.** svelg, **7.** heilmikill, **10.** fugl, **13.** kóf, **15.** gegna, **16.** angra, **19.** 950.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ofsi, **6.** ra, **8.** hið, **9.** öll, **11.** ku, **12.** flóki, **14.** smala, **16.** at, **17.** fen, **18.** mól, **20.** ys, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT: 1.** gröf, **3.** fh, **4.** sikiley, **5.** iðu, **7.** allstór, **10.** lóm, **13.** kaf, **15.** ansa, **16.** ama, **19.** lm.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ásgeir Sigurvinsson.
2. 400 milljónir evra.
3. Peter Sodann.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010
IMAGE
KMS
www.fudge.com

JÓN ÓLAFSSON: FERÐALAGIÐ AÐ KJARNA SJÁLFSINS ROKSELST Á ÍSLANDI

# Andlegur leiðtogi Jóns Ólafs til bjargar þjóðinni

„Þetta er náttúrlega stórkostlegt og gaman að fá loks góðar fréttir á þessum síðustu og verstu,“ segir Jón Ólafsson, vatnsframleiðandi með meiru. Bók andlega leiðsögumannsins hans, Maxine Goudio, er vinsælasta bókin á Íslandi í dag og skrifar Jón sjálfur formálann um hvernig Maxine hafi verið andlegur leiðsögumaður hans undanfarin tvö ár.

Penninn birti í gær vikulegan metsölulista og er óhætt að segja að einkenni kreppu geri þar vart við sig. Í fyrsta sæti er áðurnefnd bók Goudios, Ferðalagið að kjarna sjálfsins. Í öðru sæti er síðan Glerkastalinn, bandarísk metsölubók sem fjallar um harðneskjulegt og oft á tíðum ómannúðlegt líf fátæklinga í Bandaríkjunum. Þar snæða meðal annars fátæklingarnir popp í kvöldmat. Miðað við umfjallanir erlendra fjölmiðla um efnahagsástandið á Íslandi er stutt í að Orville verði á matseðli Íslendinga. Meðal annarra bóka á topp tíu-lista Eymundssonar er Hafskip í skotlínu. Þar er Björgólfur Guðmundsson, fyrrum eigandi Landsbankans, í aðalhlutverki.

Jón var staddur í Boston þegar Fréttablaðið náði tali af honum til að bera honum tíðindin af Maxine. Þar situr hann ráðstefnu hjá viðskiptadeild Harvard-skólans og hafði meðal annars hlýtt á fyrirlestur Bill Gates, forstjóra Microsoft. Að sögn Jóns hafði verið búist við hundrað Íslendingum á þessa ráðstefnu en hann vissi ekki betur en að hann væri eini Íslendingurinn sem hefði komist. Kannski ekki nema von miðað við dollaraverðið að undanförnu.

Þessar miklu vinsældir bókarinnar hér á landi sýna að íslenska þjóðin virðist sannfærð um að Goudio, bjargvættur Jóns, sé rétta manneskjan til að leiða okkur yfir erfiðasta hjallann í þessum efnahagsþrengingum. Jón er líka sannfærður um að bók Maxine eigi mikið erindi við Íslendinga um þessar mundir og hún sé hreinlega einmitt það sem þjóðin þurfi nú á þessum erfiðu tímum. „Hennar kenningar ganga út á það að horfa inn á við og spyrja okkur af hverju við erum, af hverju við séum eins og við erum og hvert við séum að fara,“ útskýrir Jón og bætir því jafnframt við að Maxine kenni fólki að treysta almættinu betur.

Athafnamaðurinn komst í kynni við Maxine þar sem þau biðu bæði eftir flugi á Keflavíkurflugvelli. „Og það merkilega var að það var bara eins og við þekktumst og hefðum aldrei gert neitt annað,“ segir Jón. Samkvæmt upplýsingum frá Sölku, forlaginu sem gefur bókina út, er nú unnið að því að halda samkomu með Maxine á Hótel Borg þar sem hún mun gefa nasasjón af boðskap sínum.



**ANDLEGIR FÉLAGAR** Jón og Maxine Goudie eru andlegir félagar en nýjasta bók Goudie, Ferðalag að kjarna sjálfsins, er mest selda bókin á Íslandi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Þráinn Bertelsson** rithöfundur skipti nýverið um forlag, yfirgaf JPV og gekk til liðs við forlagið Sögu, sem nú er að senda frá sér næsta verk Þráins í prentsmiðju. Þar er um að ræða framhald af bókinni „Einhvers konar ég“ og ber hið hæverskugrobblega heiti „Ég ef mig skyldi kalla“ með undirtitlinum „Seinþroskasaga“. Þetta þýðir að Þráinn verður ekki með í krimmakeppninni en þar eru margir helstu krimmahöfundar í startholunum. Kápuna hannar **Árni Torfason** ljósmyndari en þar getur að líta portrett af Þráni sem **Hulda Vilhjálmsdóttir** málar.



Þeir eru ekki margir sem leggja fyrir sig útrás í dag en til eru undantekningar. Snillingarnir í hljómsveitinni Hunang, í fararbroddi þeir **Karl Örvarsson** og **Jakob Jónsson**, flugu í gær til Grænlands þar sem þeir ætla að vera fram á laugardag og halda meðal annars tónleika í snjóhúsi.



Leikmenn íslenska landsliðssins í knattspyrnu skelltu sér á Reykjavík Rotterdam á dögunum í undirbúningi sínum fyrir leikinn gegn Makedóníu í gærkvöldi. Meðal þeirra sem sáu þessa vinsælu mynd **Óskars Jónassonar** voru **Grétar Rafn Steinsson** leikmaður Bolton og **Davíð Þór Viðarsson**, fyrirliði íslandsmeistara FH. Var ekki annað að sjá en þeim fyndist myndin góð þegar þeir gengu skælbrosandi út.

-jbg, drg



Hótel- og veitingafólk!
Rýmingarsala á lagervörum



Kokkajakkar, rúmföt, borðbúnaður, dúkar, munnþurrkur og margt fleira
Húsaco heildverslun - Akralind 4 - 201 Kópavogi
sími 5442290 - www.husaco.is
Opið virka daga frá kl: 10 - 17
Húsaco

# Bankarnir í lið með Airwaves

Skipuleggjendur Iceland Airwaves-hátíðarinnar hafa fengið Landsbankann og Seðlabanka Íslands til liðs við sig til að koma greiðslum áleiðis til þeirra erlendu hljómsveita sem koma fram á hátíðinni.

„Það eru engar greiðslur að berast frá Íslandi, þannig er staðan í viðskiptalífinu ídag. Við höfum ekki getað sent þær greiðslur sem við hefðum eðilega verið búnir að gera í síðustu viku. Landsbankinn og Seðlabankinn eru að vinna í þessu með okkur, að koma þessum peningum í réttar hendur,“ segir Þorsteinn Stephensen hjá Hr. Örlygi, sem stendur að hátíðinni. Hann játar að orðspor Íslendinga og Iceland Airwaves sé í húfi hvað þetta varðar. „Þetta er auðvitað mikið atriði fyrir Ísland. Það eru fleiri hundruð blaðamenn á landinu og það skiptir miklu máli að það sé unnið í þessu með okkur og að við náum að ganga frá þessu. Við erum með peningana klára, það þarf bara að koma þeim í réttar hendur,“ segir hann.



**ÞORSTEINN STEPHENSEN** Skipuleggjandi Iceland Airwaves segist reyna hvað hann geti til að millifæra pening til erlendra hljómsveita.

Þorsteinn viðurkennir að erlendar hljómsveitir hafi haft áhyggjur af því að fá ekki borgað en engin þeirra hafi þó afboðað komu sína, ekki frekar en erlendir tónleikagestir.

Spurður hvort Airwaves verði haldin aftur að ári með sama sniði við óbreytt efnahagsástand, segist Þorsteinn ekki vilja hafa áhyggjur af því strax. „Við skulum bara fókusera á það að hátíðin er að byrja og það eru allir í góðu stuði. Ég held að landið geti ekki verið í verri stöðu eftir ár heldur en það er í núna. Ef við komumst í gegnum þetta komumst við í gegnum allt.“ -fb



**CSS** Brasilíska hljómsveitin CSS er ein fjölmargra erlendra sveita sem koma fram á Airwaves í ár.

# **Orkan** er **ódýrari.**

Aftur og aftur og aftur og aftur og enn aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og enn aftur og aftur og aftur og enn aftur og aftur…

Verðkannanir DV á tímabilinu 17. júní - 15. október sýna svo ekki verður um villst hvar eldsneytið er ódýrara. Þetta er enn og aftur staðfest í Morgunblaðinu 29. september.

Taktu svolítið bleikari afstöðu – **spáðu í hvað þú sparar!**

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 170,40 BENSÍN | 186,80 DÍSEL |
| 168,70 BENSÍN | 185,20 DÍSEL |
| 168,90 BENSÍN | 185,20 DÍSEL |
| 166,60 BENSÍN | 183,10 DÍSEL |
| 168,70 BENSÍN | 185,20 DÍSEL |
| 168,70 BENSÍN | 185,20 DÍSEL |
| 168,90 BENSÍN | 185,30 DÍSEL |

DV 17/6 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 170,40 BENSÍN | 186,80 DÍSEL |
| 168,70 BENSÍN | 185,20 DÍSEL |
| 173,40 BENSÍN | 189,80 DÍSEL |
| 168,60 BENSÍN | 185,10 DÍSEL |
| 168,70 BENSÍN | 185,10 DÍSEL |
| 168,70 BENSÍN | 185,20 DÍSEL |
| 173,40 BENSÍN | 189,80 DÍSEL |

DV 19/6 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 176,40 BENSÍN | 192,80 DÍSEL |
| 174,70 BENSÍN | 191,20 DÍSEL |
| 176,40 BENSÍN | 192,80 DÍSEL |
| 174,60 BENSÍN | 191,10 DÍSEL |
| 174,70 BENSÍN | 191,20 DÍSEL |
| 174,80 BENSÍN | 191,20 DÍSEL |
| 176,40 BENSÍN | 192,80 DÍSEL |

dv 25/6 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 177,40 BENSÍN | 193,80 DÍSEL |
| 175,70 BENSÍN | 192,20 DÍSEL |
| 177,40 BENSÍN | 193,80 DÍSEL |
| 175,60 BENSÍN | 192,10 DÍSEL |
| 175,70 BENSÍN | 192,20 DÍSEL |
| 175,70 BENSÍN | 192,20 DÍSEL |
| 175,90 BENSÍN | 192,30 DÍSEL |

DV 2/7 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 174,90 BENSÍN | 192,30 DÍSEL |
| 173,20 BENSÍN | 190,70 DÍSEL |
| 174,90 BENSÍN | 192,30 DÍSEL |
| 173,10 BENSÍN | 190,60 DÍSEL |
| 173,20 BENSÍN | 190,70 DÍSEL |
| 173,10 BENSÍN | 190,60 DÍSEL |
| 174,80 BENSÍN | 192,80 DÍSEL |

DV 14/7 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 173,70 BENSÍN | 191,60 DÍSEL |
| 168,90 BENSÍN | 186,50 DÍSEL |
| 173,70 BENSÍN | 191,60 DÍSEL |
| 168,80 BENSÍN | 186,40 DÍSEL |
| 172,20 BENSÍN | 190,10 DÍSEL |
| 172,20 BENSÍN | 190,10 DÍSEL |
| 175,60 BENSÍN | 193,60 DÍSEL |

DV 21/7 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 169,70 BENSÍN | 187,60 DÍSEL |
| 168,20 BENSÍN | 186,10 DÍSEL |
| 168,20 BENSÍN | 186,00 DÍSEL |
| 168,10 BENSÍN | 186,00 DÍSEL |
| 168,20 BENSÍN | 186,10 DÍSEL |
| 168,20 BENSÍN | 186,10 DÍSEL |
| 168,20 BENSÍN | 186,10 DÍSEL |

DV 6/8 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 166,70 BENSÍN | 183,60 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 182,00 DÍSEL |
| 166,70 BENSÍN | 183,60 DÍSEL |
| 165,00 BENSÍN | 181,80 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 181,90 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 182,00 DÍSEL |
| 165,20 BENSÍN | 182,10 DÍSEL |

DV 12/8 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 166,70 BENSÍN | 183,60 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 181,90 DÍSEL |
| 165,20 BENSÍN | 182,00 DÍSEL |
| 163,10 BENSÍN | 179,40 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 181,90 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 182,00 DÍSEL |
| 166,70 BENSÍN | 183,60 DÍSEL |

DV 20/8 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 164,20 BENSÍN | 180,10 DÍSEL |
| 164,10 BENSÍN | 179,90 DÍSEL |
| 165,70 BENSÍN | 181,60 DÍSEL |
| 162 BENSÍN | 177,80 DÍSEL |
| 164,10 BENSÍN | 179,90 DÍSEL |
| 164,10 BENSÍN | 179,90 DÍSEL |
| 164,20 BENSÍN | 180,10 DÍSEL |

DV 1/9 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 165,70 BENSÍN | 181,60 DÍSEL |
| 164,10 BENSÍN | 179,90 DÍSEL |
| 165,70 BENSÍN | 181,60 DÍSEL |
| 162,00 BENSÍN | 177,80 DÍSEL |
| 164,10 BENSÍN | 179,90 DÍSEL |
| 164,10 BENSÍN | 179,90 DÍSEL |
| 164,20 BENSÍN | 180,10 DÍSEL |

DV 2/9 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 165,70 BENSÍN | 181,60 DÍSEL |
| 164,10 BENSÍN | 179,90 DÍSEL |
| 165,20 BENSÍN | 181,10 DÍSEL |
| 162,00 BENSÍN | 177,80 DÍSEL |
| 162,10 BENSÍN | 177,90 DÍSEL |
| 164,10 BENSÍN | 179,90 DÍSEL |
| 164,20 BENSÍN | 180,10 DÍSEL |

DV 16/9 2008

## Auratal



Svona rétt til þess að gleðja landann hækkuðu olíufélögin eldsneytisverð umtalsvert í síðustu viku. Algengt verð á bensínlítranum er 169,70 krónur og 186,60 krónur lítrinn af dísil.

Fyrir þá sem hugsa um aurinn er um að gera að skipta við Orkuna en þar er ódýrasta eldsneytið að finna, eftir því sem blaðamaður kemst næst. Kostar lítrinn af bensíni 166 krónur í Grafarvogi, Hafnarfirði, Akureyri og Selfossi en heldur meira á öðrum stöðum hjá félaginu.

Lítrinn af dísilolíu er á 183 krónur á sömu stöðum hjá Orkunni. Fyrir þá sem vilja fylgjast með hvar hagstæðast er að kaupa eldsneyti á hverjum tíma er bent á vefsíðuna www.gsmbensin.is. *gunn@mbl.is*

MBL 29/9 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 166,70 BENSÍN | 186,60 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 184,90 DÍSEL |
| 166,70 BENSÍN | 186,60 DÍSEL |
| 163,00 BENSÍN | 182,80 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 184,90 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 185,00 DÍSEL |
| 165,20 BENSÍN | 185,10 DÍSEL |

DV 13/10 2008

ELDSNEYTI

| | |
|---|---|
| 166,70 BENSÍN | 186,60 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 184,90 DÍSEL |
| 165,20 BENSÍN | 186,60 DÍSEL |
| 163,00 BENSÍN | 182,80 DÍSEL |
| 163,50 BENSÍN | 183,40 DÍSEL |
| 165,10 BENSÍN | 185,00 DÍSEL |
| 165,20 BENSÍN | 185,10 DÍSEL |

DV 15/10 2008

DYNAMO REYKJAVIK

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## Traust

Við skulum ekki leita að sökudólgum, sögðu sökudólgarnir. Næst sögðu þeir: Nú verða allir að standa saman og þið verðið að treysta okkur. Við reddum þessu. Ég og Lufsan höfum ólíkar skoðanir á þessu. Henni finnst eðlilegast að þeir sem rústuðu herbergið taki til eftir sig. Mér finnst eðlilegast að einhver annar en sá sem keyrði bílinn fullur út í skurð bakki honum upp. En ég veit svo sem ekki hver það ætti að vera. Við búum við fámenni og kannski er skásta fólkið í djobbinu. Það verður að minnsta kosti ekki hægt að skipta um fyrr en í næstu kosningum.

**ÞEIR** fara fram á traust. Gott og vel. Við getum treyst ykkur, en ekki skilyrðislaust. Mér detta í fljótu bragði í hug fimm skilyrði sem ég bendi á til þess að ykkur sé betur treystandi. 1. Burt með þá allra vanhæfustu. Strax. Ég nefni engin nöfn enda þarf þess ekki. Nöfnin blasa við öllum. 2. Burt með svínslega óréttlát lífeyrisréttindi ykkar. Þið tókuð allir þátt í að veiða þá hörmung upp úr kjötkötlunum. Burt með þau strax. 3. Gerið fjármál stjórnmálaflokkanna gegnsæ. Hver hefur dælt peningum í ykkur síðastliðin tíu ár? Svarið því strax. 4. Burt með tilgangslausu og rándýru aðstoðarmennina sem þið komuð ykkur upp. 5. Lækkið kaupið ykkar um 30-40 prósent. Takið á ykkur skerðingu eins og við hin.

**VIÐ** bíðum eftir viðbrögðum ykkar. Og þótt við höfum nægan tíma þá nennum við ekki að bíða endalaust. Atvinnulaus, blönk, sorgmædd og hrædd þætti okkur vænt um að þið bæruð nú einu sinni ábyrgð á gjörðum ykkar í staðinn fyrir að byrja enn og aftur á gamla þrasinu. Innantómt málskrúð og lygar koma ykkur ekki út úr þessari klípu. Ekki halda að við höfum gleymt þessu næst þegar þið þurfið á atkvæðum okkar að halda.

**Á MEÐAN** þið takið ykkur saman í andlitinu og gerið það rétta í stöðunni skal ég segja ykkur hvaða fólki ég treysti best. Það er fólkið sem tekur á móti börnunum mínum á morgnana, leikskólakennurunum. Eru þeir með aðstoðarmenn og á sérlífeyrisdíl? Nei! Þetta fólk, og aðrir í ummönunargeiranum, er hins vegar það fólk sem ætti með réttu að njóta þessara sérkjara. Ekki þið.

**Í LOKIN** bæti ég við einu skilyrði enn, kannski því mikilvægasta: 6. Þið ættuð að skammast ykkar.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 16. október, 289. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.22 | 13.13 | 18.03 |
| Akureyri | 18.12 | 12.58 | 17.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


